skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Popp

NÝR HAGKAUPSPÉSI
fylgir með fréttablaðinu
í dag!



FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
FÖSTUDAGUR

30. apríl 2010 — 100. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## Umdeildur poppari

*Yfirvöld fylgjast með tónleikum Júlí Heiðars vegna grófra texta hans.*

fólk 46

## Fagna fjölbreytileikanum

*Unglingafélagið Adrenalín gegn rasisma er tíu ára.*

tímamót 28

## Snæfell Íslandsmeistari

*Snæfell varð Íslandsmeistari í körfubolta í fyrsta skipti í gær. Snæfell vann einnig bikarkeppnina.*

íþróttir 42

## veðrið í dag

**LÍTILS HÁTTAR SKÚRIR** um landið sunnanvert fram eftir degi en annars nokkuð bjart. Vindur verður hægur og hitinn víða á bilinu 1-8 stig, mildast suðvestan til.

veður 4

TENGI
IFÖ INNRÉTTING
Tilboðsverð 29.900.-
EINFALDAR Í UPPSETNINGU - KOMA SAMSETTAR!
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

# Bólusetja á við eyrnabólgu

**Hefja á bólusetningu ungbarna gegn pneumókokkasýkingum á næsta ári. Sýkingar leggjast þungt á eldra fólk og börn. Árlega deyja um sex manns af þessum völdum. Bólusetningin kostar um 120 milljónir árlega.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Draga mun verulega úr slæmri eyrnabólga barna, lungnabólgu, blóðsýkingu og heilahimnubólgu af völdu pneumókokkabaktería þegar bólusetning í ungbörnum gegn bakteríunum hefst. Stefnt er á að það verði gert á næsta ári.

Sjúkdómar af völdum bakteríanna leggjast aðallega þungt á börn og eldra fólk, að sögn Ásgeirs Haraldssonar yfirlæknis á barnaspítala Hringsins. Hann segir að gera megi ráð fyrir að það dragi úr sjúkdómum í öðrum aldurshópum um leið og farið verður að bólusetja ungbörnin. Börn séu aðalsmitberar sjúkdóma. Árlega deyja um sex manns af völdum sýkinganna, um fimm úr hópi eldra fólks.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið að verið sé að leita leiða til að leggja fjármagn til bólusetninganna á næsta ári. Áætlað er að bólusetningin kosti á bilinu 120 til 140 milljónir króna árlega en ráðherra gerir ráð fyrir að verja 100 milljónum til þeirra á næsta ári enda hefjist bólusetning líklega ekki 1. janúar.

„Ávinningurinn af bólusetningunni er hins vegar margfaldur. Fyrir utan að færri veikjast verður minna álag á heilbrigðiskerfið og minna vinnutap svo dæmi séu tekin," segir ráðherra.

Að því er fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu um bólusetninguna eru eyrnabólgur og vandamál þeim tengd eitt algengasta heilsuvandamál barna á Íslandi. Þar kemur einnig fram að talið er að allt að 95 prósent barna fái eyrnabólgu að minnsta kosti einu sinni fyrir sex ára aldur. Bent er á að eyrnabólga sé algengasta orsök sýklalyfjaávísana hér á landi og skýrir yfir helming allrar sýklalyfjanotkunar barna. Hin mikla notkun sýklalyfja hjá börnum eigi einna stærstan þátt í sýklalyfjaónæmi á Íslandi sem sé mikið hér miðað við nágrannalöndin.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um bólusetninguna, bendir á að reynsla nágrannalandanna sem mörg hafi hafið þessa bólusetningu sé mjög góð. Siv er bjartsýn á að þingið samþykki tillöguna sem vísað var til heilbrigðisnefndar eftir fyrstu umræðu á þriðjudag. Hún segir einkar ánægjulegt hve ráðherra hafi tekið vel í tillöguna.

sigridur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

**GLÆSILEGT ÍSLANDSMET** Stuðningsmenn Lindaskóla voru himinlifandi með fulltrúa sinn, hinn þrettán ára Valgarð Reinhardsson, þegar hann sló Íslandsmet í dýfum í úrslitum Skólahreysti. Valgarð dýfði sér hvorki meira né minna en 81 sinni.

Lið Lindaskóla í Kópavogi lenti í þriðja sinn á verðlaunapalli í Skólahreysti:

## Lindaskóli vann Skólahreysti

**ÍÞRÓTTIR** Lindaskóli í Kópavogi sigraði í Skólahreysti, hreystikeppni grunnskólanna, í Laugardalshöll gærkvöldi þar sem tólf skólar kepptu til úrslita. Í öðru sæti hafnaði Heiðarskóli í Keflavík og Lágafellsskóli í Mosfellsbæ hreppti þriðja sætið.

Þetta var í þriðja sinn sem Lindaskóli lendir á verðlaunapalli í Skólahreysti. Skólinn sigraði árið 2007 og varð annar árið eftir. Alls hafa Lindskælingar í fimmgang náð í úrslit í keppninnar, sem hefur verið haldin frá árinu 2005.

Sigurlið Lindaskóla var skipað Agnesi Þóru Sigþórsdóttur, Karli Kristjánssyni, Konný Láru Birgisdóttur og Valgarð Reinhardssyni. - sh

Kosningabaráttan í Bretlandi:

## Cameron talinn bestur í gær

**BRETLAND Fyrstu skoðanakannanir eftir þriðju lotu sjónvarpskappræðna bresku flokksleiðtoganna í gærkvöldi benda til þess að David Cameron, leiðtogi íhaldsmanna, sé talinn hafa staðið sig best.**

DAVID CAMERON

**Nick Clegg, leiðtogi frjálslyndra demókrata, komst ágætlega frá þessari síðustu lotu kappræðnanna en Gordon Brown, leiðtogi Verkamannaflokksins og forsætisráðherra, virðist hafa beðið afhroð.**

**Á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC sagði Mike Sergeant fréttaskýrandi að leiðtogar flokkanna hefðu þó allir fremur virst vilja hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum síðustu kappræðum fyrir kosningar.** - shá

PIZZA HORNIÐ
Stór pizza með 2 áleggjum á 1.390 kr. sótt og aðeins 2.000 kr. sent
Skoðið tilboðin á www.pizzahornid.is
Hringdu núna í síma 57-12345

**SPURNING DAGSINS**



*Karl, kyngirðu ekki bara þessu gosi eins og að drekka vatn?*

„Jú, og fer létt með enda eru þetta einu vökvarnir sem ég drekk fyrir utan kaffi. Tala nú ekki um ef ég fæ hraun með.“

Karl Rafnsson er hótelstjóri á Hótel Kirkjubæjarklaustri sem þurft hefur að þola afbókanir ferðamanna vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Þrír fyrir dómi vegna frelsissviptingar, líkamsárásar og tilraunar til fjárkúgunar:

# Notuðu garðklippur á fingur

**DÓMSTÓLAR** Þrír menn eru nú fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sakaðir um að hafa svipt mann frelsi sínu og klippt hann í fingurinn með garðklippum í því skyni að kúga af honum hálfa milljón króna.

Mönnunum er gefið að sök að hafa í mars á síðasta ári leitt manninn nauðugan að bifreið og ýtt honum í farangursrými hennar. Tveir mannanna hafi slegið fórnarlambið ítrekað í andlit með krepptum hnefa. Í Öskjuhlíð veittust þremenningarnir að honum í sameiningu með höggum og spörkum í andlit og líkama, auk þess sem einn þeirra sló manninn með steini í hægri öxl, sparkaði í hnakka hans og annar árásarmannanna klippti með garðklippum í litla fingur vinstri handar hans. Í kjölfarið hótuðu þeir manninum frekari líkamsmeiðingum ef hann útvegaði ekki hálfa milljón króna innan tiltekins frests. Enn fremur létu þeir hann hringja í systur sína og hótuðu henni því að beita fórnarlambið frekara ofbeldi ef hún ekki greiddi þeim hálfa milljón króna. Því næst færðu þeir manninn í farangursrými bifreiðarinnar og óku með hann að slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi þar sem þeir skildu hann eftir. Hann reyndist vera með umtalsverða áverka. - jss



**GARÐKLIPPUR** Voru notaðar til að reyna að kúga fé út úr manni.

Göngudeildin fær annað líf:

## Akureyrarbær aðstoðar SÁÁ

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Akureyrar samþykkti á fundi í gær að leggja göngudeild SÁÁ til 8,3 milljónir króna í ár og á næsta ári. Er þetta gert með því fororði að rekstur göngudeildarinnar verði haldið áfram með sambærilegum hætti og á undanförnum árum.

Í bókun segir að þrátt fyrir fjárframlagið telji ráðið að rekstur SÁÁ eigi skilyrðislaust að vera fjármagnaður af fjárlögum ríkisins, en í ljósi aðstæðna er samþykkt að leggja deildinni til 3,3 milljónir í ár og fimm milljónir árið 2011. - shá

**JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG** Jón Ásgeir þarf að borga lánin til baka á einu bretti árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Jón Ásgeir yfirveðsetur eignir:

## Fékk lánaðar 440 milljónir

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson fékk tvö kúlulán til tíu ára fyrir samtals 440 milljónir í síðasta mánuði. Lánveitandinn er ókunnur. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Að veði fyrir lánunum liggja tvær fasteignir í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, konu Jóns Ásgeirs, við sömu götu í miðbæ Reykjavíkur. Húsin eru nú bæði yfirveðsett.

Ingibjörg Pálmadóttir hafði samband við Stöð 2 eftir að fréttin var flutt í gær og kom því á framfæri að lánin væru vegna skuldauppgjörs þeirra við Landsbankann og væru einkamál. - sh

Innrásin á Alþingi:

## Rúm 300 vilja láta ákæra sig

**DÓMSMÁL Rúmlega þrjú hundruð manns hafa ritað undir yfirlýsingu þar sem þess er krafist að dregnar verði til baka ákærur á hendur nímenningunum sem nú eru fyrir dómi fyrir að ryðjast inn í alþingishúsið í búsáhaldabyltingunni í desember 2008. Ella krefjast þeir sem undir yfirlýsinguna rita að þeir verði einnig ákærðir þar sem þeir hafi tekið þátt í að ráðast á Alþingi.**

**„Þann 1. febrúar 2009 sprakk þingmeirihluti og ríkisstjórn féll. Árásir okkar gegndu þar lykilhlutverki,“ segir í yfirlýsingunni, sem stíluð er á íslenska ríkið. - jss**

# Sýning ása í þrot og Eden mun opna á ný

**Dulheimar ehf. hafa hætt rekstri á ásatrúarsýningunni Iðavöllum og veitinga- og minjagripasölu í húsnæði Eden í Hveragerði. Sparisjóður Suðurlands á húsið og er að semja við nýja aðila sem hyggjast taka upp rekstur Eden í fyrri mynd.**

**MENNING** Rekstur ásatrúarsýningar í húsnæði Eden í Hveragerði er kominn í þrot og starfseminni var hætt fyrir nokkru.

Sparisjóður Suðurlands tók Eden-byggingarnar upp í skuldir í júlí 2008. Frá því í fyrra hafa Dulheimar ehf. rekið þar sýningu um ásatrú, goðheima og forna heimsmynd germanskra manna. Félagið hafði í janúar 2008 fengið vilyrði bæjaryfirvalda fyrir lóð undir Hamrinum í Hveragerði fyrir um fjögur þúsund fermetra byggingu undir skemmti- og fræðslugarð um ásatrúna. Opna átti nýja setrið vorið 2010 undir nafninu Auga Óðins. Áætlanir um uppbygginguna voru stórar. Meðal annars áttu tugir Hvergerðinga að fá atvinnu í setrinu.

Úr varð að Auga Óðins fór í smækkaðri mynd inn í Eden í júlí í fyrra undir nafninu Iðavellir. Sett var upp sýning í gróðurhúsahlutanum og minjagripa- og veitingasala var í fremri hlutanum eins og verið hafði.

„Þetta er skemmtileg hugmynd og spennandi ábót á mannlífið hér,“ sagði Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, við Fréttablaðið þegar áformin um að opna í Eden voru ljós. „Að sjálfsögðu verða allar hugmyndir kristinna manna um upphaf tilverunnar afmáðar svo Eden-nafnið verður að sjálfsögðu að víkja,“ sagði Guðbrandur Gíslason hjá Dulheimum.

Pétur Hjaltason, sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Suðurlands, segir að nú standi yfir viðræður við væntanlegan nýjan leigutaka. Vonast sé til að aftur verði hægt að hefja rekstur í húsinu seinni partinn í maí.

**Á IÐAVÖLLUM** Sýning byggð á germanskri heimsmynd og ásatrú var opnuð í júlí í fyrra og nafni Eden breytt í Iðavelli. Útlit er fyrir að Eden-nafnið verði tekið upp aftur.

„Það eru aðilar að taka þetta á leigu sem ætla sér að vera þarna með rekstur sem verður ekki ósvipaður því sem Eden var áður,“ segir Pétur. „En það er ekki í hendi fyrr en það er í hendi,“ ítrekar hann.

Eins og áður segir eignaðist Sparisjóður Suðurlands Eden í júlí 2008 vegna skulda fyrri eiganda. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins áttu Dulheimar að greiða yfir 1,6 milljónir króna á mánuði í leigu fyrir húsið og reyndist það félaginu of stór biti.

„Það er allt skellur,“ svarar Pétur sparisjóðsstjóri aðspurður hvort viðskiptin með byggingarnar hafi reynst mikill skellur fyrir sparisjóðinn. Guðbrandur Gíslason hjá Dulheimum vildi í gær ekki tjá sig um afdrif Iðavalla og hugsanlegt framhald starfseminnar.

gar@frettabladid.is

**KEYPT Í MATINN** Ekki standa allir jafnfætis þegar kemur að lífeyrisgreiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðskiptarráð á móti LSR:

## Segja misrétti í lífeyriskerfinu

**LÍFEYRISMÁL** Viðskiptaráð Íslands telur grófa mismunun viðgangast í lífeyrissjóðakerfinu.

Ráðið gagnrýnir hart að á sama tíma og starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum taka á sig skerðingu lífeyrisréttinda í stórum stíl séu kjör starfsmanna ríkisins innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríksins (LSR) tryggð. Sérstaklega stingi þetta í augun þar sem LSR hafi verið á meðal þeirra lífeyrissjóða sem skiluðu verstri ávöxtun árið 2008. Ríkið bætir upp tap sjóðsins.

Viðskiptaráð telur ljóst að óbreytt lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sé ósjálfbært og feli í sér miklar skattahækkanir til framtíðar. Réttindi sjóðfélaga LSR eru bundin í lög og því óháð ávöxtun og eignum sjóðsins. - shá

Tvíburabróðirinn ekki vinsæll:

## Kaczynski spáð ósigri í Póllandi

**VARSJÁ, AP Sitjandi Póllandsforseti myndi sigra örugglega í forsetakosningum gegn Jaroslaw Kaczynski, tvíburabróður fyrrum forseta sem fórst í flugslysi í Rússlandi fyrr í mánuðinum. Þetta er niðurstaða þarlendrar skoðanakönnunar.**

**Bronislaw Komorowski, forseti þingsins tók við embættinu eftir slysið.**

**Fyrirhugað er að halda kosningarnar 20. júní. - sh**

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klíniskra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Ítalskir jarðfræðingar spá í væntanleg eldgos:

# Hafa helst áhyggjur af Ischiu

**ÍTALÍA, AP** Næsta eldgos á Ítalíu gæti orðið á hinni friðsælu eyju Ischia, frekar en í hinu illræmda fjalli Vesúvíusi. Ekki er þó talin hætta á gosi alveg á næstunni.

„Ef ég ætti að segja hvaða eldfjall er komið næst því að gjósa, þá myndi ég ekki nefna Vesúvíus heldur Ischiu,“ segir Guido Bertolaso, yfirmaður almannavarna á Ítalíu.

Undir eyjunni er kvikuhólf, sem samkvæmt mælingum hefur verið að þenjast út. Engin hreyfing hefur hins vegar mælst í Vesúvíusi, sem síðast gaus með látum árið 1944.

Ischia er þekkt ferðamannaeyja skammt út frá borginni Napólí, ekki langt frá eyjunni Capri sem einnig dregur að sér ferðamenn í stórum stíl.

Eldgos í Vesúvíusi yrði afar hættulegt, því í hlíðum fjallsins býr meira en hálf milljón manna og borgin Napólí er í næsta nágrenni með eina milljón manns. Eldgos í Ischiu yrði þó ekki síður skeinuhætt íbúum Napolí, því eyjan er rétt fyrir utan Napolíflóa.

Síðast gaus í Ischiu árið 1302, eða fyrir rúmum sjö hundruð árum. Þá höfðu liðið rúm þúsund ár frá síðasta gosi árið 295, en eldvirkni var tíð á öldunum þar á undan, þegar sjaldan liðu meira en hundrað ár milli gosa og stundum aðeins fáir áratugir. - gb

**FRIÐSÆL ELDFJALLAEYJA** Friðsældin er úti ef eldfjallið vaknar af dvala. NORDICPHOTOS/AFP

# Ávaxtatrén komin!



- eplatré
- perutré
- kirsuberjatré
- plómutré
- hindber
- bláber
- brómber
- vínber

## Nú er rétti tíminn!

RÆKTUM SJÁLF! RÆKTUM SJÁLF!

Gott fyrir budduna!



Láta spíra



Gróðursetja ungar kryddplöntur



Sá fyrir salati

# Spennandi í garðinn þinn!

## Tökum til i garðinum:

20% afsláttur

CASORON illgresiseyðir

2890kr

Hekkklippur Flora-Tec

Handklippur Ipierre

25% afsláttur

## Tækjaleiga Garðheima

opið virka daga til kl.18.00, helgar til kl. 17.00

Gott úrval af tækjum svo sem:

- Minigröfur
- Kerrur
- Beltavagnar
- Keðjusagir
- Hekkklippur
- Mosatætarar
- Laufsugur
- Alls kyns garðvinnutæki

Flottur Verkalýðsvöndur

1950kr

GARÐHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

## GENGIÐ 29.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 28,39 | 129,01 |
| Sterlingspund | 195,64 | 196,60 |
| Evra | 170,08 | 171,04 |
| Dönsk króna | 22,851 | 22,985 |
| Norsk króna | 21,630 | 21,758 |
| Sænsk króna | 17,651 | 17,755 |
| Japanskt jen | 1,3652 | 1,3732 |
| SDR | 193,59 | 194,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,2832
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjöundi viðauki Mannréttindasáttmála Evrópu og ágreiningur um landsdóm:

# Landsdómur er æðsti dómur

**LÖGFRÆÐI** Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu gera ráð fyrir því að sérhver sá sem dómstóll finnur sekan fyrir afbrot, skuli hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Svo segir í fyrstu málsgrein 2. greinar í sjöunda viðauka laganna.

Það er þetta ákvæði sem ýmsir málsmetandi menn hafa sagt benda til að ekki sé hægt að nota landsdóm til að dæma fyrrverandi ráðherra Íslands, sem kunna að hafa gerst sekir um vanrækslu í starfi. Ráðherrarnir geti ekki áfrýjað úr landsdómi. Því sé hann ónothæfur.

**DÓMUR** Þingnefnd íhugar hvort draga skuli fyrir dóm ráðherra sem sýndu af sér vanrækslu í aðdraganda hrunsins.

En í annarri málsgrein sömu greinar segir: Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi.

Á þessa málsgrein hefur Ragnhildur Helgadóttir prófessor bent, svo sem lesa mátti í blaðinu á þriðjudag. Samkvæmt öðrum heimildum blaðsins úr heimi lögspekinnar tilgreina fræðiritin þessa grein sem viðeigandi þegar æðstu ráðamenn eru saksóttir fyrir embættisbrot.

Landsdómur er þá fyrrgreindur æðsti dómur, sem fjallar um málið á frumstigi. Slíka dómstóla fyrir ráðamenn megi finna víða. **- kóþ**

ORF Líftækni stækkar við sig:

## Framleiðsla á byggi tvöfölduð

**NÝSKÖPUN Fyrirtækið ORF Líftækni hyggst í sumar tvöfalda ræktun sína á erfðabreyttu byggi til að anna aukinni eftirspurn.**

**Ræktunin fékk nýlega starfsleyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins. Stærstur hluti aukinnar framleiðslu er til að mæta aukinni eftirspurn erlendra viðskiptavina í snyrtivöruiðnaði en úr bygginu er unnið prótein sem hægt er að nýta til framleiðslu snyrtivara.**

**- shá**

**EYJAFJALLAJÖKULL** Áhrifa eldfjallsins gætir í borgarráði Reykjavíkur.

Borgin bætir ímynd Íslands:

## Landkynning á 100 milljónir

**REYKJAVÍKURBORG** Eitt hundrað milljónum króna úr borgarsjóði Reykjavíkur verður varið til sérstaks markaðsátaks vegna gossins í Eyjafjallajökli.

„Er þetta gert í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem komin er upp í íslenskri ferðamannaþjónustu og hjá fjölmörgum fyrirtækjum í Reykjavík sem treysta á viðskipti erlendra ferðamanna," segir í tilkynningu sem send var út í gær eftir að borgarráð samþykkti einróma að verja áðurnefndri upphæð í verkefnið sem vinna á með helstu hagsmunaaðilum. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir að vonast sé til að tjónið í ferðaþjónustunni verði lágmarkað. **- gar**

### RANNSÓKNARSKÝRSLAN

Ákveðið hefur verið að prenta þriðju prentun af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Skýrslan er uppseld í mörgum bókaverslunum. Í fréttatilkynningu frá Alþingi segir að prentuð verði 2.000 viðbótareintök sem koma í verslanir eftir helgi.

### LEIÐRÉTTING

Auður Reynisdóttir, nemi við Verkmenntaskólann á Akureyri sem talað var við um nám í sérblaði um framhaldsnám sem fylgdi Fréttablaðinu á á miðvikudag, er ekki frá Þistilfirði, heldur Tálknafirði.

# Fengu ekki stuðning við ein hjúskaparlög

**Prestastefna samþykkti ekki tillögu 91 prests og guðfræðings um stuðning við frumvarp um hjónaband samkynhneigðra. Tillögunni var vísað til frekari umfjöllunar biskups og kenningarnefndar með naumum meirihluta fundarmanna.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Prestar samþykktu ekki stuðning við frumvarp dómsmálaráðherra um ein hjúskaparlög á prestastefnu í gær. Tillögunni var vísað til biskups og kenningarnefndar kirkjunnar til frekari umfjöllunar. Hart var tekist á um málið á lokadegi hins árlega þings presta og guðfræðinga í gær. Tillagan um stuðning við frumvarpið var lögð fram af 91 presti og guðfræðingi, sem er meirihluti stéttarinnar í landinu.

Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, lagði fram aðra tillögu, þess efnis að Alþingi yrði hvatt til að svipta presta umboði til lagalegrar vígslu hjóna. Yrði það gert fengju sýslumenn einir að vígja hjón, en prestar gætu eftir sem áður blessað þau.

Geir segist hafa gert þessa tillögu sárnauðugur til að forða því að kirkjan klofnaði. „Þú getur rétt ímyndað þér hvort það var ekki þungbært mér, sem er mjög í mun að varðveita hefð kirkjunnar í landinu. Það gerir það enginn sem er svipaðs sinnis og ég að biðja um að vera undanþeginn þessu nema eitthvað mikið liggi við," segir Geir.

Geir segir að Þjóðkirkjan sé nú enn óklofin að nafninu til. „Það er mikið happ að eining kirkjunnar skyldi að forminu til varðveitast. Einkum og sér í lagi hygg ég að það muni vera gagnlegt gagnvart því samfélagi kirkjunnar sem hún á við aðrar kirkjur og kirkjudeildir," segir Geir. Hann áréttar þó að verði frumvarpið að lögum muni Þjóðkirkjan að sjálfsögðu hlíta vilja Alþingis.

**ÓSAMMÁLA** Prestar þjóðkirkjunnar hafa lengi deilt um hjónaband samkynhneigðra og á því varð engin breyting í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BJARNI KARLSSON**

Eftir miklar og heitar umræður um fyrri tillöguna, sem setti alla dagskrá prestastefnunnar úr skorðum, kom fram tillaga frá séra Gunnlaugi Garðarssyni þess efnis að vísa tillögunum báðum til biskups og kenningarnefndar til umfjöllunar. Hún var samþykkt með 56 atkvæðum gegn 53. Biskup hafði áður mælt með þessari leið.

Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, var einn þeirra 91 sem lögðu fram stuðningstillöguna. Hann segir að í raun hafi fátt gerst á fundinum í gær utan þess að púlsinn hafi verið tekinn á prestastéttinni í þessu máli. „Fyrir okkur voru það hins vegar auðvitað vonbrigði að það væri ekki sterkara fylgi með því að lýsa fyrirfram yfir stuðningi við væntanlegt frumvarp," segir Bjarni.

„Ég er í hópi þeirra fjölmörgu sem bíður með mikilli óþreyju eftir því að íslenska þjóðkirkjan taki sig saman í andlitinu hvað þessi sjálfsögðu mannréttindi og lýðheilsumál varðar, enda er það niðurstaða prestastefnu að farið verði að íslenskum lögum," segir Bjarni. Málið geti hins vegar ekki sundrað íslensku þjóðkirkjunni öfugt við það sem Geir Waage fullyrði, enda ljóst að forræðið á hjónabandinu liggi ekki hjá kirkjunni eða yfirvöldum, heldur hjá fólkinu sjálfu. **stigur@frettabladid.is**

Ekki útlit fyrir skerðingar:

## Festa gæti tapað milljarði

**FJÁRMÁL** Lífeyrissjóðurinn Festa gæti tapað hátt í einum milljarði vegna gjaldþrots Sparisjóðs Keflavíkur. Þetta kemur fram í samtali við Kristján Gunnarsson, stjórnarformann sjóðsins, á vef Víkurfrétta.

Þar segir Kristján að Festa hafi fært eign sína í sparisjóðnum niður um samtals 1,6 milljarða. Vonandi komi þó ekki til þess að sjóðurinn þurfi að skerða réttindi. „Ef kæmi til frekari afskrifta myndi það hafa óverulega áhrif á afkomu sjóðsins árið 2010," segir hann. Ávöxtun sé góð það sem af er ári og ef hún verði svipuð út árið sé sjóðurinn í góðum málum.

**- sh**

Óbólusett börn í hættu:

## Mannskæður mislingafaraldur í Búlgaríu

**SJÚKDÓMAR Rúmlega sjö þúsund einstaklingar hafa greinst með mislinga í Búlgaríu á árinu 2010. Flestir þeirra eru óbólusett börn yngri en 15 ára og hafa fimmtán þeirra dáið og mörg veikst alvarlega.**

**Frá árinu 2009 hafa staðbundnir mislingafaraldrar á borð við þann búlgarska sést víða í Evrópu að því er fram kemur á vef landlæknisembættisins, til að mynda á Spáni, Írlandi, Sviss, Austurríki og Þýskalandi. Þúsundir einstaklinga í þessum löndum hafa sýkst og margir þeirra alvarlega, en talið er að um 30 prósent þeirra sem sýkjast þurfi á sjúkrahúsvist að halda. Í flestum tilfellum er um að ræða óbólusett börn.**

**- sbt**

## VEÐURSPÁ

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Það er vor í lofti og hitinn á uppleið á landinu um helgina. Vindur verður skaplegur og sólin skín, þó misjafnlega mikið eftir landshlutum. Það verður reyndar lítils háttar úrkoma um sunnanvert landið í dag en hún fer minnkandi þegar á daginn líður.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 26° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 15° |
| París | 17° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# GRILL

SPARIÐ 3000.-

**Grand**

**GRAND FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI OG SLANGA

**9.999.-**
v.á. 12.999.-

**Grand**

**GRAND FERÐAGASGRILL ER8109**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
- EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI OG SLANGA

**14.999.-**
v.á. 16.999.-

SPARIÐ 2000.-

SPARIÐ 5000.-

**Grand**

**GRAND ER8102H-2**
- 4,3KW, TVEGGJA BRENNARA
- ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
- EFRI GRIND: 40 X 20,5CM
- HJÓL TIL AÐ AUÐVELDA TILFÆRSLU
- HLIÐARBORÐ
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- ÞRÝSTIJAFNARI

**24.999.-**
v.á. 29.999.-

SPARIÐ 10.000.-

**Grand**

**GRAND ER7802A**
- 5,5KW, TVEGGJA BRENNARA
- ELDUNARSVÆÐI: 47,3 X 37,3CM
- EFRI GRIND: 48,5 X 10,4CM
- HLIÐARBORÐ
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- INNBYGGÐUR HITAMÆLIR
- ÁHALDABAKKI FRAMAN Á GRILLI
- HJÓL TIL AÐ AUÐVELDA TILFÆRSLU
- ÞRÝSTIJAFNARI

**39.999.-**
v.á. 49.999.-

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

SPARIÐ 10.000.-

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

**grandhall** living style

**Grandhall Classic 219**
- 14KWH, 4 BRENNARAR ÚR 304 RYÐFRÍU STÁLI
- 4,5KWH HLIÐARHELLA
- POSTULÍNSHÚÐAÐAR STÁLGRINDUR TIL ELDUNAR
- POSTULÍNSHÚÐAÐIR ELDTEMJARAR
- ELEKTRÓNÍSKT KVEIKJUKERFI
- YTRA BYRÐI ÚR 430 RYÐFRÍU STÁLI
- INNBYGGÐUR HITAMÆLIR

**59.999.-**
v.á. 69.999.-

# & ALLT Á GRILLIÐ!

Nautaprime

Nautaribeye

Nauta entrecote

Nauta roaststeik

OPNUM KL. 10:00 1. MAÍ

Gildir til 2. maí á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**KJÖRKASSINN**

*Er þörf á því að setja embætti forseta Íslands siðareglur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,3% |
| NEI | 42,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er grillvertíðin hafin á þínu heimili?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Matarkarfan í Bónus hefur hækkað úr rúmlega níu í fimmtán þúsund krónur:

# Matur hækkað um 66 prósent

**NEYTENDUR** Verðkönnun SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu sýnir að matarkarfa landsmanna hefur hækkað um 66 prósent á síðustu fjórum árum. Karfan hefur hækkað um 34 prósent frá því í byrjun október 2008.

Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði SFR-blaðsins.

Fram kemur í blaðinu að Friðrik Atlason, stjórnarmaður í SFR, hefur reglulega gert samanburð á matarkörfu í verslunum Bónus síðan árið 2006. Ávallt hafa sömu vörur verið keyptar og sama magn. Matarkarfan samanstendur af algengum vöruflokkum. Upphaflega matarkarfan kostaði Friðrik rúmlega níu þúsund krónur en rúmlega fimmtán þúsund krónur í mars síðastliðinn. Engar „dýrar lúxusvörur eru á listanum og heldur engar hreinlætisvörur“.

**MATARKARFAN** Algengasta matvara sem kostaði heimili níu þúsund kall árið 2006 kostar nú rúmlega fimmtán þúsund. MYND/HRÖNN

Á tímabilinu sem um ræðir, október 2008 til mars 2010, hefur vísitala neysluverðs hækkað um 12,6 prósent, segir í greininni. Þá hefur kaupmáttur launa rýrnað um 8,3 prósent frá því í október 2008.

Það er mat SFR að matarkaup séu almennt orðin hlutfallslega stærri og þyngri hluti heimilisútgjalda en nokkru sinni. Því sé ljóst að það verði viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar á komandi misserum að taka á þessari þróun og verja kaupmátt launa. - shá

Árangur í Bolungarvík:

# 300 milljóna viðsnúningur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Sparnaðaraðgerðir Bolungarvíkurkaupstaðar hafa skilað 300 milljóna króna viðsnúningi milli ára. Tap árið 2008 nam um 120 milljónum króna en gert er ráð fyrir allt að 180 milljóna króna hagnaði í ár að því er Bæjarins besta greinir frá.**

**Bolvíkingar hafa að undanförnu starfað með Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Áföll hafa riðið yfir sveitarfélagið á síðustu ár og á dögunum var Rækjuvinnslan Bakkavík hf. í Bolungarvík úrskurðuð gjaldþrota.** - shá


Komdu í Kost
og verslaðu þar sem þér líður vel

-40% afsláttur
Kjúklingabringur frá Móum
1.793 kr/kg
verð áður 2.989 kr/kg

-20% afsláttur
Hunangsgrísa-kótilettur
1.598 kr/kg
verð áður 1.998 kr/kg

Grísasnitsel frá Bauta búrinu
-30% afsláttur
1.189 kr/kg
verð áður 1.698 kr/kg

Grillborgarar með brauði
499 kr/kg
verð áður 698 kr/pk

Grísagúllas frá Kosti
-30% afsláttur
1.189 kr/kg
verð áður 1.698 kr/kg

Súkkulaðiís 3 kg frá Aro
1.399 kr
verð áður 1.999 kr/kg

Hundamatur 20 kg frá Mister Dog
3.999 kr
verð áður 4.798 kr/kg

Kattamatur 12,5 kg Lady Cat
3.898 kr
verð áður 4.629 kr/kg

NÝR OPNUNARTÍMI OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10-20

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

Tilboðin gilda til 31. apríl eða á meðan birgðir endast, auglýst verð er tilboðsverð.

**HÓSTAPESTIN** Eigendur huga þessa dagana vel að hrossum sínum. Systurnar Katla Sif og Sara Dís Snorradætur voru í hesthúsinu í gær til að athuga hvort hryssan þeirra, Vilma, væri orðin veik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Starfsemi lamast af völdum hestahósta

**Hóstapest í hrossum breiðist út um landið og hefur víða haft áhrif á hestatengda atvinnustarfsemi svo og mótahald. Pestin er lúmsk og endar í sumum tilvikum í illskeyttri bakteríusýkingu. Ekki er vitað um orsök eða tegund hennar.**

**DÝRAHALD** Margar tamningastöðvar eru lamaðar, mótum er aflýst og vorsýningar kynbótahrossa kunna að vera í uppnámi vegna hrossahóstans sem smitast enn út um landið.

Þetta segir Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma.

Að sögn Sigríðar hefur enn ekki fundist hvað veldur pestinni. Hins vegar hafa þekktar sýkingapestir í öndunarfærum hrossa verið útilokaðar með veitugreiningu. Allt þykir benda til að um veirusýkingu sé að ræða sem magnast upp í þéttskipuðum hesthúsum. Bakteríusýkingar virðast í mörgum tilfellum fylgja í kjölfarið og geta hrossin þá fengið hita og graftarkenndan hor í nös. Bakteríuræktun hefur leitt í ljós að oft er um að ræða streptókokka sem nú er verið að greina nánar. Slíkar sýkingar er í mörgum tilfellum hægt að meðhöndla til að flýta bata hrossanna.

Nú er að koma í ljós að mörg hross eru lengi með hóstapestina, allt upp í fjórar vikur, og enn sér ekki fyrir endann á því hversu lengi þau verða að jafna sig að fullu. Unnið er áfram að greiningu hennar bæði á Tilraunastöðinni á Keldum og á Dýralækningastofnun Svíþjóðar.

„Pestin er mjög lúmsk þegar hún er að byrja,“ segir Sigríður. „Síðan magnast hún upp með tímanum og fer að breiðast út. Allra fyrstu einkenni eru þurr hósti, glært nefrennsli og slappleiki sem þó verður aðeins vart í reið. Hestarnir sækja gjarnan niður með hausinn til að hósta.

Ég legg mikið upp úr því að eigendur hrossa átti sig því fljótt á því ef þau veikjast. Þá er nauðsynlegt að gefa þeim frí og búa vel að þeim. Mikilvægt er að loftið sé gott, en alls ekki kalt. Með vorinu á að vera hægt að koma betur til móts þessar þarfir.“

Sigríður segir ekki vitað til þess að hross hafi drepist í kjölfar pestarinnar né orðið það alvarlega veik að þeim hafi verið hætta búin. Mörg hrossanna gangi í gegnum veikindin án þess að fá hita.

„Hins vegar er vandinn sá að þetta situr lengur í hrossunum heldur en við héldum í fyrstu og kemur þess vegna verr við alla hestatengda starfsemi. En það er ekkert sem bendir til þess að þetta valdi hrossunum varanlegu tjóni.“

Sigríður segir að pestin raski að líkindum vorsýningum kynbótahrossa, þannig að meginþunginn verði á síðsumarsýningunum.

jss@frettabladid.is

Stjórnendur Marels segja væntingar um betri tíð birtast í uppgjöri félagsins:

# Hagnast um tæpan milljarð

**VIÐSKIPTI** „Þetta er fyrsta árið sem við munum einbeita okkur alfarið að kjarnastarfsemi fyrirtækisins,“ sagði Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marel á Íslandi, á uppgjörsfundi félagsins í gær. Hann vísaði til þess að Marel hafi selt eignir ytra, sem ekki hafi heyrt undir kjarnastarfsemi. Þar á meðal eru Food & Dairy Systems og Carnitech í Danmörku. Hann sagði stöðuna sterka eftir kreppuna.

Marel hagnaðist um 5,6 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir 957 milljónum króna. Til samanburðar tapaði félagið sjö milljónum evra á sama tíma í fyrra.

**ERIK KAMAN** Fjármálastjóri Marels sagði afkomu fyrirtækisins ánægjulega. Auknar pantanir bendi til betri tíðar fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tekjur Marels námu 147,2 milljónum evra á fjórðungnum, sem er þrettán prósenta aukning á milli ára.

Erik Kaman, fjármálastjóri Marel, tók undir með Sigsteini og vísaði til betri stöðu fyrirtækisins eftir myntbreytingu á sambankaláni úr krónum í evrur og niðurgreiðslu á skuldum. Kaman benti á að pantanir hafa aukist fimm fjórðunga í röð og nema nú 113,5 milljónum evra, jafnvirði 19,5 milljörðum króna samanborið við 58,8 milljónir á sama tíma í fyrra. Hann tók fram að þetta væri í fyrsta sinn sem tölur um pantanir væru teknar saman með þessum hætti og þær því vart samanburðarhæfar. - jab

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Tyrkland og gríska Eyjahafið

## 10–11 nátta ferðir í allt sumar

TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

**Tyrkland ódýrast!**

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010

**Möguleiki á léttgreiðslum**

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Allt innifalið!

### Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 137.491 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í 11 nætur 29. júní. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 155.866 og 15.000 Vildarpuntar.

*Verð án Vildarpunkta 147.491 kr.

GRIKKLAND

# Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands, í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.

Allt innifalið!

### Sun Palace ★★★★

Frábært hótel sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýtískulegt hótel þar sem allt er innifalið.

**Verð frá 173.950 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling.

* Verð án Vildarpunkta 183.950 kr.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 29. maí | Uppselt |
| 08. júlí | Örfá sæti laus |
| 19. júní | Nokkur sæti laus |
| 29. júní | Nokkur sæti laus |
| 10. júlí | Laust |
| 20. júlí | Laust |
| 31. júlí | Uppselt |
| 10. ágúst | Uppselt |
| 21. ágúst | Nokkur sæti laus |
| 11. september | Laust |
| 18. september | Örfá sæti laus |
| 29. september | Örfá sæti laus |
| 06. október | Nokkur sæti laus |

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni | Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50184 04/10

## VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða bók er söluhæsta bókin hér á landi frá áramótum?*
2. *Hversu stóran hlut á félag Björgólfs Thors Björgólfssonar í Verne Holding?*
3. *Hvernig tengjast Magnea Friðriksdóttir og Katrín Andrésdóttir, sem báðar hafa orðið Íslandsmeistarar í handbolta með Val?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Guðrún Valdimarsdóttir ætlar aldrei að koma nálægt stjórnmálum aftur:

# Kynjakvóti flækti endurröðun á lista

**STJÓRNMÁL** Kynjakvóti á framboðslista Framsóknar í Reykjavík flækti endurröðun eftir að Guðrún H. Valdimarsdóttir hagfræðingur, sem var í öðru sæti, sagði sig frá listanum á mánudag. Niðurstaðan varð að Valgerður Sveinsdóttir lyfjafræðingur færist upp um sæti og skipar annað sætið. Þuríður Bernódusdóttir færist úr 11. sæti í það þriðja en Bryndís Guðmundsdóttir bókari kemur ný inn og mun skipa 11. sætið.

Einar Skúlason, oddviti flokksins í Reykjavík, segir að upplýsingarnar, sem Guðrún hafi að eigin

EINAR SKÚLASON

GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

frumkvæði nefnt, um þátt fyrirtækis eiginmanns hennar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hafi vakið mikinn óróleika á listanum.

„Menn voru ekki á eitt sáttir um hvernig bæri að leysa málið og frambjóðendur óttuðust umræðuna sem kynni að vakna í aðdraganda kosninga," segir hann. Mat manna hafi því verið að betra væri að biðja Guðrúnu að víkja sæti fremur en að hætta á að aðrir segðu sig frá framboðinu. Hann telur að Guðrún sé á vissan hátt fórnarlamb þeirrar tortryggni og reiði sem nú sé ríkjandi í samfélaginu. Hann áréttar að þeir sem mestar áhyggjur hafi haft af upp kominni stöðu hafi ekki einskorðast við ákveðna hópa innan flokksins. „Þarna var líka fólk úr stuðningsmannahópi Guðrúnar."

Guðrún segir sjálf að ákvörðunin um að biðja hana að víkja hafi komið mjög á óvart. Hún hafi viljað hafa vaðið fyrir neðan sig og benda á að nafn fyrirtækis eiginmanns hennar kæmi fyrir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, ef svo ólíklega myndi vilja til að pólitískir andstæðingar „legðust svo lágt" að reyna að sverta hana með því. „Ég er hætt í pólitík og mun aldrei aftur reyna fyrir mér á þeim vettvangi," segir hún og kveðst vilja einbeita sér að öðrum málum. **- óká**

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# Inntökupróf í læknadeild HÍ

## Læknisfræði og sjúkraþjálfun

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík mánudaginn 14. og þriðjudaginn 15. júní 2010. Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með **20. maí 2010**. Skráning fer fram á netinu (www.hi.is). **Staðfestu afriti af stúdentsprófsskírteini** skal komið til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík, ekki síðar en 20. maí 2010. **Próftökugjald er 15.000 kr.**

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til skrifstofu læknadeildar ekki síðar en 20. maí 2010 um að stúdentsprófi verði lokið áður en kemur að inntökuprófinu. Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2010 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

**Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands, www.laeknadeild.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

PIPAR\TBWA \ SÍA 101031

**FRÁ FUNDINUM** Hagstjórn hér á árunum fyrir hrun einkenndist af flokkssjónarmiðum, segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vill nýja Þjóðhagsstofnun

**Stjórn efnahagsmála fyrir hrun einkenndist af hagstjórnarlegum mistökum. Flokkssjónarmið gengu framar hagsmunum þjóðarinnar, segir prófessor.**

**EFNAHAGSMÁL** Eitt það helsta sem við höfum lært af bankahruninu er nauðsyn einnar stofnunar sem metur áhrif hins opinbera á hagkerfið. Það réttlætir endurstofnun Þjóðhagsstofnunar.

Þetta er mat Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann gagnrýndi hagstjórnarleg mistök ríkisstjórna og eftirlitsaðila á árunum 2003 til 2007 harðlega á hádegisfundi í Háskóla Íslands í vikunni þar sem fjallað var um lærdóminn af bankahruninu í kjölfar útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í erindi sínu fór Þórólfur yfir ýmislegt upp úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem sagt er hafa aflaga farið, allt frá einkavæðingarferli bankanna á árabilinu 1998 til 2003.

Þórólfur taldi til ýmis hagstjórnarleg mistök stjórnvalda máli sínu til stuðnings, svo sem byggingu Kárahnjúkavirkjunar, hækkun á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs, sem dró úr aðhaldi og olli háþrýstingi í hagkerfinu. Á sviptuðum tíma sleppti Seðlabankinn krónunni á flot og innleiddi mistæk verðbólgumarkmið. „Í [þeim] felst gengisfestuloforð. Þetta hygg ég að menn hafi ekki gert sér grein fyrir," sagði hann og bætti við að þetta hafi vakið athygli spákaupmanna, sem sáu tækifæri í krónuviðskiptum.

Þórólfur sagði aðgerðir stjórnvalda bera vott um að vera kosningaloforð og stjórnmálaflokkarnir því látið flokkssjónarmið ganga framar hagsmunum landsins. Þetta, ásamt aðgerðum stjórnvalda, hafi valdið efnahagslegu ójafnvægi sem leiddi til hrunsins. „Við höfum áður búið við ónýta peningastefnu og höfðum gert áratugum saman. En skaðinn er miklu stærri en nokkurn tíma áður og enginn hafði fulla yfirsýn yfir afleiðingarnar af ónýtri peningamálastefnu, flokkshollri fjármálastefnu og Pótemkíntjöldum bankanna," sagði Þórólfur. Slíkt gæti Þjóðhagsstofnun gert þótt tilmæli um endurreisn hennar séu ekki nefnd í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, að hans sögn. **jonab@frettabladid.is**

### Þjóðhagsstofnun

Þjóðhagsstofnun var sett á laggirnar árið 1974. Hún heyrði undir forsætisráðherra og veitti ríkisstjórninni og Alþingi ráðgjöf í efnahagsmálum. Á meðal annarra verkefna hennar var að semja þjóðhagsspár. Hún hafði verið gagnrýnd í nokkurn tíma þar til hún var lögð niður í forsætisráðherratíð Davíðs Oddssonar árið 2002. Síðasti forstjóri hennar var Þórður Friðjónsson, nú forstjóri Kauphallarinnar.

### Viðvörunum svarað með skætingi

Þórólfur sagði stjórnvöld hafa hunsað gagnrýni þeirra sem töldu sig sjá hvert efnahagslífið hér stefndi fyrir hrun. Hann staldraði sérstaklega við aðgerðaleysi stjórnvalda við varnaðarorðum Mervyns Kings, seðlabankastjóra Englands, frá í apríl 2008 þar sem hann bauðst til að hjálpa stjórnvöldum hér að minnka bankakerfið. Bréfinu hafi ekki verið svarað nema með hálfgerðum skætingi. „Við fáum aldrei að vita hvaða aðgerðir Englandsbanki, evrópski seðlabankinn og norrænu seðlabankarnir hefðu gripið til. Af því má þó leiða líkur, að útlitið hér hefði orðið allt annað," sagði hann.


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

40% afsláttur

## NAUTAMÍNÚTUSTEIK
FERSK

1.979 kr/kg
áður 3.299 kr/kg

# Frábært verð!

### NAUTA RIB-EYE
STEIK, FERSK

25% afsláttur

2.849 kr/kg
áður 3.798 kr/kg

### SVÍNALUND
FROSIN

30% afsláttur

1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

### KRYDDUÐ KJÚKLINGALÆRI
MAGNPOKI

39% afsláttur

499 kr/kg
áður 820 kr/kg

### SVÍNABÓGSNEIÐAR
GRILL

30% afsláttur

769 kr/kg
áður 1.098 kr/kg

KJÖTSEL

### UNGNAUTAHAKK
NETTÓ

28% afsláttur

899 kr/kg
áður 1.249 kr/kg

nettó

### HAMBORGARAR
NAUTA, FERSKIR
4 x 90 g

29% afsláttur

397 kr/pk
áður 559 kr/pk

### SVÍNALÆRISSNEIÐAR
GRILL

30% afsláttur

979 kr/kg
áður 1.398 kr/kg

KJÖTSEL

### LAMBALÆRISSNEIÐAR
Í RASPI

30% afsláttur

1.499 kr/kg
áður 2.141 kr/kg

KJÖTSEL

### SUÐRÆNN ANANAS

50% afsláttur

149 kr/kg
áður 298 kr/kg

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 29. apríl - 2. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

# Minningin um eldgosið endist alla ævi

**Hópur erlendra sjálfboðaliða á vegum sjálfboðaliðasamtakanna SEEDS hjálpaði til við að hreinsa ösku af túnum undir Eyjafjöllum. Sjálfboðaliðarnir segja það góða tilfinningu að geta hjálpað fólki.**

„Það kom mér á óvart hvað var mikið af ösku, og hversu þétt hún var eftir rigningar. Eftir að verkinu var lokið gengum við upp á hól nærri bænum. Við sáum hvernig grasið var að rembast við að komast upp úr öskunni, og það minnti mig á fugla sem festast í olíuflekk og eru við það að kafna.“

Svona lýsir Matic Kraševec, sjálfboðaliði frá Slóveníu, upplifun sinni af því að moka ösku af túnum á bænum Moldnúpi undir Eyjafjöllum.

Hópur átta sjálfboðaliða frá sjö löndum tók þátt í hreinsunarstarfinu, og er von á fleiri erlendum sjálfboðaliðum til að hreinsa til eftir öskufallið. Fólkið, sem flest er á aldrinum 20 til 30 ára, kom sérstaklega hingað til lands til að stunda sjálfboðaliðastörf, en átti ekki von á því að hluti af störfunum yrði að hreinsa til eftir eldgos.

„Ég heimsótti svæðið þar sem öskufallið var hvað mest áður en gosið í Eyjafjallajökli byrjaði, svo það var mikið sjokk að sjá hvernig askan hefur lagst yfir þetta fallega landslag. Það hefur allt breyst,“ segir Anais Kerroc‘h, sjálfboðaliði frá Frakklandi.

„Það tóku allir mjög vel á móti okkur fyrir austan og skýrðu fyrir okkur hvað þurfti að gera og hvers vegna. Það var þykkt lag af ösku á túnunum við bóndabæinn, og við þurftum að moka henni upp og keyra burtu á hjólbörum.“

Bæði Anais og Matic segjast meira en tilbúin til að fara aftur austur fyrir fjall til að hjálpa til við að hreinsa upp öskuna, enda ætla þau að dvelja áfram hér á landi fram á sumar. „Það veltur á því hvort íbúarnir hafa verkefni fyrir okkur, en ég held að við værum alveg tilbúin til að gera miklu meira,“ segir Matic.

„Ég ætlaði upphaflega að vinna við verkefni í Þórsmörk, en af augljósum ástæðum gekk það ekki eftir. Þegar ég heyrði af möguleikanum að hjálpa til við að hreinsa til eftir eldgosið stökk ég á það,“ segir Anais.

„Það er gott að geta hjálpað fólki, askan hefur lagst yfir stór svæði og það er mikilvægt verk að koma henni í burtu. Það er góð tilfinning að hjálpa þeim sem virkilega þurfa á aðstoð að halda,“ segir hún.

„Fyrir mig er þetta eitthvað sem ég varð að gera, vinna við hliðina á eldfjalli sem er að gjósa, þetta er minning sem verður með mér alla ævi. Ég sótti um styrkinn til að koma hingað fyrir hálfu ári, og svo gerist þetta einmitt þegar ég er hérna. Ég hefði ekki getað verið heppnari,“ segir Matic.

Þau viðurkenna bæði að vinir og fjölskyldan heima hafi smá áhyggjur af þeim á Íslandi þegar eldfjöllin gjósa hvert á fætur öðru. Matic segir sjálfboðaliðana þó einnig geta hjálpað við að leiðrétta þann leiða misskilning að hér sé allt í kalda kolum, með því að veita fjölmiðlum í heimalöndum sínum viðtöl. Sjálfur hafi hann veitt slóvenskum fjölmiðli viðtal, og einhverjir hafi talað við danska og þýska sjónvarpsmenn.

brjann@frettabladid.is

**SJÁLFBOÐALIÐAR** Hópur erlendra sjálfboðaliða tók til hendinni við bæinn Moldnúp undir Eyjafjöllum í vikunni, enda mikið magn af ösku sem þurfti að moka burtu af bæjarhlaðinu. MYND/MEIR KFIR

**ÁHYGGJUR** Anais Kerroc‘h og Matic Kraševec segja vini og fjölskyldu heima vissulega hafa áhyggjur af þeim vegna eldgossins, en eru sjálf alls óbangin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Einstakt tækifæri fyrir sjálfboðaliðana

„Hreinsunarstarf eftir eldgosið passar mjög vel fyrir okkar sjálfboðaliða og fellur vel að þeim verkefnum sem við höfum verið að sinna,“ segir Oscar-Mauricio Uscategui, framkvæmdastjóri samtakanna SEEDS.

„Okkar verkefni snúast um að sinna þörfum mismunandi samfélaga, hvort sem í því felst að hreinsa til eftir eldgos, planta trjám eða leggja göngustíga um viðkvæm svæði,“ segir Oscar. „Við erum mjög ánægð með árangurinn og ætlum að senda fleiri hópa til að taka til hendinni sem fyrst.“

„Sjálfboðaliðunum okkar finnst líka áhugavert að taka þátt í þessu verkefni, fyrir þá er þetta einstakt tækifæri að vinna við hreinsunarstarf eftir eldgos á Íslandi,“ segir Anna Lúðvíksdóttir, verkefnisstjóri hjá SEEDS.

Tæplega 20 sjálfboðaliðar eru staddir hér á landi á vegum SEEDS um þessar mundir, en alls er búist við tæplega 700 sjálfboðaliðum hingað til lands í ár. Oscar segir eldgosin alls ekki hafa spillt fyrir, Ísland sé spennandi í augum ungs fólks sem vilji stunda sjálfboðavinnu. Helsti höfuðverkurinn sé að skipuleggja ferðir til og frá landinu þegar flugvellir loki vegna öskufalls.

# SUMAR TILBOÐ

einfaldlega betri kostur

## 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÝNUM

**90X200 CM**
**49.900,-**
**sparaðu 30.000,-**

**Silence Classic 430**
Stíf boxdýna með tvöfaldri fjöðrun og vattstungnu latexáklæði. Multi-fjöðrun veitir líkamanum hámarks hvíld. Dýnan er svæðaskipt og veitir því góðan stuðning við axlir og mjaðmir.
Multi-fjöðrun samanstendur af mörgum litlum pokagormum sem veita meiri stuðning og dýnan verður stífari.
*Fætur og yfirdýna seld sér.*

90x200 cm. Verð 79.900,- **NÚ 49.900,-**
140x200 cm. Verð 129.900,- **NÚ 89.900,-**
160x200 cm. Verð 149.900,- **NÚ 104.900,-**

Silence
25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum

© ILVA Island 2010

Marseille sápurnar komnar aftur

**Marseille.** Sápur í miklu úrvali.
1 Fjótandi sápa. 500ml rose. **Verð 2.995,-**
2 Sápufylling. 1000ml rose. **Verð 3.495,-**

**Silence Exclusive 610**
Meðalstíf boxdýna með tvöfaldri fjöðrun og vattstungnu latexáklæði. Pokafjöðrun lagar sig að líkamanum og veitir hámarks hvíld. Svæðisskipting er í dýnunni sem veitir meiri þægindi fyrir axlir og mjaðmir.
*Fætur og yfirdýna seld sér.*
90x200 cm. Verð 129.900,- **NÚ 89.900,-**
140x200 cm. Verð 179.900,- **NÚ 124.900,-**
160x200 cm. Verð 189.900,- **NÚ 132.900,-**

30% af öllum dýnum

25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum

**Dum Dum.** Borðlampi, opal gler.
H24 cm. **Verð 9.995,-**
H35 cm. **Verð 12.995,-**

**Piet.** Rúmteppi. Grátt/hvítt. 100% bómull.
230x260 cm. **Verð 18.995,-**
260x260 cm. **Verð 19.995,-**

**Sleep.** Púðaver m/útsaum.
60x90 cm. **Verð 2.995,-**
**Arctic.** Púði. 1900g andafjaðrir.
60x90 cm. **Verð 3.990,-**

50% afsláttur

**Herðatré.** 8 stk. plast. Hvít eða svört. Verð 495,- **NÚ 245,-**

**Curtain.** Screen gardínur.
60x250 cm. **Verð 4.995,-**
*Hægt að stytta á breiddina. Einnig til í fleiri stærðum.*

**Clock.** Klukka. 20x18 cm.
**Verð 895,-** *Einnig til blá, græn og appelsínugul.*

**Bubble.** Sængurverasett m/gráu þrykki. 140x200 cm.
**Verð 7.500,-**

**60X37,5X17 CM**
**795,-**
**sparaðu 400,-**

Mikið úrval af geymslu-boxum

**Geymslubox.** 60x37,5x17 cm.
Verð 1.195,- **NÚ 795,-**

30% afsláttur

**Geymslubox.** 60x45x38 cm.
Verð 1.495,- **NÚ 995,-**

ILVA kaffi

Grilluð samloka m/skinku og osti (borin fram með salati)
**295,-**

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

*Lokað laugardaginn 1. maí.*
**Tilboð gilda til sunnudagsins 2 maí.**

**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18**
**mánudaga - föstudaga 11-18:30 www.ILVA.is**

**KADETTAR** Kadettar á kólumbísku skólafreigátunni Gloríu hafa stillt sér upp á reiða þegar skipið nálgast höfn í Perú. NORDICPHOTOS/AFP

Fleiri fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að rannsaka virkjanakosti í Hrunamannahreppi:

# Magma horfir til Kerlingarfjalla

**IÐNAÐUR** Magma Energy á Íslandi hefur átt í óformlegum viðræðum við sveitarstjórn Hrunamannahrepps um rannsókn á virkjanakostum. Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma Energy á Íslandi, staðfestir að viðræður hafi átt sér stað. „Við erum einfaldlega að skoða hvar geta legið tækifæri til skynsamlegrar orkunýtingar í náinni framtíð," segir hann.

Sunnlenska fréttablaðið greindi nýverið frá áhuga félagsins og hafði eftir Ragnari Magnússyni, oddvita Hrunamannahrepps, að málið væri á „algjöru byrjunarstigi". Fyrirtækið bætist í hóp fleiri sem áhuga hafi á svæðinu nærri Kerlingarfjöllum.

ÁSGEIR MARGEIRSSON

Ásgeir segir gott samstarf við sveitarfélagið mikilvægt. „Það rekur hitaveitu og er með rannsóknarleyfi," segir hann, en á þó síður von á að ákvarðanir verði teknar í flýti, enda kosningar í vor. Þá séu menn meðvitaðir um varnagla í rammaáætlun um nýtingu orkusvæða hvað varði óröskuð svæði á borð við Kerlingarfjöll. HS Orka, þar sem Magma Energy er hluthafi, sé hins vegar, eftir nýafstaðna hlutafjáraukningu, í góðri stöðu til þess að ráðast í stór verkefni. „Það er jarðhiti í Kerlingarfjöllum, en svo er líka jarðhiti niðri á Flúðum og spurning hvað er að finna þar á milli. Það vita menn ekki nema rannsaka það," segir Ásgeir. - óká

Ákvörðun eftir kostnaðarmat:

# Óbreyttir vextir Íbúðalánasjóðs

**EFNAHAGSMÁL Í kjölfar útboðs á íbúðabréfum hefur stjórn Íbúðalánasjóðs ákveðið að útlánavextir sjóðsins verði óbreyttir.**

**Útlánavextir íbúðalána með uppgreiðsluákvæði verða áfram 4,5 prósent, en 5,0 prósent án ákvæðis. Ákvörðun Íbúðalánasjóðs byggist á ávöxtunarkröfu í útboði íbúðabréfa 27. apríl ásamt vegnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. „Vegnir vextir í útboðinu og uppgreiddra ÍLS-bréfa eru 3,85 prósent," segir í tilkynningu sjóðsins.** - óká

# Göngutúr með Hjálmari

**Fróðlegt rölt um gamla Vesturbæinn milli 10 og 12 á laugardag**

Hittumst við **Hólavallakirkjugarð við Ljósvallagötu**. Gönguni lýkur með kaffisopa í gamla Ellingsenhúsinu og spjalli um gott borgarskipulag, arkitektúr, göngustíga og fleira áhugavert. Góð upphitun fyrir 1. maígöngu síðar um daginn!

**Allir velkomnir í góðan göngutúr!**

**EFTIRLIT** „Valdi fylgir ábyrgð og því er í 14. gr. stjórnarskrárinnar mælt svo fyrir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum," segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Víðtækar refsiheimildir vegna ráðherra

**Skýrsla rannsóknarnefndar leggur áherslu á frumkvæðisskyldu ráðherra sem sjálfir eigi að afla upplýsinga og grípa til aðgerða ef stofnanir bregðast. Ráð og fortölur eins ráðherra gegn öðrum geta varðað ábyrgð.**

**FRÉTTASKÝRING:**
Hversu víðtæk er ráðherraábyrgð?

Refsiheimildir vegna vanrækslu ráðherra á starfsskyldum ná bæði yfir ráðleggingar og fortölur sem ráðherra beitir vegna máls sem annar ráðherra ber ábyrgð á og til þess sem fram fer á ríkisstjórnarfundum þar sem ráðherrar skiptast á skoðunum og ráða ráðum. Þetta má lesa í sextánda kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Nefndin segir refsiheimildir vegna vanrækslu á starfsskyldum ráðherra víðtækar. Í fundargerðum þurfi að vera skýrt hvaða ráðherrar hafi „með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt stuðlað að hverri þeirri athöfn sem tekin er fyrir á ráðherrafundi".

Þá kemur fram að stjórnarskráin veiti oddvitum ríkisstjórnarflokka ákveðið svigrúm til að taka á sínar herðar pólitíska stefnumótun ríkisstjórnar. Mál hafi þróast mjög í þá átt undanfarin ár. Sá ráðherra sem ber einn ábyrgð á hverri stjórnarathöfn þurfi þó sjálfur að taka þá ákvörðun og fá að koma sínum eigin viðhorfum að við málsmeðferðina. Einn undirkafli umfjöllunar rannsóknarnefndar um eftirlit með fjármálamarkaði er þar helgaður frumkvæðisskyldu ráðherra og ráðherraábyrgð. Þar segir að ráðherra eigi sjálfur að tryggja sér aðgang að upplýsingum um mikilvægustu málefni síns ráðuneytis. Hann beri sjálfur ábyrgð á að samskipti við undirstofnanir séu þannig „að hægt sé hafa eftirlit með starfrækslu þeirra". Ráðherra geti borið skylda til að koma starfsemi stofnunar í lögmætt horf ef skapast hefur „viðvarandi, ólögmætt ástand".

Eins og fram er komið telur nefndin að Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hafi vanrækt starfsskyldur í aðdraganda bankahrunsins. Björgvin segist ekki hafa fengið upplýsingar um aðgerðir sem kölluðu á athygli stjórnvalda í aðdraganda hrunsins, hvorki frá öðrum ráðherrum, Seðlabanka, né eigin aðstoðarmanni. Um leið og rannsóknarnefndin leggur mikla áherslu á frumkvæðisskyldu, eftirlitsskyldu og stjórnunarskyldu ráðherra segir hún að í sumum tilvikum sé því aðeins hægt að krefjast frumkvæðis að ráðherrann hafi fengið tilteknar upplýsingar.

Hlutverk nefndarinnar var að rannsaka en ekki dæma. Nú hefur þingmannanefnd næstu skref til meðferðar, þar á meðal spurninguna um hvort Landsdómur á að fjalla um hugsanlega vanrækslu ráðherra á starfsskyldum og ákveða hvort skilyrði séu fyrir þeim hinum víðtæku refsiheimildum ráðherraábyrgðarlaganna.

peturg@frettabladid.is

Herferð gegn bifhjólaslysum er talin hafa borið allnokkurn árangur:

# Bifhjólaslysum fækkaði í fyrra

**UMFERÐ** Bifhjólaslysum sem rekja má til þess að bifhjóli er ekið inn í hlið bíls fækkaði umtalsvert árið 2009 miðað við árið á undan. Árið 2009 voru þrettán slík slys á landinu en 29 árið á undan, árið 2007 voru þau nítján.

Fækkunina má að mati Umferðarstofu, lögreglunnar og forsvarsmanna bifhjólaklúbba að stórum hluta rekja til auglýsingaherferðar Umferðarstofu á árunum 2008 til 2009: „Fyrirgefðu ég sá þig ekki."

Auglýsingarnar voru í sjónvarpi og útvarpi og í þeim voru bílstjórar hvattir til að gá tvisvar til hliðar og aðgæta hvort þeir sæju mótorhjól áður en ekið var yfir gatnamót. Lögð var áhersla á þetta í kjölfar töluverðrar aukningar slíkra slysa árin á undan. „Brýna þurfti fyrir bílstjórum að það væri mun erfiðara að greina hraða bifhjóla og fjarlægð í samanburði við stærri ökutæki," segir í tilkynningu Umferðarstofu.

Á fundi í síðustu viku kom fram að auk herferðarinnar hafi aðrir þættir einnig stuðlað að fækkun slysanna. Til dæmis aukin vitund ökumanna um fjölda bifhjóla í umferðinni en þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár.

Alls voru 89 bifhjólaslys í fyrra, 107 árið áður og 90 árið 2007. Fækkunin var einkum í flokknum er herferðin náði til. - sbt



ÍSLENSKA / SÍA.IS / CZ 50131 04/10

## KÆRU VIÐSKIPTAVINIR ICELANDAIR

Starfsfólk Icelandair þakkar ykkur fyrir skilning og þolinmæði sem þið hafið sýnt á undanförnum tveimur vikum vegna ófyrirsjáanlegrar röskunar á millilandaflugi til og frá Íslandi vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Við höfum eftir fremsta megni reynt að halda uppi flugsamgöngum og koma til móts við þarfir ykkar við þessar óvenjulegu aðstæður. Án samvinnu við ykkur væri þetta ekki framkvæmanlegt.

Fyrir hönd starfsmanna Icelandair,

**Birkir Hólm Guðnason**, framkvæmdastjóri Icelandair

# ÞÖKKUM EINSTAKAN SKILNING OG ÞOLINMÆÐI

ICELANDAIR

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## LOKAÐ Í BÓNUS 1. MAÍ TÖKUM HELGINA SNEMMA

### K.S FROSIÐ LAMBALÆRI

**Best bragðast *frosna* lambalærið ef það er látið þíðna fyrir eldun í 3-5 daga í kæliskáp.**

### KF FERSKT KRYDDAÐ GRILL LAMBALÆRI *ÍSL.JURTIR*

***PEPSI OG PEPSI MAX 2 LTR.***

### DOLE BANANAR

BÓNUS KORNBRAUÐ EITT KÍLÓ DUGAR Í *13 SAMLOKUR* U.Þ.B. *15 KR.* SAMLOKAN

### HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR

### K.F GRILL VILLIKRYDDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR

***30% AFSLÁTTUR***

MERKT VERÐ 2220 KR.KG.

### MYLLU SPELTBRAUÐ 500G

### MYLLU MÖNDLUKAKA 420G

### FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG

### FROSIN BLÁBER 250G

### FROSIN JARÐARBER 1,2 KG

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

# LOKAÐ Í BÓNUS 1. MAÍ TÖKUM HELGINA SNEM

**Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg.** Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. **5.500 kr.** eða **1120 kr. í mál.**

**ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN**

**BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG**
FÍNN MATUR FYRIR FJÓRA
*ÞARF AÐEINS AÐ HITA*

**K.S FROSIN LAMBASVIÐ**
MERKT VERÐ 298 KR. **209 kr.kg.**

**EUROSHOPPER MAIS 340g**

**20.000 KAFFIPAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI:**
***398 KR.***
**BKI CLASSIC KAFFI MELLEMRÖSTED 500g**

**NAUTAVEISLU HAKK**

**ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**

**EUROSHOPPER BITAKÖKUR 150G**
*15000 PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.*

**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

**BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK.**

**BÓNUS BORGARI Í BRAUÐ**
***Á AÐEINS 165 KR.***

**BÓNUS FROSNIR BORGARAR 10 x 120g**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**PENINGAFALS** Filma af hundrað dollara seðli sem notuð var við peningafölsun í Caldas í Kólumbíu. Lögregla lagði þar í gær hald á tvær milljónir dala í fölsuðum seðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sex milljónir vegna eldgoss:

# Rannsóknir á svifryki efldar

**UMHVERFISMÁL Sex milljónum króna verður varið til kaupa og uppsetningar á sjálfvirkum mæli til að mæla svifryk á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli. Ríkisstjórnin samþykkti í gærmorgun tillögu Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra þess efnis.**

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

**Áhrifasvæðið er of stórt til að svifryksmælar sem Umhverfisstofnun flutti á svæðið frá Akureyri og Reykjavík dugi til að sinna vöktun svo vel sé, að því er segir í tilkynningu.**

- sh

# Olían nálgast strendurnar

**Bandaríkjaher var kallaður út til að berjast gegn olíuleka á Mexíkóflóa. Tíminn er naumur því olíumagnið sem streymir út í hafið er þrisvar sinnum meira en vonast var til. Óttast að olían geti náð til strandar í dag.**

**BANDARÍKIN, AP** Olíulekinn úr borpallinum Deepwater Horizon hefur orðið miklu meiri en fyrst var vonast til. Stjórnvöldum þótti rétt að senda herinn til aðstoðar við að hemja útbreiðslu olíunnar svo viðkvæm lífríki við strendur Mexíkóflóa verði ekki fyrir tjóni.

„Við þiggjum hjálp frá hverjum sem er," sagði Doug Suttles, framkvæmdastjóri hjá olíufélaginu BP, sem fram að þessu hafði ekki orðið við hvatningu strandgæslu Bandaríkjanna um að óska formlega eftir aðstoð frá hernum.

Tíminn er hins vegar orðinn naumur, því síðan pallurinn sökk í síðustu viku hafa um fimm þúsund tunnur af olíu runnið út í hafið á hverjum degi, en það magn samsvarar um 800 þúsund lítrum.

Í gær vantaði einungis 20 kílómetra upp á að olíumengunin næði til strandar, og óttast er að hún verði komin á land í dag. Unnið var hörðum höndum að því að leggja flotgirðingar meðfram ströndinni til að verja hana.

Verði ekki hægt að loka uppsprettu olíunnar gæti svo farið að nærri hundrað þúsund tunnur af olíu verði komnar út í hafið áður en lokið verður við að bora nýjan brunn, sem á að létta þrýstingnum af þeim sem fyrir er.

Sprenging varð í olíupallinum Deepwater Horizon í síðustu viku, með þeim afleiðingum að hann skíðlogaði um hríð áður en hann sökk í sjóinn, en olían streymir enn út og ógnar viðkvæmu lífríkinu við strendurnar.

gudsteinn@frettabladid.is



SYSTEMS One®
www.onesystems.is

OneSystems®
sími: +354 660 8551 | fax: +354 588 1057
www.onesystems.is | one@onesystems.is

Microsoft | Partner Program

Windows Windows Server Office

# SYSTEMS OnePortal® Citizen
## - vefgátt fyrir íbúa

Með OnePortal®Citizen veita sveitarfélögin nú íbúum sínum og starfsfólki frábæra þjónustu á vef þeirra alla daga, allt árið um kring.

Sjálfvirk og gagnvirk þjónusta á vefnum þar sem umsóknir fyrir íbúa eru einfaldar og hægt að fylgjast með ferli þeirra, bæði fyrir þann sem sækir um og þá sem koma að vinnslu þeirra.

Dæmi um þjónustu: Samskipti íbúa við sveitarfélögin,
öll helstu mál, erindi og umsóknir og birting reikninga og álagningarseðla.

Kynntu þér staðlaðar og tilbúnar lausnir OneSystems® - við getum hjálpað.

Árborg Fljótsdalshérað Skagafjörður

SYSTEMS One®
built on Microsoft® technology

# Fagnaðu 1. maí með BKI kaffi

*Verkalýðsdagurinn er á morgun!*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins er 1. maí** en dagurinn var valinn á þingi Alþjóðasambands sósíalista í París 1889, á hundrað ára afmæli frönsku byltingarinnar. Þann 1. maí má sjá kröfugöngur, heyra Internasjónalinn og flaksandi fánar með rauða lit uppreisnarinnar gegn ranglætinu bera við himininn.

Í sveita þíns andlits færðu þér svart BKI kaffi. Taktu BKI kaffi svart og sykurlaust í dagrenningu réttlætisins. Flaggaðu, því 1. maí er líka einn af löggiltum fánadögum lýðveldisins.

*Kjóstu BKI verkalýðskaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.

**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir verkalýðsdaginn***


RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

**ICESAVE** „Þá var einnig ljóst að þarna var stofnað til innlánsskuldbindinga af hálfu Landsbankans gagnvart einstaklingum í Bretlandi og að útgreiðslum, þar með talið við áhlaup, yrði að mæta í pundum en Landsbankinn gat ekki vænst þess að eiga kost á þrautavarafyrirgreiðslu seðlabanka í annarri mynt en íslenskum krónum," segir rannsóknarnefnd Alþingis.

# Kom á óvart að fé var flutt til Íslands

**Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sýnir að það kom Seðlabanka Íslands á óvart í hve miklum mæli Landsbankinn flutti þann gjaldeyri sem safnaðist á Icesave-reikningnum í Bretlandi heim til Íslands. Hreyfanleiki fjármagnsins innan samstæðunnar var þó hin upphaflega forsenda þess að ákveðið var að reka Icesave sem útibú íslenska móðurfélagsins en ekki sem breskt dótturfélag.**

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri fékk þær upplýsingar frá ónafngreindum stjórnanda Landsbankans síðla árs 2007 að Landsbankinn væri ekki að færa heim það fé sem kom inn á erlenda innlánsreikninga. Þegar Eiríki var sagt þetta var Seðlabankinn að undirbúa að rýmka reglur sínar um bindiskyldu bankanna.

Bæði Eiríkur og Davíð Oddsson sögðu nefndinni að þeir hefðu fyrst um mitt ár 2008 gert sér grein fyrir flutningum peninganna til Íslands. Í minnisblaði eftir fund sinn 3. mars með Mervyn King, seðlabankastjóra Englands, hafði Davíð ritað: „Ráða mátti af orðum forsvarsmanna Bank of England að þeir hefðu ekki nægar upplýsingar til þess að meta rétt stöðu íslensku bankanna. Þeir töldu t.d. að innlán sem safnað er í Bretlandi væru meira og minna notuð til þess að fjármagna hraðan vöxt útlána á Íslandi."

### Íslenskur misskilningur

Skýrslan tekur af tvímæli um að í þessu efni var misskilningurinn Seðlabanka Íslands en ekki Bretlands.

Landsbankinn safnaði Icesave-innlánunum fyrst og fremst í því skyni að flytja þau til innan samstæðunnar og til Íslands. Þess vegna var sú leið farin að reka Icesave undir merkjum útibús frá íslenska móðurfélaginu en ekki í nafni bresks dótturfélags. Fram kemur í skýrslunni að mjög strangar reglur á Bretlandi hefðu hindrað fjármagnsflutningana ef reksturinn hefði lotið þarlendum reglum.

Einnig leiddi það af þessu rekstrarformi að íslenska Fjármálaeftirlitið en ekki það breska bar höfuðábyrgð á eftirliti með Icesave. Síðast en ekki síst gerði þetta form á rekstrinum íslenska innstæðutryggingakerfið en ekki hið breska ábyrgt gagnvart breskum sparifjáreigendum.

Eftir að Icesave var sett á laggirnar í október 2006 festi Landsbankinn fjórðung innlánanna í tryggum og auðseljanlegum eignum. „Þessum sjóði var ætlað að gera bankanum auðveldara að jafna sveiflur vegna úttekta af Icesave-reikningum," segir í skýrslunni. Seinni hluta 2007 setti bankinn hins vegar þessar eignir að veði í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Evrópu og kom sú ráðstöfun í veg fyrir að hægt væri að nota þær til sveiflujöfnunar eins og ráðgert hafði verið.

### Breskir þingmenn þrýstu á

Á fyrstu mánuðum ársins 2008 fóru Icesave-reikningarnir að verða viðfangsefni íslenskra stjórnvalda. Þeir höfðu þá verið reknir í hálft annað ár. Erlendir fjölmiðlar lýstu áhyggjum af stöðu íslenska bankakerfisins og töluðu um Ísland sem risastóran vogunarsjóð. Innstæðueigendurnir tóku mun meira út en sem nam nýjum innlánum.

Farið var að ræða flutning Icesave yfir í breskt dótturfélag. Bresk stjórnvöld töldu að það mundi róa breska sparifjáreigendur og fullvissa þá um að innstæður þeirra væru undir breskri löggjöf. Breskir þingmenn voru farnir að setja þrýsting á sín stjórnvöld að vernda breska hagsmuni.

Um miðjan mars 2008 funduðu Landsbankamenn með breska fjármálaeftirlitinu, FSA. Bretar höfðu gert úttekt á bankanum, og lögðu að Landsbankamönnum að færa Icesave úr útibúi og undir dótturfélagið Heritable Bank. „Slík yfirfærsla myndi leiða til þess að ábyrgð á innstæðutryggingum færðist frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta yfir til breskrar systurstofnunar sjóðsins (Financial Services Compensation Scheme). Tilefni fundarins var einnig veik staða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, hækkandi skuldatryggingarálag íslensku bankanna og neikvæð umræða í breskum fjölmiðlum," segir í skýrslunni.

Bretar voru tilbúnir að taka yfir umsjón og ábyrgð á reikningunum – en ekki nema eignirnar yrðu einnig fluttar á breskt yfirráðasvæði. Bretarnir ætluðu ekki að taka skellinn fyrir Landsbankann og hálftóman íslenska tryggingasjóðinn.

### Framhald í innlánssókn

Landsbankinn varðist þessum kröfum af hörku, lét vinna lögfræðiálit til að telja bresk stjórnvöld ofan af sinni afstöðu og hélt fram rétti sínum til þess að safna innlánum í Bretlandi á ábyrgð veikburða tryggingasjóðs á Íslandi. Landsbankinn taldi að Bretar vildu fara of hratt í sakirnar, Landsbankinn réði ekki við að flytja svo miklar eignir til Bretlands. Auk þess gæti yfirfærsla milli landa kippt forsendum undan samningum sem bankinn hafði gert við sína lánardrottna.

Þegar líður á sumarið fara að koma fram efasemdir íslenskra embættismanna um að Landsbankamenn skilji alvarleika málsins og átti sig á því um hvað það snúist í raun og veru. Bókað er að það sé ekkert annað hægt að gera en að láta reyna á þolinmæði breskra stjórnvalda.

Hinn 4. september, mánuði fyrir hrun, er bókað svo í örvæntingartóni á fundi íslenskra embættismanna að Landsbankinn einblíni enn á „framhald í innlánasókn sem fjármögnun fyrir bankann".

### Leita nýrra bandamanna

Um þetta leyti virðist Landsbankinn leita til nýrra bandamanna í stjórnkerfinu á Íslandi. Tveimur dögum áður en bókunin er gerð hitti Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, á frægum fundi í breska fjármálaráðuneytinu. Fram kemur í skýrslunni að það var Landsbankinn sem hafði frumkvæði að því að viðskiptaráðherra óskaði eftir þessum fundi með Darling. Björgvin hafði ekki áður verið þátttakandi í málinu.

„Skiljið þið ekki hversu alvarlegt mál þetta er?" spurðu Bretar á fundi Darlings og Björgvins, samkvæmt skýrslunni. Bretar virtust búnir að gera upp hug sinn um að Landsbankinn væri að falla, og þeir höfðu ákveðið að greiða breskum borgurum Icesave-innstæðurnar að fullu. Þeir vildu fyrst og fremst fá að vita hverjum á Íslandi þeir ættu að senda reikninginn.

Í samskiptum sendiherra Íslands í London og breskra embættismanna eftir fundinn kom fram að Bretar efuðust um að Íslendingar hefðu almennilegan skilning á alvöru málsins.

FRÉTTASKÝRING
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is

Myndbandið með Heru Björk
frumsýnt á olis.is í dag!

# Við hitum upp fyrir Eurovision

## Þú færð gasgrillið samsett og sent heim!*

**Nú er tíminn til að skella sér út að grilla. Olís býður Ellingsen-gæðagasgrill í öllum verðflokkum. Við bjóðum upp á léttgreiðslur Visa og Euro!**

*Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri til kl. 18 virka daga og laugardaga.

olís

Við höldum með þér!

PIPAR\TBWA - SÍA \ 101003

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ein hjúskaparlög gildi fyrir alla:

# Prestastefna móast við

Góðar fréttir bárust í gær þess efnis að 91 prestur og guðfræðingur hefðu lagt tillögu fyrir prestastefnu um að giftingar samkynhneigðra yrðu leyfðar innan þjóðkirkjunnar. Verri fréttir bárust svo síðar um daginn; tillagan var ekki samþykkt heldur önnur sem vísar umfjöllun um málið til biskups og kenninganefndar, tillögu hinna framsýnu presta og guðfræðinga og tillögu séra Geirs Waage þess efnis að Alþingi létti af prestum Þjóðkirkjunnar umboði til þess að vera vígslumenn í skilningi hjúskaparlaga.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Íslendingar eru stoltir af að hér ríkir almennt frjálslegt viðhorf til kynhneigðar. Það er í takt við þennan frjálslynda anda að Ísland skipi sér í hóp þjóða og ríkja sem samþykkt hafa ein hjúskaparlög fyrir alla. Frumvarp þess efnis hefur þegar verið lagt fram á Alþingi enda kveður á um það í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að lögfest verði ein hjúskaparlög sem gildi fyrir alla. Tillaga hinna fjölmörgu presta og guðfræðinga sem fyrir prestastefnunni lá í gær var líka í þessum anda. Það væri á sama hátt í anda þessarar frjálslyndu hugsunar að íslenska Þjóðkirkjan fagnaði þessari lagasetningu.

Það er stjórnarskrárvarinn réttur að allir séu jafnir fyrir lögum og njóti mannréttinda. Hlutverk Þjóðkirkju hlýtur að vera að taka fullt mið af þessum stjórnarskrárvarða rétti og taka á móti öllum þegnum landsins og bjóða þá velkomna til að þiggja þjónustu hennar og blessun.

Litið er á hjónabandið sem eina af mikilvægustu grunneiningum samfélagsins. Það hefur ekki breyst þó að fjölskyldur séu nú á dögum mun fjölbreytilegri en áður tíðkaðist. Hjón eiga iðulega ekki öll börn sín saman og stundum engin börn, eða engin börn saman en mörg hvort í sínu lagi. Það sama á við um samkynhneigð pör. Samfélagslega er þannig enginn munur á hjónabandi karls og konu og staðfestri samvist samkynhneigðs pars.

Það er því löngu tímabært að Þjóðkirkja Íslendinga svari því kalli tímans að líta sömu augum á hjónabandið hvort heldur að til þess er stofnað af tveimur einstaklingum hvort af sínu kyni eða af sama kyni.

Ef kirkjunnar menn treysta sér hins vegar ekki til að ganga alla leið í því að tryggja samkynhneigðum sömu mannréttindi og gagnkynhneigðum má skoða það að skilja að stofnun hjónabandsins fyrir lögum annars vegar og blessun þess í kirkjunni hins vegar, eins og tillaga Geirs Waage gengur út á og tíðkast í mörgum löndum, sérstaklega kaþólskum. Það leysir hins vegar ekki Þjóðkirkjuna frá því að taka á móti öllum börnum sínum, samkynhneigðum jafnt sem gagnkynhneigðum, og veita þeim sambærilega blessun.

Geir Waage segir í frétt í blaðinu í dag að prestar Þjóðkirkjunnar muni vissulega fara að lögum, komi til þess að ein hjúskaparlög gildi um alla. Það er þó ekki nóg því Þjóðkirkjan verður að fara að lögunum af heilum hug og sannfæringu. Annars er hún ekki sú kirkja þjóðarinnar sem Þjóðkirkja verður að vera, kirkja fyrir alla.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Áhrifalausir**
Björgólfur Guðmundsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Hreiðar Már Sigurðsson eru ekki gleymdir erlendum fjölmiðlum þótt íslenska bankakerfið sé rústir einar. Þeir komust á lista bandarísku tímaritsins Time yfir 100 áhrifaminnstu menn í heimi árið 2010. Farið er háðulegum orðum um þá alla.

**Fræg miðstjórn**
Miðstjórn Besta flokksins hittist í viku-unni. Í henni sitja þrír menn, hver öðrum frægari:

Þetta eru Jón Gnarr, Einar Örn Benediktsson og Óttarr Proppé. Þeir eru að skipuleggja lokahnykkinn á kosningabaráttu Besta flokksins. Jón Gnarr hefur þegar lofað öllum borgarbúum því að þeir fái ókeypis í sund og ókeypis handklæði ef þeir kjósa flokkinn. Hann vill líka skjóta kindurnar í Húsdýragarðinum og bjóða borgarbúum í grillveislu. Ný kosningaloforð eru á leiðinni næstu daga.

**Tækifæri?**
Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti áhyggjum af agaleysi í ríkisfjármálum á Alþingi í gær. Hann er þekktur fyrir nýjar lausnir í erfiðri fjárhagsstöðu og fann frumlega leið út úr erfiðleikum eigin fyrirtækis. Þegar tap þess var gríðarlegt greiddi Ásbjörn sjálfum sér milljónir í arð. Kannski geta skattgreiðendur nú fylgt því fordæmi og greitt sér arð af tapinu á ríkissjóði?
peturg@frettabladid.is

## HALLDÓR

# Lýðræði er hugsun

Þjóðin og Alþingi

Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri

Þegar talað er um nýtt Ísland og nýtt lýðveldi á Íslandi er verið að óska eftir réttlátara þjóðfélagi þar sem heiðarleiki kemur í stað spillingar og lýðræði í stað flokksræðis. Með lýðræði er átt við lögbundinn rétt hvers einstaklings til þess að hafa áhrif á stjórn landsins og að allir séu jafnir fyrir lögunum.

Lög lands eiga að tryggja lýðræði á grundvelli þriggja meginstoða siðaðs samfélags: frelsis, jafnréttis og bræðralags, en með bræðralagi er átt við virðingu fyrir öllum einstaklingum, mannvirðingu án tillits til landamæra, litarháttar, skoðana eða trúarbragða.

Form lýðræðis er mikilsvert. Skilningur á lýðræði er ekki síður mikilsverður. Atkvæðagreiðsla á fjögurra ára fresti tryggir ekki lýðræði. Það gerir aðeins skilningur á lýðræði og lýðræðisleg hugsun. Til þess að treysta lýðræði þarf að taka upp kennslu í lýðræðislegri hugsun og lýðræðislegum starfsháttum í skólum landsins. Vísir að slíkri kennslu er þegar í sumum leikskólum og grunnskólum og nokkrum framhaldsskólum. En betur má ef duga skal. Ein helsta von til þess að endurreisa traust og virðingu í samfélaginu og tryggja framtíð þjóðarinnar er góð menntun – góðir skólar.

Þjóðin þarf á að halda traustum stjórnmálaflokkum - stjórnmálamönnum sem unnt er að treysta. Til þess að þjóðin geti borið traust til stjórnmálamanna, stjórnmálaflokka og fulltrúa á Alþingi þurfa stjórnmálamenn, stjórnmálaflokkar og alþingismenn, karlar og konur, að vera sér þess meðvituð, að Alþingi þiggur vald frá þjóðinni: að uppruni valdsins er hjá þjóðinni.

Til þess að tryggja lýðræði á Íslandi eftir áföll síðustu missera þarf að halda sérstakt stjórnlagaþing sem kjörið er persónukjöri með landið allt sem eitt kjördæmi. Stjórnlagaþingið semur frumvarp að nýrri stjórnarskrá sem hæfi kröfum tímans og tryggi frelsi allra, jafnrétti á öllum sviðum og skýlausa þrískiptingu valds. Frumvarp stjórnlagaþingsins að nýrri stjórnarskrá – nýjum grundvallarlögum – yrði síðan lögð fyrir í þjóðaratkvæði.

Fyrsta grein í stjórnarskrá nýs lýðveldis á að fjalla um mannvirðingu og mannréttindi og önnur greinin um að endanlegt vald sé hjá þjóðinni. Síðan komi þau atriði er varða form lýðræðis í nýju lýðveldi á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Námskeið um ræktun matjurta og kryddjurta til heimilisnota

Heiður Björnsdóttir kennir hvernig rækta má grænmeti og kryddjurtir með lítilli fyrirhöfn!

NÝTT NÁMSKEIÐ 5. MAÍ

Miðvikud. 5. maí
Heilsuhúsinu Lágmúla
kl. 19:30 - 22:30

Áhugasamir skrái sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 kl:10 -18 alla virka daga.
Verð kr. 4.500.-

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

# Siðareglur fyrir forseta

**Forsetaembættið**

**Njörður P. Njarðvík**
rithöfundur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands

Sá sem hefur næma siðferðiskennd, þarf ekki að setja sér sérstakar reglur. Siðvitund hans segir honum líkt og ósjálfrátt hvað er við hæfi. Það hefði væntanlega þótt tíðindum sæta á tímum Vigdísar Finnbogadóttur og Kristjáns Eldjárn, að talin væri þörf á sérstökum siðareglum um störf þeirra. Hið sama hygg ég að segja megi um Ásgeir Ásgeirsson og Svein Björnsson, þótt ég þekkti ekki að sama skapi til þeirra persónulega. Mér er minnisstætt að ég heyrði Kristján Eldjárn segja, að á Bessastöðum skyldi ríkja alþýðlegur virðuleiki. Þá var sátt með þjóð og forseta – og gagnkvæm virðing.

Það er dapurlegt að sjá, að siðferðisálit í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis skuli þurfa að taka til hlutar forseta Íslands í útrás og aðdraganda hrunsins – og telja af því nauðsyn að skýra betur hlutverk hans í stjórnarskrá, setja nýjar reglur um hlutverk og verkefni forsetans og æskilegt að forsetaembættið setji sér siðareglur. Það er líka dapurlegt að sjá hvernig forsetinn bregst við. Þótt e.t.v. megi finna einhverjar misfærslur, eru meginatriðin alveg skýr. Forsetinn gekk erinda og mærði úr hófi fram bankamenn og „athafnaskáld“ sem hafa valdið þjóðinni allri óbærilegum skaða. Hann gerði þá nánast að heimagöngum á Bessastöðum, skrifaði meðmælabréf, valsaði með þeim um heiminn og flutti fyrir þá lofræður sem voru svo fullar af yfirgengilegri þjóðrembu, að hver sæmilega heilbrigður Íslendingar hlýtur að roðna og blána við lestur þeirra. Í skjóli forsetaembættisins og „auðæfa“ sinna töldust þessir menn sérstakt fyrirmyndarfólk. Um þess háttar menn sagði bandaríska ljóðskáldið Walt Whitman árið 1870: „Fyrirmyndarfólk dagsins er ekkert annað en tískuklæddur skríll braskara og rudda.“ Manngerðin ætti því að vera ekki með öllu óþekkt. Forsetinn hefði betur staðið í ögn meiri og gagnrýnni fjarlægð.

Forseti Íslands veitir mönnum heiðursmerki Hinnar íslensku fálkaorðu. Í 1. grein forsetabréfs um fálkaorðuna frá 31. desember 2005 segir, að henni megi sæma „innlenda einstaklinga eða erlenda fyrir vel unnin störf í þágu þjóðarinnar, einstakra þjóðfélagshópa eða landshluta, eða í þágu mikilvægra og góðra málefna á Íslandi eða á alþjóðavettvangi.“ Hér er tæpast átt við neina smámuni, enda hafa ýmsir talið slíka orðuveitingu einhverja æðstu viðurkenningu sem Íslendingum getur hlotnast. Það er ekki gaman fyrir okkur, venjulega Íslendinga, að sjá þrjá fyrrverandi forsætisráðherra spranga um með æðstu stig fálkaorðunnar, þá þrjá sem trúlega hafa skaðað þjóðina öðrum stjórnmálamönnum fremur. Árið 2005 fær Björgólfur Guðmundsson orðuna „fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar“. Við vitum að hann veitti stundum rausnarlega til menningarmála, en vitum minna um ætterni þeirra peninga og raunverulega eigendur. Og framlag hans til viðskiptalífs verður tæpast metið til orðuveitingar. En lengst er þó gengið 1. janúar 2007, þegar forseti Íslands veitir Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings banka, riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu „fyrir forystu í útrás íslenskrar fjármálastarfsemi“. Sem sé: fyrir það sem hefur beinlínis stórskaðað íslenska þjóð. Skyldu menn nú telja sér mikinn heiður að þiggja þessa orðu? Skyldu einhverjir kannski vilja skila henni? Í 13. gr. segir, að Stórmeistari (forsetinn) geti, „að ráði orðunefndar, svipt hvern þann, sem hlotið hefur orðuna en síðar gerst sekur um misferli, rétti til að bera hana“. Kannski er kominn tími til að beita þessu ákvæði?

Ekki veit ég hversu vel forseti Íslands er að sér í eldfjallafræði. Enginn íslenskur jarðvísindamaður hefur kveðið upp úr um yfirvofandi Kötlugos, enda veit enginn hvenær eldfjöll gjósa nema með harla skömmum fyrirvara, – því miður. Það er því undarlegt, eftir allt sem á undan er gengið, að forseti Íslands skuli finna hjá sér hvöt til að hræða alla heimsbyggðina – og þar með – að minnsta kosti óbeint – vara menn við að koma hingað og hætta lífi sínu hér. Mörgum brá illilega við þessi ummæli, og hafa sumir haft á orði að forsetanum beri að segja af sér. Um það skal ég ekki dæma. En ljóst má vera, að forseta Íslands ber að gæta orða sinna af varkárni þegar hann talar í krafti síns embættis. Einhverju sinni sagði hann, að gjá hefði myndast milli Alþingis og þjóðarinnar. Hefur hann ekki sjálfur myndað slíka gjá milli sín og hennar? Að minnsta kosti sýnist ljóst, að sameiningartákn þjóðarinnar (eins og sagt er um forseta Íslands) er hann ekki og getur ekki verið. Slíkt sameiningartákn hefur íslensk þjóð ekki átt síðan Vigdís Finnbogadóttir lét af embætti 1996.

> Hann gerði þá nánast að heimagöngum á Bessastöðum, skrifaði meðmælabréf, valsaði með þeim um heiminn og flutti fyrir þá lofræður sem voru svo fullar af yfirgengilegri þjóðrembu, að hver sæmilega heilbrigður Íslendingar hlýtur að roðna og blána við lestur þeirra.

Hreint loft með cleanaer

nýtt
Tea Tree ilmur
Sótthreinsandi virkni sem drepur 99.9% af bakteríum og vírusum meðal annars svínaflensu H1N1 vírusinn.
VORTILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 12.995
Tea Tree hylki fylgir frítt með!
- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hreinsar allt að 56m3 rými

Heimilistæki ht.is
HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

50 kassar utan um augnakonfekt.

500 bæklingar með nýju sniði.

Oddi

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Fákeppnin er skipulagsmál

**Borgarmál**

**Hjálmar Sveinsson**
frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Kostir verslunarmiðstöðva eru miklir, það sést best af vinsældum þeirra. Í þeim er hægt að kaupa næstum allt í einni ferð og ef þær eru reistar í útjaðri byggðanna er hægt bjóða verslunareigendum mun ódýrara húsnæði en tíðkast við hefðbundnar verslunargötur. Þegar þar við bætist að verslunarmiðstöðvar bjóða upp á nær ótakmörkuð, „ókeypis bílastæði“ verða þær ómótstæðilegar. Þrátt fyrir það hafa undanfarin 10 til 20 ár verið skýr merki um að blómatími þeirra sé liðinn í sjálfu upprunalandinu, Bandaríkjunum. Þar er þeim lokað í nokkuð stórum stíl. Það er merkileg þróun og afar myndræn eins og sjá má á mögnuðum vef tileinkuðum dauðum mollum: deadmalls.com.

Ókostirnir eru ekki jafn augljósir fyrir einstaklingana, þá sem fara allra sinna ferða á bílum, en þeir eru afdrifaríkir fyrir samfélagið. Þeir felast fyrst og fremst í miklum samfélagslegum kostnaði. Sérstaklega þegar verslunarmiðstöðvarnar standa fyrir utan meginbyggðina. Þegar staðsetning verslunarmiðstöðva, sem risið hafa hér síðustu árin, er skoðuð kemur í ljós að þær rísa nær alltaf við stofnbrautir og þar með fyrir utan íbúðarhverfin. Korputorg, Smáratorg, Smáralind, Kauptún. Þær nærast á mikilli bílaumferð og búa hana til ef hún er ekki þegar til staðar. Þær eiga allt sitt undir því að fólk fari á bílum en ekki fótgangandi til að versla, þær heimta umfangsmikil umferðarmannvirki, þær eru mjög landfrekar, þær stuðla að dýrkeyptri offjárfestingu í bílum, þær auka eldsneytisnotkun og koldíoxíðlosun. Þær soga til sín alla verslun og þjónustu úr nálægum hverfum og jafnvel sveitarfélögum, þær ýta undir einsleitni og fákeppni á markaði.

Verslunarmiðstöðvar hafa mikil áhrif á landnotkun, umferð, verslun, skipulag og yfirbragð bæja og hverfa. Þær móta lífshætti og lífsgæði íbúanna. Samanlagðir fermetrar verslunarmiðstöðva sem byggðar hafa verið hér á landi undanfarin ár eru líklega yfir 200.000.

Þegar eignarhaldsfélög verslunarmiðstöðvanna eru skoðuð, og samsetning verslana og þjónustu, kemur skýrt mynstur í ljós sem kalla mætti tangarsókn fákeppninnar. Eignarhalds- og þróunarfélagið SMI byggði Korputorg, Glerártorg, Smáratorg 1 og Smáratorg 3 (turninn). Félagið ætlaði einnig að opna rúmlega 20.000 fermetra verslunarmiðstöð við útjaðar Selfoss og kalla hana, það kemur varla á óvart, Fossatorg.

Ef af verður mun það soga til sín nær alla verslun frá Selfossi og hirða straum fólks sem er á leið í sumarbústaði á sumrin í Grímsnesi. Einnig stóð til að reisa rúmlega 20.000 fermetra „torg“ í Innri-Njarðvík, við Reykjanesbraut.

Þegar nánar er að gáð, kemur í ljós að það eru yfirleitt sömu búðirnar í miðstöðvunum og þær hafa nær undantekningarlaust tilheyrt risastórum eignarhaldskeðjum örfárra manna. Við erum að tala um Rúmfatalagerinn, matvörukeðjurnar Bónus og Krónuna, raftækjaverslunina Elko, bensínsölufyrirtækið N1 og skrifstofuvörukeðjuna Office One. Þess má geta að fasteignafyrirtækið SMI hefur verið dótturfyrirtæki eignarhaldsfélagsins Lagersins. Það fyrirtæki var nær óskipt í eigu eins manns, Jakúps Jacobsen, stofnanda Rúmfatalagersins.

Hér hefur verið byggt upp velferðarkerfi eignarhaldsfélaga og fákeppni. Við þurfum að afnema það kerfi og byggja upp velferðarkerfi borgarbúanna sjálfra. Fákeppnin í borginni er meðal annars skipulagsmál. Það er fáránlegt að örfáir menn eignist alla matvöru- og smávöruverslun á Íslandi. Það er enn fáránlegra að þessir menn ráði því alfarið hvar verslun er stunduð á höfuðborgarsvæðinu.

Matvöru og smávöruverslun á heima inni í hverfinu, rétt eins og önnur nærþjónusta. Í nágrannalöndum okkar, Noregi og Danmörku, hafa verið settar skýrar reglur um stærð verslunarmiðstöðva, staðsetningu þeirra og samsetningu búðanna sem þar eru.

Slíkum reglum er ætlað að koma í veg fyrir fákeppni og efla verslun og þjónustu inni í hverfunum. Í þessum löndum er fákeppni og dauði hverfaverslana talin stríða gegn hagsmunum og takmarka lífsgæði almennings.

# Dýrafjarðargöng aftur á áætlun

**Samgöngur**

**Sigurður Pétursson**
formaður samg. nefndar Fjórðungssambands Vestfjarða

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfjarða skorar á samgöngunefnd Alþingis að setja aftur inn á Samgönguáætlun áranna 2009-2012 framlög til Dýrafjarðarganga, og staðfesta þannig fyrri vilja Alþingis og Vestfirðinga að göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði sett á áætlun samhliða Norðfjarðargöngum sem næsta jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum.“

Þannig hljóðar áskorun sem var samþykkt á fundi Samgöngunefndar Fjórðungssambandsins 26. apríl, eftir að samgönguráðherra lagði fram nýja samgönguáætlun til 2012, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi Dýrafjarðarganga fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum. Dýrafjarðargöng eru forsenda allra áætlana um uppbyggingu atvinnulífs, þjónustu og opinberrar stjórnsýslu á Vestfjörðum, hvort heldur litið er til Sóknaráætlunar 20/20, Byggðaáætlunar, samvinnu eða sameiningar sveitarfélaga eða annarra opinberrar þjónustu. Fullyrða má að Dýrafjarðargöng eru forsenda fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum. Dýrafjarðargöng og uppbygging vegar um Dynjandisheiði sameinar byggðir Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu í eitt atvinnu- og stjórnsýslusvæði og er alger forsenda þess að opinberar áætlanir um uppbyggingu á Vestfjörðum nái fram að ganga. Á hinn bóginn er ljóst að frestun framkvæmda við Dýrafjarðargöng, þó ekki sé nema um nokkur ár, mun reynast samfélagi Vestfjarða dýr og um leið samfélaginu öllu.

Í áskorun Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga til Alþingis er jafnframt minnt á þá staðreynd að miðað við samgönguáætlun og þær framkvæmdir sem nú eru í gangi á Norðausturlandi, má segja að innan tveggja ára verði allir þéttbýliskjarnar á landinu komnir með nútímasamgöngur milli héraða nema Vesturbyggð og Tálknafjörður, sem búa munu enn við hálfrar aldar vegakerfi, hvort heldur leiðin liggur í norður eða suður. Þetta er ástand sem Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur sagt að stjórnvöld ættu að biðja íbúana afsökunar á. Nú reynir á efndirnar.

Framkvæmdir á veginum milli Flókalundar og Bjarkalundar og framlög til Dýrafjarðarganga eru forgangsmál í samgöngum á Vestfjörðum. Nú er að duga eða drepast. Við Vestfirðingar látum það ekki yfir okkur ganga að vera settir aftast í röðina einu sinni enn. Krafan er skýr: Dýrafjarðargöng aftur inn á áætlun!

**AF NETINU**

## Gunnhildur Arna er hetja

Ef setja ætti í eina málsgrein álit Sannleiksnefndar á orsök hrunsins, væri hún: „Ábyrgðin er Davíðs“. Málið er að vísu aðeins flóknara. En enginn vafi leikur á, að Davíð Oddsson ber langmesta ábyrgð á hruninu. Meiri ábyrgð en Geir Haarde. Morgunblaðið túlkaði niðurstöðuna hins vegar svona á forsíðu: „Ábyrgðin er bankanna“. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir var vaktstjóri á Mogga þetta kvöld. Hún sagði upp í andmælaskyni við þessa túlkun. Davíð Oddsson er ritstjóri Moggans. Þótt hann sé úthrópaður víða um heim, grefur hann enn sem ritstjóri undan þjóð og þjóðskipulagi. En Gunnhildur Arna þorði að andmæla. Hún er hetja.

**Jónas Kristjánsson**
**jonas.is**

## Fyrir peninga má kaupa allt

Það er merkilegt að banki eða stórfyrirtæki séu til í að setja milljónir í einstaka stjórnmálamenn – án skilyrða. Það er nýlunda. Sponsið sem þeir settu í tónleikahaldið var alltaf háð miklum skilyrðum: þeir vildu fá eitthvað í staðinn. Ef upphæðirnar voru eitthvað í líkingu við „styrki“ til stjórnmálamanna þá mátti bóka að sérstakt VIP lounge væri á svæðinu og merkingar sýnilegar í hvívetna. Menn fengu að njóta þess að vera tengdir viðburðinum. En öðru máli gegnir greinilega um stjórnmálamennina. Kapítalistarnir fá þar allt í einu nýja hugmynd: styrkjum þá án allra skilyrða – samfélagsins vegna. Yeah right!

**Grímur Atlason**
**http://blog.eyjan.is/grimuratlason/**

# THE BODY SHOP™

## Góður farði, hagstætt verð

Í verslunum The Body Shop fæst mikið úrval vandaðra og góðra förðunarvara – og enn sem áður er verðið afar hagstætt.
Hér getur að líta nokkur dæmi.

"Super volume"-augnháralitur
1790 kr.

Bronspúður
1990 kr.

"Moisture foundation"-andlitsfarði
2360 kr.

"All-in-one"-andlitsfarði
2640 kr.

Blautur augnlínupensill
1460 kr.

Augnskuggi
1380 kr.

**Frábær kaupauki**

Kinnalitur
1540 kr.

Tvenns konar augabrúnalitur og pensill saman
2260 kr.

Augnblýantur
1260 kr.

Varalitur
1460 kr.

## Kaupauki

**Hliðartaska**
**Þegar verslað er fyrir 5490 kr. eða meira.**
Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað , sími 588 7299*

THE BODY SHOP®

# Fagor hitakútar

TBWA\PIPAR • SÍA • 100814

Hitakútur 15 lítra Fagor 230V
45.900

Hitakútur 30 lítra Fagor 230V
49.900

Hitakútur 50 lítra Fagor 230V
56.900

Hitakútur 75 lítra Fagor 230V
65.900

Hitakútur 100 lítra Fagor 230V
73.900

Hitakútur 150 lítra Fagor 230V
82.900

Hitakútur 200 lítra Fagor 230V
97.900

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING



**MEXT**
**Styrkir til náms í Japan fyrir árið 2011**

MEXT (Mennta- og menningarmálaráðuneyti Japans) býður íslenskum ríkisborgurum að þiggja styrki til náms í Japan. Um er að ræða þrjá mismunandi styrki. Styrkirnir fela í sér flugfargjöld fram og til baka, skólagjöld og mánaðarlegan framfærslustyrk. (Framfærslustyrkur er breytilegur eftir því um hvaða styrk er að ræða.)

1. Styrkur til framhaldsnáms á háskólastigi (rannsóknarnám til Meistara- og PhD gr.)
2. Styrkur til grunnnáms á háskólastigi.
3. Styrkur til iðntæknináms (að loknum framhaldsskóla).

Umsækjendur verða að vera að vel á sig komnir, líkamlega og andlega, auk þess að hafa til að bera áhuga á að læra japönsku. Ætlast er til þess að styrkþegar verði komnir til Japans milli 1. og 7. apríl 2011. (Styrkþegar á leið í rannsóknarnám verða að vera komnir til Japans innan tveggja vikna frá því að viðkomandi háskóli hefur kennslu á önninni.)

Umsjón með forvali verður í höndum Sendiráðs Japans á Íslandi. Meðmælum með hæfum umsækjendum verður komið til Menntamálaráðuneytis Japans, þar sem umsóknir verða endanlega samþykktar.

Frekari upplýsingar, leiðarvísi með umsókn og eyðublöð má nálgast á slóðina: http://www.studyjapan.go.jp/en/toj/toj0307e.html#1
Umsóknum skyldi skilað til Sendiráðs Japans eigi síðar en föstudaginn 25. júní 2010.
Umsóknir sem berast seint eða eru ófullkláraðar, virka neikvætt á stöðu umsækjenda.
Allir umsækjendur sem teljast hæfir verða boðaðir til skriflegra prófa auk viðtals í Sendiráði Japans í **júlí 2010**.

**Frekari upplýsingar eru veittar hjá:**
Sendiráði Japans á Íslandi
Sími: 510-8600
Fax: 510-8605
Tölvupóstur: japan@itn.is



512 Auglýsingasími 54 01
Allt sem þú þarft...


# Orkuveitan og kosningabaráttan

**Orkuveita Reykjavíkur**


**Guðlaugur G. Sverrisson**
stjórnarformaður OR

Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur er farin að bera keim af kosningunum framundan. Upplýsingum, sem frambjóðendur telja sér til framdráttar, er haldið á lofti án samhengis við nokkuð annað í rekstri fyrirtækisins eða rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja almennt. Af þeim toga eru vígorð um aukningu skulda Orkuveitunnar. Þær eru vitaskuld viðfangsefni sem reglulega er á borði stjórnar fyrirtækisins og hjá OR sem og hjá Reykjavíkurborg stendur yfir fagleg vinna við að meta stöðuna og áhættuna í okkar síkvika rekstrarumhverfi.

Hér er í stuttu máli farið yfir máefni OR í samhengi við fleiri lykilstærðir rekstursins, s.s. aukningu eigna, verðmæti langtímasamninga og afgjald til eigenda í gegnum tíðina.

Ástæða þess að OR hefur tekið langtímalán í erlendum gjaldmiðlum er einfaldlega sú að vextir af þeim eru brot af þeim vöxtum sem lagðir eru á íslenskar krónur. Nærri lætur að erlendur fjármagnskostnaður OR sé jafn og ef íslensk lán hefðu verið tekin, þrátt fyrir gengishrunið. Öll styrking krónunnar frá því sem nú er gerir því erlendu lánin hagstæðari að öðru óbreyttu. Almenningur getur fylgst býsna vel með þróun skuldastöðu OR. Ársreikningur liggur fyrir og gengi íslensku krónunnar má lesa t.d. á vef Seðlabanka Íslands.

Eignir OR hafa aukist mikið enda hafa lánin verið tekin til fjárfestinga í traustum tekjuskapandi eignum. Sé sama mælikvarða beitt á eignir og í upphrópunum um skuldir, þ.e. íslenskar krónur á verðlagi hvers árs, hafa þær meira en fimmfaldast frá stofnun OR; farið úr 42 milljarða verðmati í 282 milljarða króna. Í þessari tölu eru langtímasamningar um orku í erlendri mynt ekki taldir nema að óverulegu leyti. Þeir eru metnir á um 180 milljarða króna. Á sama mælikvarða hefur framlegð Orkuveitu Reykjavíkur aukist úr 2,1 milljarði króna 1999 í 13 milljarða 2009, þ.e. meira en sexfaldast.

Í þessum tölum gætir vitaskuld verðbólguáhrifa en á sama tíma og eignir og framlegð hafa vaxið með þessum hraða, hefur verð á orku ekki haldið í við verðbólgu og skiptir tugum prósenta hvað almenningur greiðir lægra raunverð en fyrir áratug.

Loks er rétt að halda því til haga að meðan á uppbyggingu fyrirtækisins hefur staðið, hefur það greitt verulega fjármuni til sveitarfélaganna sem eiga fyrirtækið og axla með eignarhaldi sínu ábyrgð á rekstri og þjónustu við viðskiptavini langt út fyrir mörk þeirra. Afgjald til eigenda hefur ekki verið tengt afkomu hvers árs. Þannig jafnast sveiflur góðæra og hallæra út í greiðslum til eigenda. Það dæmalausa ástand sem nú er uppi hefur þó leitt til helmings niðurskurðar á afgjaldinu árin 2009 og 2010. Ef reiknað er til núvirðis greiðir Orkuveita Reykjavíkur til eigenda sinna samtals 33 milljarða króna á árunum 1999 til 2010. Það eru um 2,6 milljarðar á ári að jafnaði og hefur margt gott verkefnið verið unnið fyrir það fé.

# Aukin þjónusta við íbúa

**Hverfavefir**


**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
borgarstjóri

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að bæta stöðugt þjónustu við íbúa í þeirra eigin nærumhverfi. Borgaryfirvöld eru meðvituð um að þarfir íbúanna eru ólíkar eftir hverfum og þörfin fyrir hverfamiðaða þjónustu og upplýsingar er mikil. Hvert þeirra tíu hverfa sem borgina byggja, allt frá vesturbæ norður á Kjalarnes, hafa sína sérstöðu.

Á undanförnum árum hafa stór skref verið stigin í þá átt að bæta nærþjónustu Reykjavíkurborgar. Öflugar þjónustumiðstöðvar tóku til starfa, hverfisráð voru sett á laggirnar í öllum hverfum, Hanskinn var tekinn upp til að hreinsa og fegra hverfin og í fyrsta sinn fengu íbúar hverfanna tækifæri til að kjósa um smærri viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir í fjárhagsáætlun þessa árs, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Markmið borgaryfirvalda er að huga enn betur að nærþjónustu í hverju hverfi með aukinni upplýsingagjöf, bættu aðgengi og fleiri tækifærum til þátttöku í ákvörðunum er varða það sem stendur íbúum næst. Stórt skref í þessa átt var tekið með opnun tíu nýrra hverfavefja í vikunni. Þar er hægt að nálgast greinargóðar upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar í hverju hverfi fyrir sig. Hverfavefina er að finna á heimasíðunni hverfidmitt.is.

Hverfavefirnir hafa einnig að geyma fróðlegar upplýsingar um íbúasamsetningu í hverju hverfi, nýlegar framkvæmdir, framkvæmdir á yfirstandandi ári, niðurstöðu íbúakosningar, hugmyndir íbúa um skipulag, hverfislöggæslu, stolt hverfanna, myndasöfn með ljósmyndum úr hverfinu, auk frétta um viðburði og tíðindi sem tengjast hverfunum.

Síðast en ekki síst gefst íbúum kostur á að koma hugmyndum sínum og ábendingum um þjónustu Reykjavíkurborgar í hverfinu á framfæri í gegnum hverfavefina. Með viðkomu á þjónustumiðstöðvunum renna skilaboðin beint til viðeigandi starfsmanna innan Reykjavíkurborgar til frekari vinnslu og upplýsingamiðlunar.

Opnun nýrra hverfavefja á slóðinni hverfidmitt.is er enn eitt framfaraskrefið í upplýsingamiðlun og samráði við borgarbúa. Ég vil nota tækifærið og hvetja íbúa til að nýta sér þessa nýjung, ekki aðeins til að leita upplýsinga um allt það sem í boði er í hverju hverfi, heldur ekki síður til að hafa enn frekari áhrif á ákvarðanir og aðgerðir er varða hverfin í borginni og þar með lífsgæði íbúanna.

# Norræna ofveiðisamfélagið

**Sjávarútvegsmál**


**Helgi Áss Grétarsson**
sérfræðingur við Lagastofnun HÍ

Í hugmyndaheimi margra Íslendinga er undirrót alls ills í samfélaginu það fyrirkomulag sem við lýði hefur verið við stjórn fiskveiða sl. tvo áratugi. Ófáir hafa haldið því fram að þangað eigi efnahagshrunið rót sína að rekja. Upptaka fiskveiðistjórnkerfisins hafi ýtt til hliðar því samfélagi sem grundvallaðist á norrænum gildum um velferð og jöfnuð. Þessi einfalda söguskoðun var í megindráttum sett fram í pistli Guðmundar Andra Thorssonar sem birtist í Fréttablaðinu 26. apríl sl., og þótt hún eigi sér marga fylgjendur þá er hún að mínu mati fjarstæðukennd. Fyrir þessu eru margvíslegar ástæður en hér verða eingöngu fáeinar nefndar.

### Veiðimannasamfélagið

Um margra áratuga skeið gekk efnahagslíf Íslendinga út á það að veitt yrði sem mest. Gífurlegum fjárhæðum var varið í að byggja upp atvinnutæki í sjávarútvegi sem engin þörf var fyrir. Með þessu átti að skapa atvinnu vítt og breitt um landið án þess að nokkur innstæða væri fyrir því. Undirstöður hagkerfisins voru reistar á því að ávallt yrði veitt meira og meira af fiski, sama hvaða ráð fiskifræðingar reiddu fram um þolmörk auðlindarinnar. Í krafti ofnýtingarinnar á fiskveiðiauðlindinni og rangri skráningu á gengi gjaldmiðilsins var hægt að halda uppi fölskum lífskjörum á Íslandi um langt skeið. Á þessum grundvelli voru laun almennings hækkuð en sú ráðstöfun lækkaði laun sjómanna miðað við aðrar stéttir í samfélaginu. Samtök þeirra vildu því að hið miðstýrða fiskverð yrði hækkað. Þegar látið var undan þeirra kröfum þurfti að fella gengið til að útflytjendur sjávarafurða gætu rekið sína starfsemi. Eftir að gengið hafði verið fellt stóðu launamenn frammi fyrir síhækkandi verðbólgu. Því fóru samtök þeirra fram á hærri laun til handa umbjóðendum sínum og sama hringrásin hófst, laun á almennum vinnumarkaði voru hækkuð, fiskverð var hækkað, gengið fellt og óðaverðbólgan hélt áfram.

### Að forðast hrun

Framangreindur vítahringur var augljóslega til staðar á tímabilinu 1970–1990 og að nokkru leyti einnig fyrir þann tíma. Árið 1990 var gripið til nauðsynlegra en róttækra aðgerða til að stöðva þessa þróun. Þetta var gert aðallega með tvennum hætti. Annars vegar voru gerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði sem voru til þess fallnir að ná tökum á verðbólgunni. Hins vegar komu fiskveiðistjórnunarlög til framkvæmda 1. janúar 1991 sem áttu að stuðla að virkari fiskvernd og aðlaga afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna. Á tíunda áratug síðustu aldar var þessum skipulagsbreytingum fylgt eftir og þannig var styrkari stoðum rennt undir atvinnulífið á Íslandi. Þetta stuðlaði m.a. að því að um aldamótin stóð efnahagslíf Íslendinga að mestu leyti í blóma, hið opinbera skuldaði lítið, atvinnuleysi var takmarkað og nýjar atvinnugreinar voru að spretta úr grasi. Það er hins vegar augljóst nú að á árunum sem eftir komu var illa spilað úr þessari góðu stöðu.

### Uppgjör við fortíðina

Nú á tímum uppgjörs mættu álitsgjafar taka sig til og reyna að skilja betur þá þræði sem haldið hafa íslensku samfélaginu gangandi um margra áratuga skeið. Sé það gert kemur í ljós að Ísland var veiðimannasamfélag sem um langt skeið var fjármagnað með ofveiði og þeirri tiltrú að sjávarútvegur sem rekinn væri á núlli gæti haldið uppi atvinnustigi úti um allt land. Þessu þurfti að breyta ellegar blasti við hrun.

Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til við stjórn fiskveiða sl. tvo áratugi hafa verið sársaukafullar fyrir marga – en hefðum við viljað að ekkert hefði verið gert, rétt eins og árin fyrir efnahagshrunið í október 2008?

**HUNDARÆKTUNARFÉLAGIÐ REX** er fimm ára í ár. Af því tilefni efnir félagið til afmælissýningar um helgina í Reiðhöll Gusts í Kópavogi. 110 hundar af fimmtán tegundum verða sýndir auk þess sem ungir hundaeigendur sýna hæfni sína. Sýningin hefst klukkan 12 á morgun og sunnudag.




**Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Nýr A la Carte

Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Hringbraut

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Kristni þótti erfitt að finna alvöru brownie á Íslandi en er nú kominn með hina fullkomnu uppskrift. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hin fullkomna brownie

**Kristinn Edgar Jóhannsson leitaði lengi vel að hinni fullkomnu uppskrift að brownie en komst um síðir að raun um að besta uppskriftin var jafnframt sú einfaldasta. Hann lumar á nokkrum lykilatriðum.**

„Ég hef þvælst nokkuð um Ameríku í gegnum tíðina og hef alltaf verið veikur fyrir ýmiss konar amerísku góðgæti. Einna veikastur hef ég þó verið fyrir ekta amerískum brownies," segir Kristinn Edgar Jóhannsson, yfirhleðslustjóri Air Atlanta, og rifjar upp eftirminnilegt atvik því til staðfestingar:

„Einu sinni var ég staddur í Annapolis og átti flug heim um kvöldið. Ég kom við á skyndibitastað sem heitir Fuddruckers og státar af því að bjóða upp á stærstu hamborgara í Ameríku. Þar er líka boðið upp á alveg gríðarlega stórar brownies sem voru alveg svakalega góðar. Ég lét pakka einni auka í box til að hafa með mér í handfarangri í flugið. Hugmyndin var svo að gefa konunni að smakka ekta ameríska brownie þegar ég kæmi heim. Það er þó skemmst frá því að segja að í 6 tíma flugi tók freistingin yfirhöndina og það eina sem var eftir þegar ég lenti í Keflavík var mylsna í kassanum góða. Ég steinþagði yfir þessu í mörg ár og hef aðeins nýlega létt þessu af samviskunni."

Kristni hefur hins vegar þótt afar erfitt að finna alvöru ameríska brownie á Íslandi. „Ég var farinn að halda að þetta væri eins og með Guinness-bjórinn sem menn segja að ferðist mjög illa og bragðist bara vel á Írlandi. Það var svo fyrir nokkrum árum að ég ákvað að leggjast í stafræna kökukrossferð um alnetið og prófa einhverjar af þeim fjölmörgu brownie-uppskriftum sem þar er að finna. Eftir fjölmargar misgóðar tilraunir komst ég að því að besta uppskriftin var jafnframt sú einfaldasta. Aðalgaldurinn liggur hins vegar í bökunartímanum," segir Kristinn og bendir á að afar algengt sé að fólk ofbaki brownies. „Galdurinn er að hafa þær aðeins hráar í miðjunni."

*vera@frettavera@frettabladid.is*

## BROWNIES

með hnetum **20 STYKKI**

1 bolli bráðið íslenskt smjör
2 bollar sykur
4 egg
2 tsk. vanilludropar
1 bolli kakó
1 bolli hveiti
1 bolli hnetur (valhnetur eða heslihnetur)
Brytjað súkkulaði eftir smekk (ekki of mikið, má sleppa)

*Þeytið smjör og sykur saman. Bætið eggjum og vanilludropum við. Hrærið kakói og hveiti út í og að síðustu hnetum og súkkulaðibitum. Gætið þess að setja ekki of mikið af súkkulaði því þá er hætt við því að kökurnar verði of sætar. Mér finnst persónulega best að nota valhnetur en það er líka hægt að nota heslihnetur sem gefa aðeins þyngra bragð. Setjið í Brownies-form sem er með aðeins lægri börmum en hefðbundin form. Bakið við 160 gráður í um 30-35 mín. Kökurnar má alls ekki baka of lengi og eiga að vera aðeins hráar að innan. Látið kólna vel áður en þær eru bornar fram með þeyttum rjóma, ís og kaffi.*


;ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is

Frábær tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
1450 krónur á mann
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
2900 krónur fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
1550 krónur á mann
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
3100 krónur fyrir tvo

NINGS
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899

# PITSUR

**PITSUDAGUR** er haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum á hverju ári. Dagurinn er í október og hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 1987.



Egill segir lítið mál að laga sig að því að vera án eldhúss. Hann ætlar sér þó að smíða innréttingu en á eftir að finna tímann í það. Á meðan eru pitsur oft á boðstólum á heimilinu enda vinsælar meðal barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pitsuofninn hefur komið að góðum notum en hann má einnig nota til að baka kökur og elda fiskrétti. Sveinbjörn sonur Egils fylgist með pabba sínum við pitsugerðina.

# Pitsuofninn í stöðugri notkun á heimilinu

**Egill Ingibergsson og fjölskylda búa tímabundið í eldhúslausu húsi. Þau hafa lagað sig vel að aðstæðum og hefur pitsuofninn komið að góðum notum. Í honum eru búnar til pitsur og jafnvel fiskréttir og kökur.**

Egill Ingibergsson, tæknistjóri leiklistardeildar Listaháskóla Íslands, notar pitsuofninn sinn meira en margur annar enda býr hann í eldhúslausu húsi.

„Við erum að gera upp húsið og erum ekki búin að setja upp eldhúsinnréttingu," segir Egill sem hefur búið við þær aðstæður síðan í október á síðasta ári. „Það er furðulítið mál og maður dettur alveg inn í þetta," segir Egill en hann og fjölskyldan hafa lagað sig vel að aðstæðum. „Við erum ekki einu sinni með eldhúsvask og vöskum upp í baðvaskinum á neðri hæðinni en það venst líka vel og krakkarnir kippa sér ekkert upp við þetta," segir Egill.

Egill er með tvær lausar hellur en auk þess hefur pitsuofninn komið að mjög góðum notum og er jafnvel notaður undir annað en pitsugerð. „Við höfum bæði eldað í honum mat og bakað brauð og kökur en ef hitinn er rétt stilltur er það lítið mál." Egill setur matinn í álform en þannig er hægt að gera ýmsar kúnstir. „Eldamennskan í honum er auðvitað einhverjum takmörkunum háð en við höfum gert fiskrétti og döðlukökur svo dæmi séu nefnd. Ofninn er þó mestmegnis notaður undir pitsur og hafa hinar ýmsu áleggstegundir ratað á þær." *vera@frettabladid.is*

## PITSA AÐ HÆTTI EGILS

með beikoni, ólívum og vorlauk

**Deig**
1½ tsk. þurrger
2 tsk. hrásykur
3 dl baðvolgt vatn
2-3 msk. ólívuolía
1 tsk. salt
hveiti eftir þörfum

**Álegg**
Beikon
Grænar ólívur
Heill grænn pipar
Rauð paprika
Vorlaukur
Óreganó
Ostur

*Hrærið sykrinum út í vatnið og stráið gerinu yfir. Látið standa í 10-15 mínútur. Bætið restinni út í og látið hefast í 30-40 mínútur. Fletjið deigið út frekar þunnt. Raðið álegginu ofan á og bakið í pitsuofni.*

# GRILLUÐ PITSA

## með barbeque-kjúklingi

### Hráefni

1 Wewalka XXL pitsudeig
2 kjúklingabringur skornar í litla bita
1 msk. matarolía
1 msk. sesamolía
2. msk. pitsusósa
4 msk. barbequesósa
½ rauðlaukur skorinn í þunna hringi
1 poki rifinn pitsuostur
10-12 sneiðar jalapenó úr krukku
½ stk. paprika, smátt skorin í mjóar lengjur
Svartur pipar og salt
Kóriander-búnt

### Aðferð

Hitið grillið og hafið það meðalheitt. Grillið hálfa papriku á meðan verið er að steikja kjúklinginn. Steikið kjúklingabitana upp úr sesamolíu, piprið þá aðeins með svörtum pipar og ögn af salti. Bætið saman við 1 msk. af barbique-sósu á pönnuna og steikið þar til kjúklingurinn er fullsteiktur í gegn. Blandið saman 3 msk. af barbique-sósu og 2 msk. af pitsusósu Takið deigið úr kæli og berið smá olíu með pensli á það og setjið á grillið og fjarlægið bökunarpappírinn. Berið einnig smá olíu á hliðina sem snýr upp á grillinu. Þegar byrja að myndast loftbólur á deiginu athugið þá hvort deigið sé orðið ljósbrúnt og vel grillað, losið það og snúið deiginu við (gott að nota spaða).
Lækkið hitann á grillinu. Smyrjið blöndunni af barbique-sósu og pitsusósunni á deigið og dreifið ostinum yfir það ásamt kjúklingabitum, rauðlauk og jalapenó. Hafið grillið lokað svo osturinn nái að bráðna vel en fylgist jafnframt með stuttu millibili að botninn brenni ekki, getur stundum þurft að skrúfa fyrir gasið á þessum tímapunkti.
Skerið paprikuna í strimla. Takið pitsuna af grillinu og dreifið kóriander og papriku yfir pitsuna. Bragðast vel með með rauðvíninu Blauer Portugiser frá Fischer.

**Sjá fleiri uppskriftir á www.godgaeti.is og á www.facebook.com/godgaeti**


# PIZZAOFN

PIZZUR
BÖKUR
BAGUETTE
SAMLOKUR
LASAGNE ofl.

*„Pizzan verður eins og eldbökuð!"*

Ariete

**Ariete 903**
Da Gennaro Pizzaofn úr málmi. Bakar frosnar eða heimatilbúnar pizzur á steinplatta sem snýst og endurkastar hita (svipað og í viðarbrennsluofnum). Fljótur að hitna og bakar pizzu á 5-10 mínútum. Frábær fyrir pizzur, bökur, baguette, samlokur, lasagne og fleira. Tímastillir og stillingar fyrir ýmsar matartegundir.

VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Epli, egg og beikon

**Upphaflega var pitsa einfaldlega brauð sem afgöngum var sópað ofan á. Því ætti enginn í raun að vera hræddur við að leika sér með pitsuálegg og prófa eitthvað nýtt. Eins og þessar óvenjulegu samsetningar.**

Hér er miðað við að fólk noti eftirlætis pitsubotnsuppskriftina sína, hvort sem það er fínn botn, heilhveiti eða spelt, og leiki sér svo með áleggin. Ágætis deiguppskrift að klassískum 16“ pitsubotni gæti verið 5 dl hveiti, 2 dl volgt vatn, 2 tsk. ger, 1 tsk. salt og msk. ólífuolía. Gerið er þá leyst upp í vatninu, blandað saman við hveiti, salt og olíu og hnoðað. Því næst látið lyfta sér í hálftíma og þá flatt út.

*juliam@frettabladid.is*

Eplapitsa með valhnetum er æðisleg hvort sem er með kaffinu eða á kvöldin.

## EPLAPITSA

með valhnetum og rauðlauk.

1 msk. jómfrúarolía
1 stór rauðlaukur, þunnt sneiddur
2 msk. balsamíkedik
1½ bolli rifinn cheddarostur
1 bollli mildur ostur að eigin vali
1 stórt grænt epli, kjarnhreinsað og þunnt sneitt
½ bolli muldar valhnetur

*Hitið olíu á pönnu og steikið rauðlaukinn við meðalhita, hellið balsamikediki ofan á. Lækkið hitann og látið malla í 15 mínútur. Kælið. Stráið 2/3 hluta af ostinum yfir útflatt pitsudeigið og hellið svo laukblöndunni ofan á. Raðið eplunum jafnt ofan á alla pitsuna, setjið svo afganginn af ostinum aftur yfir og valhneturnar að lokum. Bakið í 10 mínútur við 190° Celcíus.*

## MORGUNVERÐARPITSA

með beikoni, eggi og klettasalti.

12 sneiðar beikon
2 msk. tómat-púrra
100 ml tómatar í dós, ásamt safa
20 sérrítómatar, skornir í tvennt
1½ msk. ólífuolía
4 egg
salt og pipar eftir smekk
1 poki klettasalat

*Blandið saman í matvinnsluvél tómatpúrru, tómata í dós, salti og pipar. Hellið því yfir útflatt pitsudegið. Penslið tómatana með ólífuolíu og raðið beikoninu og tómötunum ofan á pitsuna, geymið pláss í miðjunni fyrir eggin. Bakið í 10 mínútur við 190° Celcíus. Spælið fjögur egg á pönnunni. Aðskiljið hvítuna frá rauðunni með því að skera hring í kringum rauðuna og setjið rauðuna í miðju pitsunnar. Bakið pitsuna áfram í fjórar mínútur. Takið pitsuna út og raðið klettasalati ofan á.*

Egg og beikon og klettasalat er sérstaklega ljúffengt áleggsblanda á pítsu.

# Uppáhald barnanna

**Pitsugerð getur stuðlað að gæðastund sem foreldrar og börn geta notið saman.**

Börnin elska pitsu og ekki finnst þeim síður skemmtilegt að fá að taka þátt í matargerð. Því er tilvalið að leyfa þeim að vera með í pitsugerðinni á heimilinu.

Ef deiggerðin vex fólki í augum, er lítið mál að kaupa tilbúið frosið deig í verslunum eða fara á pitsustað og kaupa deigklump.

Síðan er sett svunta á barnið, hveiti dreift á borðið og barninu leyft að hnoða deigið og fletja það út. Síðan fær það að velja sér álegg, dreifa úr sósunni og raða á pitsuna því sem því þykir best.

Börnin geta leikið sér við að raða álegginu á pitsuna á skemmtilegan hátt. NORDICPHOTOS/GETTY

Pitsur í mismunandi löndum taka mið af þeirri menningu sem þar ríkir. Til dæmis eru pitsur í Indlandi oft mun sterkari en á Vesturlöndum og boðið er upp á pitsur með tandoori-kjúklingi.

**wikipedia.org**

# Hálfmáninn góði

**Pitsan hefur fengið nokkrar útfærslur, til dæmis calzone og stromboli.**

Ein frægasta útfærsla pitsunnar er calzone eða hálfmáninn. Í raun er það pitsa sem hefur verið brotin saman til að mynda hálfmána og er fyllt af áleggi. Hefðbundin ítölsk calzone er með tómötum og mozzarella-osti en Bandaríkjamenn setja einnig skinku, spægipylsu og grænmeti. Yfirleitt er borin fram marinarasósa með hálfmánanum en ofan á hálfmánann er oft sett olía með hvítlauk og steinselju.

Hálfmánar á stærð við samlokur eru vinsælir á Ítalíu og oft sem fólk kaupir sér slíkt í hádeginu og borðar jafnvel á hlaupum.

Önnur pitsuútfærsla kallast stromboli en það er deiglengja sem rúllað er upp og inniheldur ýmiss konar álegg.

Calzone-hálfmáninn er fylltur með ýmsum áleggstegundum.

## Sniðugar staðreyndir um pitsuna

PITSAN HEFUR UNNIÐ SÉR STÓRAN SESS Í HJÖRTUM MANNA. HÉR ERU NOKKRAR STAÐREYNDIR UM ÞENNAN ÁSTSÆLA MAT.

- Stærsta pitsa heims var bökuð í Norwood í Suður-Afríku árið 1990. Hún var 100 fet, eða um 30 metrar í þvermál.
- Flestar pitsur eru borðaðar á laugardögum.
- Vinsælasta áleggið í Bandaríkjunum er pepperoni.
- Óvinsælasta áleggið í Bandaríkjunum eru ansjósur.
- Bandaríkjamenn borða um 40 hektara af pitsu á dag.
- Á sextándu öld sannfærði Maria Carolina, drottning af Napolí, eiginmann sinn, Ferdinand IV., um að baka hinn þjóðlega rétt í konunglegum ofni.
- Árið 1889 bjó Raffaele Esposito, frægur pitsukokkur, til pitsu fyrir Margarítu drottningu, með tómötum, basil og osti, til heiðurs ítalska fánanum. Sú pitsa er enn í dag grunnur allra pitsa.
- Fyrir utan Ítalíu er líklega hægt að fá besta ítalska matinn í Argentínu en yfir sextíu prósent íbúa Búenos Aíres eru af ítölskum uppruna.
- Flest börn á aldrinum þriggja til ellefu ára velja pitsu fram yfir flest annað samkvæmt Gallup-könnun.



# föstud

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. apríl 2010

# HJÓLIN FARIN AÐ SNÚAST

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir á spennandi hluti í vændum

+ AFTUR-SYSTURNAR HALDA TRYLLTAN FATAMARKAÐ + FJÖLNIR GEIR BRAGASON HÚÐFLÚRAR FÆREYINGA + FALLEG NÁTTÚRULEG FÖRÐUN Í SUMAR

1 TB HARÐDISKUR • GRÆNN OG HLJÓÐLÁTUR

SAMSUNG

Kr. 13.950

Samsung HD105SI
1TB EcoGreen F3 harðdiskur
Serial ATA 3.0 Gbps
32 MB buffer minni

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

fréttir af fólki

## REBEKKA JÓNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

Á laugardaginn ætla ég að kíkja á fatamarkað sem allar líkur eru á að verði frábær. Um kvöldið er dj duó-ið alphabeta að spila á Hemma&Valda. Við lofum miklu stuði fram eftir nóttu.

### Chloé Ophelia í ævintýrakeppni

Fyrirsætan Chloé Ophelia Gorbulev hefur búið í Newcastle á Bretlandi um nokkurt skeið þar sem hún stundar nám en nú hafa hún og unnusti hennar, Árni Elliott, sótt um að taka þátt í alþjóðlegri keppni sem franski bílaframleiðandinn Renault stendur fyrir. Vinningurinn er hvorki meira né minna en afnot af splunkunýjum Renault-blæjubíl en keppendur þurfa að rúnta um Evrópu og leysa margvíslegar þrautir. Umsókn þeirra skötuhjúa var send með myndbandi á YouTube líkt og annarra keppenda og þau hafa þegar hlotið um þúsund atkvæði. Árni og Chloé kalla sig „The Vikings“ og eru með Facebook-síðu þar sem hægt er að styðja þau.

### Blús á Havarí

Það er hinn ungi Jóhann Páll Hreinsson sem kemur fram undir nafninu Johnny Stronghands og fetar í fótspor gömlu delta-blúsaranna og þeirrar tónlistarhefðar sem upprunnin er í og við Clarksdale í Missisippi á þriðja áratug síðustu aldar. Johnny er nýbúinn að gefa út plötuna Good People of Mine og af því tilefni heimsækir hann verslunina Havarí í dag klukkan fimm. Skemmtileg leið til að sigla inn í helgina.

Fékk far með Dettifossi til Þórshafnar:

# FJÖLNIR HÚÐFLÚRAR FÆREYINGA

Þetta er í sjötta sinn sem ég heimsæki Færeyjar og er einstaklega hrifinn af staðnum. Heimamenn taka sérstaklega vel á móti Íslendingum og ég held að Færeyingar viti meira um Ísland en við vitum um Færeyinga,“ segir frægasti húðflúrari Íslands, Fjölnir Geir Bragason sem staddur er í Þórshöfn í Færeyjum. Í þetta sinn fékk Fjölnir far með skipinu Dettifossi en faðir hans, Bragi Ásgeirsson, átti far með skipinu hjá vini sínum, skipstjóranum Matthíasi Matthíassyni. „Þeir eru gamlir og góðir vinir og ég fékk að fljóta með á síðustu stundu. Þeir fara svo rúntinn til Bretlands og ná í mig aftur á sunnudaginn.“ Fjölnir situr ekki auðum höndum í Færeyjum en hann hefur fengið aðstöðu í verslun-inni Zoo til að flúra Færeyinga. Zoo er til húsa nálægt höfninni undir skemmtistaðnum Sirkus sem er nánast nákvæm eftirlíking af skemmtistaðnum sáluga sem eitt sinn var til húsa á Klapparstígnum í Reykjavík.

„Það hefur verið nokkuð góð aðsókn,“ segir Fjölnir. „Færeyingar eru að færa sig yfir í að fá litaðar myndir líkt og heima á Íslandi í stað þessara hefðbundnu tattúa. Þeir eru margir mjög trúaðir þannig að kristin tákn og bænir eru líka vinsælar.“ Verslunin Zoo selur það heitasta í íslenskri hönnun og sem dæmi má nefna fatnað frá Dead, Royal Extreme, Eygló og Philippe Clause og því má áætla að viðskiptavinir Fjölnis í Færeyjum séu hipp og kúl lið í yngra kantinum. „Nei, ég hef fengið fólk á öllum aldri til mín og í gær komu til dæmis mæðgin saman til mín,“ útskýrir hann. „Það er búið að vera yndislegt að vera hérna. Færeyingar kipptu sér ekki upp við öskufallið sem þeir fengu um daginn en hafa dálitlar áhyggjur af Kötlugösi vegna þess að síðast þegar Katla gaus misstu þeir út heilt sumar.“ *- amb*




**Færeyingar gestrisnir við Íslendinga** Fjölnir flúrar í sama húsi og skemmtistaðurinn Sirkus.

PRODERM™
Skjótvirk hjálp fyrir þurra og viðkvæma húð

Lagar strax, kláða, roða, varaþurrk og sviða. Húðin verður mjúk og rakafyllt. Engin fituáferð, lyktarlaust.

Vörn gegn ertandi efnum á **pH1-pH12**

Hlífir húð barna, þolir munnvatn, nefrennsli og pappírsþurrkur.

Klíniskar rannsóknir staðfesta árangur, CE-lækningavara

**Fæst í apótekum**

www.celsus.is

# Tískudrottningar með trylltan markað

Sjúklegur fatamarkaður verður haldinn í húsnæði Eskimo við Skúlatún 4 á laugardag og eru það systurnar Bára, Sigrún og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur, Andrea Brabin og Arna Borgþórsdóttir sem munu selja flíkur sínar.

„Mér finnst þetta tilvalin leið til að endurnýta flíkurnar og gefa þeim lengri líftíma,“ segir Bára, sem starfar sem fatahönnuður og rekur verslunina Aftur við Laugaveg. „ Á markaðnum verður hægt að kaupa ýmsar merkjavörur í bland við önnur notuð föt og segir Bára að markmiðið sé að fólk geti komið og gert góð kaup. Aðspurð segist hún hafa fengið nokkrar fyrirspurnir frá fólki sem vilji mæta degi fyrr til að versla. „Ég segi öllum bara að mæta tímanlega á laugardeginum, hitt væri ósanngjarnt,“ segir Bára að lokum. Markaðurinn hefst klukkan 11.00 og stendur til klukkan 17.00. *- sm*

**Flóamarkaður** Bára Hólmgeirsdóttir heldur flóamarkað á laugardag ásamt fríðum flokki kvenna.

## augnablikið

**HIPPALEG** Fyrirsætan Agyness Deyn var næstum óþekkjanleg á götum Lundúnaborgar í síðustu viku klædd í víðum fötum, með hatt og blá Lennon-sólgleraugu.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Ritstjórn** Anna M.Björnsson **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

snyrtivörur

3 fyrir 2

# Glæsileg mósaik garðhúsgögn

borð 19.900,- stóll 10.900,-

5.990,-

1.990,-

1.690,-

2.490,-

490,-

Púðar

3 fyrir 2

1.490,-

4.990,-

5.990,-

2.890,-

1.990,-

2.490,-

nýjar handmálaðar og bróderaðar vörur frá Indlandi

5.490,-

14.900,-

12.900,-

Box verð frá 390,-

the PIER

kemur stöðugt á óvart

www.pier.is

Lokað 1. mai

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ÞAÐ KEMUR EINHVERN VEGINN ALLT UPP Í HENDURNAR Á MÉR

**Söngfuglinn *Lára Rúnarsdóttir* er komin með nýjan umboðsmann og stefnir á frægð og frama erlendis. Fram undan eru tónleikar þar sem hún spilar á undan hinni vinsælu Amy McDonald auk þess sem hún hefur gert sérstakan samning við tískuhönnuðinn Munda um að klæðast aðeins fatnaði hans á tónleikum.**

*Viðtal :* **Anna Margrét Björnsson**
*Myndir:* **Stefán Karlsson**

Ég var mjög ánægð með myndbandið, það kom miklu betur út en ég þorði að vona," segir Lára sælleg og glöð þegar hún segir frá nýju myndbandi við lagið „I wanna be" sem er af þriðju plötu hennar sem kom út í október síðastliðnum. Því er leikstýrt af breska leikstjóranum Henry Bateman og skartar Láru og fleira fólki hvítmáluðu í framan með svarta hryllilega bauga. „Já það er smá goth-fílingur í þessu," segir hún og hlær. „Pælingin var sú að maður eigi að kýla á hlutina strax í lífinu vegna þess að maður veit aldrei hvaða dagur er manns síðasti."

Lára er búin að vera í tónlistarbransanum í fjölmörg ár og gaf til að mynda út sína fyrstu plötu hérlendis árið 2003. Nú er hins vegar kúvending á frama Láru þar sem hún er komin með nýjan umboðsmann, Bretann Nicholas Knowles, sem hefur áralanga reynslu í tónlistarbransanum í Bretlandi og ætlar að sækja hart inn á breska markaðinn í sumar. „Það er vegna Nicks sem hjólin fóru að snúast. Ég hitti hann í gegnum sameiginlega vini en hann hafði farið á tónleika með mér og hreifst af því sem hann sá. Hann segir mér að hann hefði trú á því að ég gæti náð langt erlendis. Persónulega var ég eiginlega búin að leggja alla drauma um frægð og frama á hilluna, ég var nýbúin að eignast barn og hafði í raun ýtt þessu dálítið frá mér." Lára segist síðast hafa spilað úti í Los Angeles árið 2006 og því verður það spennandi fyrir hana að spila á tónleikum í júní sem eru haldnir af tónlistartímaritinu Q. Það er engin önnur en Amy McDonald sem spilar á sömu tónleikum og því má áætla að stórir hlutir geti farið að gerast hjá hinni ungu íslensku söngkonu á næstunni. „Síðasta platan mín var í raun fyrsta platan sem ég gerði eiginlega aðeins það sem mig langaði til þess að gera. Ég vildi bara vinna með skemmtilegum hópi og gera lög sem voru að mínu skapi. En þegar Nick kom og hitti mig þá kviknaði á gamla neistanum hjá mér aftur um að tónlist mín gæti átt erindi til útlanda. Nick hefur afskaplega mikið af samböndum og þetta virðist ætla að ganga upp. Næst á dagskrá er að gera nýjan útgáfusamning og gera svo nýja plötu seinna á þessu ári."

## STRANGT KLASSÍSKT TÓNLISTARNÁM

Ein ástæða þess að Nicholas hefur óbilandi trú á Láru eru vaxandi vinsældir söngkvenna sem einnig skrifa tónlistina sína. „Það sem kallast singer/songwriter á ensku. Það er svo lítill markaður fyrir þessari tónlist hérna heima og svo held ég að fólkið sem er að hlusta á þessa tónlist sé ekkert endilega að kaupa hana heldur spili hana bara á myspace eða öðrum vefsíðum. Nick fylgdist með hópnum sem mætti á tónleikana mína hérna heima og komst að því að þetta voru aðallega unglingsstúlkur. Það er auðvitað stór markaður og mikið sóknarfæri. Hann ber mig saman við söngkonur í Florence and the Machine, Lily Allen, Regina Spector og Bat for Lashes en þær eru allar að gera það gott." Finnst henni rokkheimurinn hafa verið dálítið karlavæddur? „Já, ég held að karlmennirnir sem eru í tónlist fái oft meiri umfjöllun en konurnar, svona eins og gerist reyndar í öllum stéttum. Það er í rauninni dálítið grátbroslegt að þegar ég er komin með karlmann sem umboðsmann fari hlutirnir loksins að gerast," segir hún og hlær. „En það sem Nick hefur líka aðallega gert fyrir mig er að hjálpa mér með þetta endalausa „plögg" og pot sem ég er ekki hrifin af og hundleiðinlegri samningagerð." Lára kemur af tónelsku fólki og byrjaði ung í tónlistarskóla. Faðir hennar er Rúnar Þórisson gítarleikari og hún lærði bæði á píanó og klassískan söng. „Ég tók burtfararpróf úr söngnum úr Tónlistarskóla Kópavogs árið 2006.

Það verður þó að segjast að ég er eiginlega búin að gleyma alveg klassíska söngnum núna þar sem ég nota hann eiginlega ekki neitt. Það hefur alltaf verið mikil tónlist á heimilinu. Þegar ég var lítil var pabbi minn í mjög ströngu klassísku gítarnámi og því var mikið spilað og mikið æft heima hjá mér. Hann gerði sömu kröfur til mín, ég átti að æfa mig í hálftíma á dag. Til að byrja með þá naut ég þess ekkert sérstaklega að spila á píanó. Það var ekki fyrr en ég hætti að ég fór að nálgast hljóðfærið upp á nýtt með sköpun í huga að ég virkilega kunni að meta það."

## BARNIÐ MEÐ Á TÚRA

Lára keypti sinn fyrsta gítar þegar hún var í sálfræðinámi í Háskóla Íslands. „Ég lærði sjálf á gítarinn og gerði ekki annað en að spila þegar ég átti að vera að læra í háskólanum. Eitt sinn var ég að spila á lokahófi KK í Stapanum þegar Kiddi í Hjálmum til mín og bauð mér að taka upp plötu í geimsteini. Tilviljun, eins og svo margt annað í mínu lífi. Ég hef verið svo ótrúlega heppin að kynnast alltaf svo góðu fólki. Stundum er eins og það komi allt upp í hendurnar á mér." Dóttir Láru, Embla, er sannarlega gleðigjafi í lífi hennar en hún fæddist fyrir einu og hálfu ári. „Við hjónakornin erum bæði í hljómsveitinni og því höfum við auðvitað hugsað út í það hvað við munum gera ef ég á að fara í tónleikaferð um heiminn. Vonandi gengur þetta upp þannig að við tökum hana bara með okkur. Vonandi verða þetta ekki einhverjir skítatúrar með rútu þar sem allir fara á fyllirí," segir hún og hlær. „Ég er ekki beint að fara að lifa einhverjum rokk og ról-lífsstíl með bandinu og litlu barni." Lára segir hljómsveitina vinna afskaplega vel saman og þrátt fyrir að hún semji öll lögin þá eigi hinir meðlimirnir heilmikið í þeim. Auk þess að vinna myrkranna á milli í tónlistarsköpun er Lára svo rekstrarstjóri Skífunnar og hefur því í nógu að snúast. En hvernig tónlist skyldi höfða mest til hennar? „Vegna vinnu minnar í Skífunni hlusta ég gífurlega mikið á alls kyns tónlist. Undanfarið hef ég mest hlustað á ýmiss konar söngkonur, allt frá gömlum Billy Holliday-upptökum og upp í nýjar stjörnur eins og hina sænsku Lycke Li. Ég er líka mjög hrifin af Nick Cave, Tom Waits og Rufus Wainwright og þess háttar söngvurum. Textarnir mínir eru frekar persónulegir en sumir eru gamansamir. Allir textarnir eru byggðir á einhverri reynslu og eru allt frá því að vera ástarsöngvar upp í að vera lög um náttúruna eða pólitík."

## KLÆÐIST HÖNNUN MUNDA

„Það er gaman að geta þess að ég samdi lag árið 2006 sem nefnist Crystals og biður fólk að vera ekki að tapa sér í veraldlegu kapphlaupi. Það kom ekki út fyrr en eftir að kreppan skall á sem er kannski dálítið of seint," segir hún og hlær. En hvað brennur mest á henni? „Ég myndi segja að ég væri mikill náttúruverndarsinni og er afskaplega hrifin af náttúrunni og þeim innblæstri sem hún veitir mér við listsköpunina. En ég myndi segja að það sem ég hafi helst lært síðustu ár er hversu mikilvægt það er að læra að lifa í núinu og vera sáttur við það sem maður hefur. Ég á sjálf dálítið erfitt með þetta, ég er alltaf dálítið komin á undan mér og er alltaf að stefna hærra og lengra." Það er púsluspil að koma öllu heim og saman með ungt barn heima fyrir. „Ég held að ég sé að standa mig vel. Þetta væri heldur ekki mögulegt ef ég ætti ekki svona góða fjölskyldu sem styðja mig og aðstoða mig mikið." Þegar Lára hefur tíma aflögu stundar hún sund og

**Spilar ásamt Amy McDonald**
Lára Rúnarsdóttir tekur stefnuna á Bretland og stóra tónleika í maí.

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • APRÍL 201

# WHO KNEW

## EFNI


**4** Lilja Ingibjargar og grófu spurningarnar sem hún neitar að svara.

**6** Addi Intro og græjurnar.

**8** Who Knew flytur til Þýskalands í sumar.

**10** Sukkið í 101 kortlagt. Hvar djamma skinkurnar?

**14** Myndirnar ykkar. Lesendur sendu inn símamyndir. Þú ættir að gera það líka.

**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.

**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.


POPPARAPRÓFIÐ

# HUGBÚNAÐUR SAFNAR EKKI SIGGI

**Eyþór og Þórólfur eiga það sameiginlegt að hafa verið í hljómsveitum með hrikaleg nöfn. Eyþór var í Haltri hóru og Þórólfur í Skít.**

Bassaleikararnir Þórólfur Ólafsson úr Cliff Clavin, eða Tódó, og Eyþór Loftsson úr Veðurguðunum koma hvor úr sinni áttinni í tónlistinni. Tódó er sannkallaður rokkari á meðan Eyþór er hugljúfur poppari af guðs náð. Þrátt fyrir það eiga þeir það sameiginlegt að hafa verið á bak við tjöldin í hljómsveitum sínum á meðan söngvararnir og gítarleikararnir hafa ítrekað baðað sig í sviðsljósinu. Núna fá þeir kjörið tækifæri til að leiðrétta þær goðsagnakenndu hugmyndir sem almenningur hefur haft um bassaleikara í gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÓDÓ OG EYÞÓR** Tódó og Eyþór eru vanir því að vera á bak við tjöldin í hljómsveitum sínum, Cliff Clavin og Veðurguðunum.

### ÞÓRÓLFUR ÓLAFSSON (TÓDÓ)

*Er kalt í skugga söngvarans?*
„Er kalt í skugga Fréttablaðsins?“

*Ertu beðinn um að standa kyrr á sviðinu til að draga ekki að þér athygli?*
„Nei, það væri nú asnalegt.“

*Kalla bassaleikarar Sting „Stingarann“?*
„Ég hata Sting.“

*Er það rétt að allir bassaleikarar séu uppgjafargítarleikarar?*
„Nei, ég byrjaði að spila á bassa.“

*Hvað viltu segja við börn sem eru að íhuga að læra á gítar?*
„Gerið það sem þið viljið, ég mæli samt með bassanum.“

*Nú er talað um að bassaleikaranum megi skipta út fyrir sérstakan bassahugbúnað. Er það rétt?*
„Það má, en það er ekkert varið í tónlist án bassaleiks.“

### EYÞÓR LOFTSSON:

*Er kalt í skugga söngvarans?*
„Nei. Vita ekki allir hver bassaleikarinn er?“

*Ertu beðinn um að standa kyrr á sviðinu til að draga ekki að þér athygli?*
„Ekki komið fyrir enn þá, en það stefnir allt í það.“

*Kalla bassaleikarar Sting „Stingarann“?*
„Já, auðvitað.“

*Er það rétt að allir bassaleikarar séu uppgjafargítarleikarar?*
„Tja... ég veit allavega um einn.“

*Hvað viltu segja við börn sem eru að íhuga að læra á gítar?*
„Kíkið á bassann. Hann er alveg frábær.“

*Nú er talað um að bassaleikaranum megi skipta út fyrir sérstakan bassahugbúnað. Er það rétt?*
„Þessi hugmynd féll alveg um sjálfa sig þegar þeir komust að því að hugbúnaðurinn safnar ekki siggi.“


sjónmæling & linsumátun 552 2002

CooperVision

flottar linsur

dagslinsur 2.490.-
mánaðarlinsur 5.900.-
silikonlinsur 7.900.-

linsuvökvi fylgir með 2 pk. af mánaðarlinsum

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

húsi blindrafélagsins hamrahlíð17 105 rvk.


## GYLLTA POPPIÐ Í APRÍL

**GULLKÁLFAR** Daníel Ágúst, Birgir Ísleifur og Krummi hljóta Gyllta poppið í apríl fyrir stofnun fyrsta skráða Rod Stewart-klúbbsins á Íslandi. Þjóðþrifaverk að heiðra Gamla rám. Útvarpsmaðurinn Andri Freyr gagnrýndi þá og sagðist sjálfur hafa stofnað fyrsta klúbbinn, en engin gögn finnast um þann klúbb opinberlega.

# VOLCANO RÉTTIR

SKUGGALEGA STERKT!

2FALDUR SKAMMTUR AF NAUTAHAKKI

## VOLCANO BURRITO
## 469KR.

## VOLCANO TACO
## 199KR.

## 999KR.
## VOLCANO BOX MÁLTÍÐ

VOLCANO TACO, VOLCANO BURRITO
STÖKK TACO, CINNAMON TWISTS OG STÓRT GOS

HUGSAÐU ÚT FYRIR BRAUÐIÐ™

TACO BELL

Ártúnshöfða | Sími 577 6959
Hjallahrauni 15 | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is

PIPARTBWA - SÍA - 100839

## POPP MOLAR

**Mínus** hefur látið lítið fyrir sér fara undanfarið, en nú geta aðdáendur hljómsveitarinnar tekið gleði sína á ný. Krummi og félagar eru nefnilega byrjaðir að taka upp nýja plötu í Hljóðrita í Hafnarfirði. Mínus hefur unnið að nýju efni undanfarið, en óvíst er hvaða stefnu hljómsveitin fer á nýju plötunni. Það má þó búast við að rokkið verði til staðar með góðum skammti af róli…

**Börn Björgvins Halldórssonar** eru dugleg þessa dagana því Krummi er ekki sá eini sem er að taka upp tónlist. Hinum megin við Atlantshafið í Bandaríkjunum tekur Svala Björgvins upp plötu ásamt hljómsveit sinni, hinni litríku Steed Lord.



Það er því ljóst hvað verður í jólapökkum fjölskyldu Björgvins í ár.

# SPURNINGARNAR SEM LILJA NEITAR AÐ SVARA

„Mér finnst þetta svo skrýtið og óforskammað að spyrja svona spurninga," segir fyrirsætan Lilja Ingibjargardóttir.

Vefsíðan Formspring.me er nýjasta æðið í netheimum. Þegar maður opnar Formspring-síðu er búið að gefa hverjum sem er færi á að spyrja mann nafnlaust að hverju sem er. Það er því hætta á að dónalegar spurningar flæði í gegn.

Maður getur hafnað óviðeigandi spurningum, sem er akkúrat það sem Lilja hefur gert. Hún hefur fengið haug af spurningum sem siðprúðu fólki finnst einfaldlega ekki við hæfi að svara.

„Ég bjóst frekar við spurningum frá afbrýðisömum stelpum eða spurningum um módelbransann," segir Lilja þegar hún er spurð hvort hún hafi búist við dónalegu spurningunum. „Það eru búnar að koma margar spurningar um fyrra samband mitt og alls konar perraspurningar. Mér fannst ekki við hæfi að svara þessum spurningum. Það var bara asnalegt og tilgangslaust að setja þær fram."

Poppi lá forvitni á að vita hvað gerist þegar netnotendur fá tækifæri til að spyrja að hverju sem er og enn fremur hvað gerist ef ein glæsilegasta stúlka landsins situr fyrir svörum. Spurningarnar sem Lilja neitar að svara, gjörið svo vel (athugið að stafsetning spyrjenda var afar slæm og því leiðrétt af íslenskusérfræðingum Popps):

*Hver er uppáhaldskynlífsstellingin þín?*

*Hvenær misstir þú meydóminn?*

*Finnst þér gott þegar strákar klípa þig í rassinn?*

*Hvort viltu svart eða hvítt typpi?*

*Fast eða hratt í kynlífi?*

*Finnst þér gott að prumpa?*

*Hefurðu borðað pitsu með gervilim í rassinum?*

*Geturðu prumpað fyrir framan stráka?*

*Hefurðu fróað þér með einhverju öðru en gervilim, til dæmis pylsu, kerti eða gulrót?*

*Hvað æsir þig virkilega upp?*

*Finnst þér gott að pota puttanum á þér í rassinn í kynlífi?*

*Hvort finnst þér loðnir rassar eða alveg berir rassar flottari?*

**Lilja hefur mikinn áhuga á rokktónlist og uppáhaldshljómsveitirnar hennar eru Deftones og Tool.**

**SITUR FYRIR SVÖRUM** Lilja svarar spurningum á www.formspring.me/LiljaHI. Dónaspurningar á borð við þær sem birtast hér eru afþakkaðar.


Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI

ÁFRAM STELPUR
Núverandi Íslands- og bikarmeistarar Vals í fótbolta kvenna hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn fjögur ár í röð 2006-2009.

Þær undirbúa sig nú af kappi fyrir næstu leiktíð og velja hollan, ferskan og framandi mat á SAFFRAN til að halda sér í toppformi.
Við erum stolt af að styrkja nokkrar af okkar fremstu íþróttakonum.

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal


## TVÍFARAR

**KIM OG KÖTTURINN**
Kim Kardashian heldur á ketti á mynd sem hún birti á Twitter.

**JÓN OG HUNDURINN**
Jón Gnarr heldur á hundinum sínum á mynd sem birtist í Fréttablaðinu.

CELEBRATE ORIGINALITY

adidas.com/originals

**INNAN UM GRÆJURNAR** Fyrstu græjurnar sem Addi Intro keypti voru plötusnúðagræjur. Upp frá því vaknaði áhugi á að gera eigin tónlist.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# MEÐ CADILLAC Í HLJÓÐVERINU

**Addi Intro, eða Intro Beatz, liðsmaður hiphop-sveitarinnar Forgotten Lores, er með nóg af tækjum og tólum í hljóðverinu sínu. Poppið kíkti í heimsókn.**

„Einu sinni átti ég ógeðslega mikið af græjum en núna á ég eiginlega bara akkúrat það sem ég þarf, sem er algjör snilld. Þá þarf maður ekki að hugsa um of margar græjur," segir Addi Intro, sem heitir réttu nafni Ársæll Þór Ingvarsson. „Ég er með litla stúdíóaðstöðu heima hjá mér. Hún er til bráðabirgða þangað til ég smíða mitt eigið stúdíó."

Fyrstu græjurnar sem Addi keypti sér voru plötusnúðagræjur, enda hóf hann tónlistarferil sinn sem plötusnúður. „Síðan vaknar áhugi út frá því að gera mína eigin tónlist. Ég keypti mér AKAI MPC 2000 XL og notaði hann á hverjum einasta degi frá 1999 til 2008. Þá þurfti ég að losa mig við hann því hann var orðinn gamall og takkarnir lúnir. Þannig að ég uppfærði settið upp í AKAI MPC 5000 sem er akkúrat „all in one" græja, sem er snilld fyrir tónlistarmenn eins og mig sem elska enn þá að vinna með „hardware" og eru ekki alveg komnir inn í að henda öllu „hardware" fyrir „software". Allar smágræjur sem ég hef verið að sanka að mér eru inni í þessari græju. Það má segja að ég nördi mjög mikið í kringum hana," segir Addi.

## DÓTAKASSINN

**1. „AKAI MPC 5000, „all in one"-græjan. Sequenser, sampler, 8 rása multitracker, þriggja-„oscillator virtual analog synthavél" með innbyggðum „arpeggiator" og 80gb hörðum diski. Í rauninni það eina sem ég virkilega þarf. Hin tækin eru alveg fín en ég gæti gert allt á græjuna staka, með innstungu og heyrnartólum."**

**2. „DJ-settið mitt, 2 x technics 1210 plötuspilarar og Rane TTM 57SL dj mixer. Byrjaði 12 ára að fikta við dj-mennsku og má segja að ég hafi byrjað í tónlist út frá dj-græjunum mínum – gæti ekki verið án þeirra!"**

**3. „Protools-settið mitt, Pro Tools 8 LE með DIGI003 Mixer. Tek allt upp í protools. Klippi, mixa og mastera og er frekar snöggur að því þó ég segi sjálfur frá."**

**4. „Græja sem ég keypti 2006 af Jóni Skugga sem ég lít á eins og Cadillac. EMU SP-1200, framleidd ´86-´87 sem var mikið notuð á tíunda áratugnum í hiphop-senunni. „Mega crunchy 8 bita sound" en aðeins 10 sekúndna sample-minni svo maður þarf að vera frekar snjall til að gera heilt lag á hana. Nota hana reyndar ekki rassgat núna en tími alls ekki að selja hana."**

**5. Tölvuskjárinn: 24 tommu iMac.**

**6. Hátalarnir: M Audio BX8A.**

**7. Kötturinn Jimi: „Hann hefur mikið dálæti á því að kroppa í græjurnar mínar. Ég er oft með hann í kringum mig þegar ég er að gera búta. Hann á það til að leggjast á græjuna sem hann er ofan á og reyna að sofna. Við erum svona svipað „chillaðar" persónur."**

**8. Numark PT01 Portable Turntable-ferðaplötuspilari.**

**9. Mackie, 12 rása hljóðmixer.**

Sumar græjur hefur hann keypt á eBay, þar á meðal trommuheila frá árinu 1988. „Þetta var átta bita trommusampler og þú gast aðeins samplað fimm sekúndur inn í einu, sem gerði náttúrulega tónlistarframleiðsluna dálítið einfalda," segir hann. Í framhaldinu keypti hann aðra, enn þá betri græju af Jóni Skugga sem hafði lengra sampla-minni og hann lítur á sem Cadillakkinn sinn. „Hún er metin á tvö þúsund dollara á eBay en ég tími ekki selja hana því hún hefur svo mikið tilfinningalegt gildi."

Auglýsingasími
512 5411
POPP

# VILTU VINNA EITTHVAÐ Á FACEBOOK

Á Facebook má finna fullt af síðum sem bjóða þér að vinna ýmsa vinninga. Þúsundir hafa látið glepjast, en POPP tekur öllum svona leikjum með fyrirvara, nema lukkuleik Magga Mix, sem er raunverulegur. En hvað er satt og hvað er logið?

**Viltu vinna afnot af Bugatti Veyron í heilt ár?**
**Fjöldi: 51**
**Hvað kom upp um hann:** Æi, kommon. Bugatti Veyron er ekki nema dýrasti sportbíll heims.

**Viltu vinna Apple-fartölvu**
**Fjöldi: 37.526**
**Hvað kom upp um hann:** Lofað er að gefa Apple Notebook-fartölvu, en hún er ekki til – aðeins Apple Macbook.

**Viltu vinna 30.000 kr. gjafakort í Kringluna?**
**Fjöldi: 27.005**
**Hvað gerir hann raunverulegan:** Trygging-ar og ráðgjöf, sem stendur fyrir leiknum, er alvörufyrirtæki.

SATT

**Viltu vinna 50 tommu LCD-ská, PS3 auk fimm leikja?**
**Fjöldi: 16.610**
**Hvað kom upp um hann:** Engar upplýsingar um fyrirtækið sem stendur fyrir leiknum.

LOGIÐ

**Viltu vinna 50 tommu flatskjá?**
**Fjöldi: 28.700**
**Hvað kom upp um hann:** Í lýsingu á hópnum stendur „ekki séns“. Nóg sagt.

LOGIÐ

**Viltu vinna iPhone?**
**Fjöldi: 203**
**Hvað kom upp um hann:** Biður fólk um að velja lit á símann, en Apple býður aðeins upp á iPhone í svörtu og hvítu, sem eru ekki einu sinni litir heldur grunntónar.

LOGIÐ

**Viltu vinna afnot af íbúð í miðbænum í heilt ár?**
**Fjöldi: 11.155**
**Hvað kom upp um hann:** Maxel-leigusala sem býður upp á leikinn er því miður ekki til.

**Viltu vinna Wii**
**Fjöldi: 527**
**Hvað gerir hann raunverulegan:** Vefsíðan Buy.is hefur áður gefið PS3.

SATT

**Viltu vinna afnot af glænýjum Ford Focus RS & 500 þúsund króna bensíninneign?**
**Fjöldi: 13.998**
**Hvað kom upp um hann:** Já, já, 18 ára strákur ætlar að lána Facebook-notanda af handahófi bíl og gefa honum hálfa milljón í bensín.

LOGIÐ

# VIÐ HLJÓTUM AÐ KLIKKAÐIR

**Hljómsveitin Who Knew hefur verið til í nokkurn gefið út plötu – fyrr en nú. Platan Bits And Pieces fjallajökli leyfir. Ármann, Baldur, Snorri, Jökull Hu þar sem þeir eru á leiðinni til Þýskalands þar sem Þýskaland, Pink og raunveruleikaþætti.**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYND:** Valli

Platan ykkar er loksins tilbúin. Mér finnst eins og hún sé búin að vera í smíðum frá því um aldamót. Hvað tafði ykkur?

Ármann: „Við vorum ekki orðnir ánægðir með það sem við vorum að gera.“

Baldur: „Við vorum líka alltaf að endurskoða, ég held að það sé gott. Við vorum í ferli alveg fram á síðustu stundu að betrumbæta og finna hinn eina sanna hljóm.“

Snorri: „Við höfðum líka okkar eigið stúdíó til að vinna í og gátum því leyft okkur að gera tilraunir.“

Baldur: „Platan var tilbúin fyrir ári, en svo nældum við okkur í plötusamning. Svo ákváðum við að bæta við tveimur lögum, þannig að við tókum þau upp og unnum plötuna betur.“

Plötusamning við hvern?

Hilmir Berg: „Devil Duck …“

Ármann: „… og 101 Berlin í Þýskalandi.“

101 Berlin var útflutningsfyrirtæki fyrir íslenskar hljómsveitir en var breytt í útgáfu til að gefa út plötu Who Knew. Fyrirtækið er undirútgáfa Devil Duck og í eigu tveggja Þjóðverja sem hafa mikinn áhuga á íslenskri tónlist og menningu. Devil Duck er gæluverkefni manns sem vinnur fyrir útgáfurisana Sony og Universal ásamt því að hann skrifar í Rolling Stone.

## Búa í Þýskalandi í sumar

Who Knew er á leiðinni til Þýskalands 22. maí og þar hyggst hljómsveitin dvelja nánast í allt í sumar. Strákarnir eru búnir að redda sér íbúð, sveittri hljómsveitarrútu og æfingahúsnæði og munu því færa höfuðstöðvarnar frá Reykjavík til Berlínar tímabundið.

Jón Valur: „Það er búið að staðfesta tónleika fyrrihluta sumarsins, þeir eru flestir í Þýskalandi.“

Ármann: „Svo er hugmyndin að fara til Ítalíu og Danmerkur og fleiri landa. Ástæðan fyrir því að við verðum í Þýskalandi er að það er rosalega dýrt að fara til Ítalíu, við þurfum að fá borgað þar til að geta farið þangað. Við erum ekki orðnir þekktir úti, þannig að það er erfitt að fá borgað fyrir að spila á hátíðum sem milljón hljómsveitir sækja um að spila á.“

Hilmir Berg: „Þess vegna ætlum við að vera þarna í allt sumar, ef eitthvað kemur upp. Þá erum við í Berlín og fáum allt í einu gigg fjórum klukkutímum frá með viku fyrirfara. Það væri erfitt ef við værum á Íslandi.“

Ármann: „Þannig að við verðum sex saman í sveittri hljómsveitarrútu.“

Hilmir Berg: „Nei, ég verð á sérbíl.“

Baldur: „Flottræfill!“

Ég spyr hvað þeir vilja að nýja platan geri fyrir hljómsveitina. Þeir vonast til að hún haldi áfram að rúlla boltanum og hann stækki smám saman. Þeir eru gríðarlega stoltir af plötunni og segja að hún sé ekki síður fyrir þá sjálfa en einhvers konar vopn í baráttunni um frægð og frama – þó að það væri að sjálfsögðu plús.

Hilmir Berg: „Síðast þegar við fórum út var enginn með eitthvað sérstakt í huga, þetta var bara gaman og menn voru að hugsa um það. Vonandi verður þetta ógeðslega gaman aftur og vonandi

# VERA SMÁ

**tíma, komið reglulega fram í gegnum tíðina, sent frá sér lög en aldrei s of a Major Spectacle er væntanleg til landsins þegar eldgosið í Eyja- xley, Jón Valur og Hilmir geta ekki fylgt plötunni mikið eftir á Íslandi þeir verða í allt sumar. Popp hitti strákana og ræddi um plötuna,**

**„BARA HVAÐ SELUR? ÞAÐ VAR ANNAÐHVORT KYNLÍF EÐA OFBELDI. ÞETTA ERU ALLT MYNDARLEGIR STRÁKAR, EN EF VIÐ HEFÐUM VALIÐ KYNLÍF HEFÐI ÆFINGIN DAGINN EFTIR ORÐIÐ VANDRÆÐALEG.“**

komum við ekki út úr þessu gjaldþrota. Það er eitt af markmiðunum, að geta gert þetta, haft gaman og haft efni á því.“

## Slógust í blóðugu myndbandi

Who Knew sendi nýlega frá sér blóðugt myndband við lagið We Do. Myndbandið er unnið af Áströlunum Josh Aylett og Chris Cooper, en þeir ferðast um heiminn, framleiða myndbönd frítt gegn því að fá gistingu á hverjum stað fyrir sig.

Baldur: „Þetta var skemmtilegt ferli. Við ákváðum að fara alveg *all in commercial* – bara hvað selur? Það var annaðhvort kynlíf eða ofbeldi. Þetta eru allt myndarlegir strákar, en ef við hefðum valið kynlíf hefði æfingin daginn eftir orðið vandræðaleg.“

Ármann: „Og bara framtíðarsamstarfið.“

Þið lemjið hver annan í klessu í myndbandinu. Eruð þið eitthvað klikkaðir?

Baldur: „Þetta fór aðeins lengra en við ætluðum okkur. Þetta byrjaði á því að við vorum að trufla og slá hver annan. Svo vatt þetta upp á sig.“

Þeir byrja allir aða tala hver upp í annan og lýsa því hvernig áfengi og persónulegur ágreiningur varð til þess að myndbandið breyttist óvænt í blóðbað. Nokkrum glóðaraugum, blóðnösum og tveimur sprungnum hljóðhimnum síðar var myndbandið svo tilbúið og komið á Netið. Ég hvet fólk til að fletta því upp á Youtube.

Þið neitið sem sagt að þið séuð klikkaðir, þetta gerðist bara óvart?

Hilmir Berg: „Nei, við hljótum að vera smá klikkaðir, fyrst við gerðum þetta?“

Baldur: „Eigum við ekki að segja það? Það selur líka.“

(allir hlæja)

Snorri: „Allt sem við gerum, öll viðtöl og svona, leysast upp í eitthvað bull. Þetta verður svo súrt. Alveg eins með myndbandið, við sáum þetta fyrir.“

## Hinar spurningarnar

Mynduð þið taka þátt í raunveruleikaþætti sem snerist um að þið þyrftuð allir að berjast um ást einnar stúlku ef þátturinn myndi kynna hljómsveitina um allan heim?

Allir: „Já,já,já.“

Athyglin beinist fljótt að trommaranum Jóni Vali, sem er kvennaljómi hljómsveitarinnar. Örugglega eini trommari heims sem er vinsælli hjá stelpunum en söngvarinn og gítarleikarinn. Fyrir utan Phil Collins.

Ármann: „Jón Valur yrði bara drepinn frekar snemma.“

Hilmir Berg: „Eða bara kosinn út?“

Baldur: „Eða sýru hellt yfir andlitið á honum.“

Jón Valur: „Ég vil ekki taka þátt í þessu lengur!“

Who Knew er einnig lag eftir söngkonuna Pink. Dragið þið nafn ykkar frá laginu?

Ármann: „Já.“

Baldur: „Er ekki fyndnast að segja það? Alltaf þegar fólk flettir upp Who Knew á Netinu fær það bara Pink.“

Hilmir Berg: „Var ekki einhvern tíma draumur að hita upp fyrir Pink?“

Ármann: „Það væri geðveikt. Taka lagið Who Knew.“

Baldur: „Við ætlum bara að segja það núna opinberlega. Við viljum hita upp fyrir Pink. Þannig að Pink, ef þú ert að lesa þetta...“

Hvaða áhrif hefur eldgosið í Eyjafjallajökli haft á hljómsveitina?

Jón Valur: „Platan okkar situr föst úti og við erum með hlustunarpartí á föstudaginn [í kvöld].“

Baldur: „Við ffrumsýnum, eða frumheyrum, plötuna í partíi á Karamba og hún verður ekki til sölu.“

Platan er engu síður tilbúin og kemur til landsins við fyrsta tækifæri. Who Knew fagnar útgáfu plötunnar Bits And Pieces of a Major Spectacle með tónleikum á Sódómu 5. maí ásamt Sudden Weather Change og Jan Mayen.


KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ OG PANTAÐU

RAY BAN

OAKLEY

CHANEL

PRADA

TOM FORD

YFIR 1000 GERÐIR AF GLERAUGUM Á HEIMASÍÐU OKKAR

www.optical.is

# POPP KORTLEGG

# UR SUKKIÐ

Athugið að kortið er til glöggvunar. Staðirnir eru ekki nákvæmlega staðsettir.

- Gefur til kynna að frægt fólk snigli sér fram fyrir röð á þessum stað.
- Rokktónlist, sviti og/eða svört föt.
- Brúnka, ljóst hár og mínípils er alls ráðandi, semsagt fullt af skinkum og hnakkarnir fylgja með.
- Þessi staður er opinn lengi.
- Ef þú vilt að öfug kynhneigð þín rími við aðra gesti staðarins.
- Þarna má finna gesti í eldri kantinum.
- Miklar líkur á því að þú gangir inn og hljómsveit sé að spila.
- Einstæðir feður, komnir af léttasta skeiði sækja þennan stað og reyna við kærustuna þína.
- Treflarnir eru þarna en drekka eitthvað annað en latte.
- Hip hop tónlist, bling og hangandi buxur.

# HEILLANDI EN RUGLINGSLEG FANTASÍA

Hvernig er hægt að elska japanskan „roleplay“-leik á borð við Final Fantasy XIII? Leikurinn safnar saman hóp af virkilega pirrandi persónum með furðulegar hárgreiðslur og lætur þær hlaupa um í heimi sem er svo ruglingslegur að honum fylgir alfræðiorðabók, grínlaust.

Allt sem einkennir japanskan „roleplay“-leik er hér til staðar.

Stórbrjósta táningsstelpur sem sjá ekkert nema hvolpa og regnboga, vælandi stelpustrákar með ödipusarduld og þöglar hetjur sem eru síðan mjúkar inn við beinið.
Þrátt fyrir þetta er ekki annað hægt en að hrífast af FF XIII.

Leikurinn lítur mjög vel út og draumaveröldin sem er sköpuð í leiknum er undraverð, en illskiljanleg. Bardagakerfi leiksins, eftir að menn ná loks fullum tökum á því, er hnitmiðað og þægilegt í notkun og leikurinn

**ÓVENJULEGT** Ekki einu sinni flugvélarnar í Final Fantasy XIII eru venjulegar.

mun endast mönnum töluvert lengi. Þó svo að leikurinn sé full lengi að komast á flug er vel hægt að hafa gaman af honum, svo lengi sem maður höndlar allar persónurnar, dramað og vitleysuna.

*Viggó I.J.*

**FINAL FANTASY XIII**

SPILUN 4/5
GRAFÍK 5/5
HLJÓÐ 3/5
ENDING 4/5

NIÐURSTAÐA 4/5

# HÚMOR OG KREFJANDI SKOTBARDAGAR

Ævintýri Bad Company-hópsins halda áfram í þessu framhaldi af samnefndum leik frá 2008. Meðlimir hópsins samanstanda af fjórum málaliðum sem passa hvergi inn nema hver með öðrum, enda skrautlegur hópur manna. Í leiknum berst hópurinn gegn rússneskum málaliðum í Suður-Ameríku.

Fyrri leikurinn einkenndist af húmor, frábærum verkefnum og þeim eiginleika að geta skemmt veggi inn í húsum, og er framhaldið meira af hinu sama. Að því undanskildu að núna getur spilarinn nýtt húsin til þess að fella stóra hópa af

**FJÖLBREYTTUR LEIKUR** Þú ræður hvernig þú vinnur úr aðstæðunum í Bad Company 2.

andstæðingum með því að gereyða húsum.

Ólíkt skotbardögunum í sambærilegum leikjum, eins og Call of Duty, þá er bardagavöllurinn í Bad Company þinn. Þú ræður hvernig þú vinnur úr aðstæðunum, að því leyti að ef þú vilt komast aftan að hópi andstæðinga, þá gerir þú einfaldlega gat í gegnum nokkur hús, og voila! þú ert kominn í bakið á þeim. Þessi taktík gerir skotbardagana fjölbreytta og skemmtilega. Það þreytist seint að leika sér að beita nýrri taktík í hvert skipti eftir að manni mistekst sú fyrri.

Þeir spilarar sem spiluðu Battlefield: Bad Company fá meira af hinu sama, sem er í minni bók, meira en kærkomið. Frábær verkefni, spennandi og krefjandi skotbardagar og dass af góðum húmor er góð blanda sem hægt er að mæla með.

*Vignir Jón Vignisson*

**BAD COMPANY 2**

SPILUN 4/5
GRAFÍK 4/5
HLJÓÐ 5/5
ENDING 4/5

NIÐURSTAÐA 4/5

Davíð Berndsen tónlistarmaður er smekkmaður á kvikmyndir eins og sést hér fyrir neðan.

# NÝLEGA GLÖTUÐ GÖMUL

**Sá nýlega**

*Jumanji (1995)*

„Ég horfði á hana oft þegar ég var lítill. Ég man enn þá eftir bíóferðinni og man að mig langaði ótrúlega í þetta spil. Ég var örugglega tíu ára. Svo varð ég fyrir þvílíkum vonbrigðum þegar ég horfði á hana í síðustu viku því hún var svo góð í minningunni.“

**Glötuð**

*Dear John (2010)*

„Ég sá hana líka í síðustu viku. Hún er frá þeim sömu og gerðu Notebook og fjallar um ástarsamband á milli tveggja persóna sem eru að skrifa bréf sín á milli. Það gerist bara ekkert og ég varð hálf pirraður á að horfa á þetta. Þetta er ein versta mynd sem ég hef séð.“

**Gömul**

*Rocky (1976)*

„Hún er alveg klassík. Hún er svo mikill áhrifavaldur í mínu lífi og í minni músík því þetta er eitístímabilið. Ég tala nú ekki um ræktina því maður er að reyna að koma sér í form líka.“

**FÍLAR ROCKY** Davíd Berndsen er mikill aðdáandi Rocky með Sylvester Stallone í aðalhlutverki.

**KOMINN AFTUR** Robert Downey Jr. klikkar ekki frekar en venjulega.

**FRUMSÝND Í KVÖLD:** IRON MAN 2

# JÁRNMAÐURINN BJARGAR DEGINUM

**Robert Downey Jr. snýr aftur í kvöld í hlutverki milljónamæringsins Tony Stark. Eins og í fyrri myndinni gerir hann heiminn að betri og öruggari stað með hjálp ofurbúnings. Hann þarf að taka á stóra sínum í myndinni þar sem enginn annar en Mickey Rourke leikur eitt af illmennunum og hann er ekkert lamb að leika sér við.**

**Mamma**

„Ég er nú ekkert voðalega mikið fyrir svona myndir, þó að Robert Downey Jr. hafi verið sjarmerandi þegar hann lék í Ally McBeal. Það er einum of mikið fjör í þessari fyrir minn smekk. Ég held að þú ættir frekar að bjóða mömmu þinni á einhverja fallega rómantíska gamanmynd eða spennutrylli með Richard Gere.“

**Vinurinn**

„Leyfðu mér að hugsa. U, já! Þetta er myndin sem við erum að fara á um helgina. Fyrri myndin var geðveik, Robert Downey Jr. er snillingur, Scarlett Johansson leikur gelluna og Mickey Rourke er illmenni. Til að toppa þetta allt er hraði, sprengingar og húmor sem bindur myndina saman í sumarsmellssnilld.“

**Bíónördinn**

„Iron Man 2 er ekki eins góð og fyrsta myndin, en stútfull af fjöri engu síður. Robert Downey Jr. er frábær í hlutverki hrokafulla milljónamæringsins Tony Stark og það er alltaf gaman að sjá gamla vin minn Mickey Rourke stela senunni. Jú, skemmtileg mynd sem ég mæli með að fólk fari á í bíó. Popp, kók og fjör.“

**Stelpan**

„Ég er ein af stelpunum sem finnst gaman að horfa á hasarmyndir. Mér finnst reyndar líka gaman að keyra hratt, en það er önnur saga. Robert Downey Jr. er sexí og Mickey Rourke er ógeðslegur. Svo er náttúrlega fullt af sætum stelpum líka þannig að þetta steinliggur. Kynþokki, fjör og hraði! Já!“

# POPP MOLAR

Nýtt lag með rokksveitinni Interpol lak út í gegnum heimasíðu sveitarinnar í gær. Lagið kallast „Lights“ og er af væntanlegri plötu Interpol. Hörðustu aðdáendur segja að nýja lagið minni á fyrstu plötu sveitarinnar, Turn on the Bright Lights, sem passar við yfirlýsingar meðlima hennar. Interpol-menn hafa unnið að gerð plötunnar í New York og London. Búast má við fjórðu plötunni seint á árinu en þrjú ár eru liðin síðan sú síðasta kom út.

Fátækir aðdáendur Gorillaz sem hafa grátið ofan í koddann yfir því að komast ekki á tónleika með sveitinni geta tekið gleði sína á ný. Gorillaz kemur fram á Roundhouse í London í kvöld og hápunktar tónleikanna verða sendir út í gegnum heimasíðu sveitarinnar. Útsendingin hefst klukkan níu í kvöld. Frekari gleðifregnir berast aðdáendum Gorillaz því Damon Albarn, höfuðpaur hennar, segir að hann eigi nægt efni til á tvær plötur til viðbótar. „Ég tók rosalega mikið af efni upp,“ segir hann.

Wayne Coyne og félagar í hljómsveitinni The Flaming Lips hafa aflýst tónleikum sínum á tónlistarhátíðinni SunFest. Hátíðin er á Flórída og átti Flaming Lips að stíga á svið í kvöld. Samkvæmt tilkynningu frá skipuleggjendum hátíðarinnar þurfti sveitin að hætta við eftir að Steven Drozd, sem leikur á fjölda hljóðfæra í bandinu, var lagður inn á sjúkrahús. Ekki fylgir sögunni hvað hrjáir hann en búast má við að Lips aflýsi fleiri tónleikum í kjölfarið.

**POPPPLATA:** EIN FRAMSÆKNASTA ÞUNGAROKKSHLJÓMSVEIT HEIMS

## GÓÐ PLATA SEM SKORTIR HEILDARSVIP

**DEFTONES**

**DIAMOND EYES**

**Dánlódaðu:**Beauty School, Royal.

Diamond Eyes er ávöxtur samstarfs Deftones við nýjan bassaleikara, en Chi Cheng, upprunalegi bassaleikari hljómsveitarinnar, liggur nú þungt haldinn eftir hræðilegt bílslys. Þegar hann lenti í slysinu var platan Eros nánast tilbúin, en meðlimir Deftones ákváðu að fresta útgáfu hennar um óákveðinn tíma.

Diamond Eyes er góð plata. Deftones heldur áfram að þróa hljóminn sem hefur einkennt síðustu plötur hljómsveitarinnar og mistekst ekki alvarlega. Platan er á köflum níðþung, en eins og Deftones er von og vísa eru afar ljúfir kaflar inni á milli.

Diamond Eyes jafnast ekki á við White Pony, eða síðustu plötuna Saturday Night Wrist. Hún er hvorki jafn grípandi né spennandi, þó að lög eins og Beauty School og Royal séu sannarlega með því betra sem hljómsveitin hefur sent frá sér. Plötuna skortir heildarsvip og andrúmsloft sem gerði WP og SNW plöturnar frábærar

Deftones er vanmetin hljómsveit. Margir líta á hana sem bitra unglingasveit, þegar hún hefur eytt síðustu árum í að skapa tónlist sem á sér enga hliðstæðu. Framsækni, ævintýramennska og hugrekki einkenna sköpun Deftones, sem tekst aldrei að vera leiðinleg þó að plöturnar séu að sjálfsögðu misjafnar að gæðum.

- afb

# Full búð af hjólum

**Giant Boulder**
Sterkt fjallahjól, 21 gír, dempari á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

**Verð 65.900 kr.**

**Giant Sedona**
Létt og þægilegt borgarhjól, 21 gír dempari í sæti og á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

**Verð 69.900 kr.**

*Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.*

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

# POPP MOLAR



**Alison Goldfrapp** úr hljómsveitinni Goldfrapp segir að Lady Gaga sé í þann mund að taka við af Madonnu sem drottning poppsins. „Hún er hin nýja Madonna. Lady Gaga hefur mikið álit á því sem hún gerir. Það er öfgakennt og áhugavert. Reyndar finnst mér fötin hennar miklu skemmtilegri en tónlistin," sagði Alison. „En hún er mjög hæfileikarík og það verður fróðlegt að fylgjast með ferli hennar."

Leikarinn **James McAvoy** sem lék í Atonement og Last King of Scotland hefur verið orðaður við hlutverk rokkarans Kurts Cobain í nýrri mynd um ævi hans. Robert Pattinson úr Twilight-myndum var áður orðaður við hlutverkið en svo virðist sem ekkja Cobains, Courtney Love, vilji frekar fá McAvoy. „Lítið bara á hann. Það mætti halda að Edward Norton og Kurt hafi eignast barn saman," sagði hún í nýlegu sjónvarpsviðtali.

Breski grínistinn **Ricky Gervais** heldur áfram sem kynnir Golden Globe-hátíðarinnar á næsta ári. Gervais vakti blendin viðbrögð á síðustu hátíð þegar hann gerði grín að áfengisvandamálum Mels Gibson og rándýrum skilnaði Pauls McCartney. Þrátt fyrir það fékk hann starfið á nýjan leik. „Ef ég á segja alveg eins og er kom þetta mér á óvart. En ég skemmti mér mjög vel á síðasta ári," sagði Gervais. „Næst ætla ég alla leið. Ég mun sjá til þess að þau bjóði mér ekki aftur."

**PRJÓNAÐ** Við veltum fyrir okkur hvar ljósmyndarinn var staddur. Undir hjólinu eða?

**NÁTTÚRAN KALLAR** Spurning hversu nauðsynlegt það er að fara úr öllum fötunum þegar maður pissar með vinum sínum í guðsgrænni náttúrunni.

**ALVEG SOFANDI** Þessi mynd styður kenningu grínistans Dave Chappelle um að maður megi ekki sofna með hvítu fólki.

**EFTIR EINN...** Djók. Þessi er að öllum líkindum að vinna, en ekki leggja sig eftir of marga.

**LÚMSKUR** Lesandi POPPS náði tærustu birtingarmynd ástarinnar á mynd.

# TAKTU SÍMAMYND!

**Taktu mynd með símanum og sendu okkur. Við birtum bestu myndirnar og höfundur langbestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos. Myndirnar geta verið af hverju sem er, einhverjum atburði, Sveppa, Michael Jackson, Jóhönnu Guðrúnu eða bara góðu flippi.**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS

SENDU OKKUR ÞÍNA SÍMAMYND Í SÍMA 696 7677
EÐA Á POPP@FRETTABLADID.IS OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS!

vodafone

**GALDRAR?** Sagan segir að þessi drengur hafi ekki verið á hjólinu þegar myndin var tekin, heldur svifið fyrir aftan það.

**FLOTTUR** Niður Snorrabraut og út á Sæbraut. Ætli hann sé á leiðinni í borgara á Búllunni?

**LÚMSKUR 2** Hvað var á bak við glerið? Það hefði mátt fylgja með myndinni.

ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLUTUM!

BREMSUHLUTIR ★ STÝRISHLUTIR ★ SLITHLUTIR ★ LJÓS
BODDÝHLUTIR ★ KÚPLINGAR ★ OG MARGT FLEIRA

Varahlutir á lager í flestar gerðir bíla

WWW.ABVARAHLUTIR.IS
AB VARAHLUTIR - BÍLDSHÖFÐA 18 - Sími: 567 6020

AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

**GJAFMILDIR** Robert Smith og félagar bregða á leik.

# FULLT AF AUKAEFNI Á LEIÐINNI FRÁ CURE

Robert Smith og félagar í The Cure hyggjast gefa út viðhafnarútgáfu af plötunni Disintegration frá árinu 1989 24. maí næstkomandi. Útgáfan telur þrjár plötur sem eru stútfullar af áður óheyrðum demólögum og lagabútum.

Disintegration er af mörgum talin besta plata The Cure, þanngi að aðdáendur hljómsveitarinnar komast í feitt í enda maí.

• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# PUMA-SPRENGJA

# 30%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM PUMA-VÖRUM

# ÓTRÚLEG VERÐ

| Vara | Venjulegt verð | Outlet-verð | Sprengjuverð |
|---|---|---|---|
| Esito götuskór barna | kr. 9.990.- | kr. 6.990.- | **kr. 4.893.-** |
| Stuttermabolur herra | kr. 6.990.- | kr. 3.990.- | **kr. 2.793.-** |
| Stuttbuxur | kr. 3.490.- | kr. 1.990.- | **kr. 1.393.-** |
| Bakpoki | kr. 5.990.- | kr. 2.990.- | **kr. 2.093.-** |
| Nærbuxur 2 í pk | Kr. 4.990.- | Kr. 3.490.- | **kr. 2.443.-** |
| Hettupeysa kvenna | kr. 13.990.- | kr. 8.990.- | **kr. 6.293.-** |
| Rennd peysa | kr. 17.990.- | kr. 9.990.- | **kr. 6.993.-** |
| Jakki | kr. 18.990.- | kr. 12.990.- | **kr. 9.093.-** |
| Velosis hlaupaskór | kr. 27.990.- | kr. 16.990.- | **kr. 11.893.-** |

## AFSLÁTTURINN GILDIR TIL OG MEÐ 3. MAÍ

**OPIÐ LAUGARDAG KL. 11-16**
**OPIÐ SUNNUDAG KL. 12-16**

SPORT OUTLET

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16



# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ SLÁ Í GEGN MEÐ HJÁLP ELDGOSSINS

**Vilhelm Anton Jónsson tónlistarmaður**

1 **Blue Man Group** gæti gert myndband við lagið „Gos, gos skrýpla-gos“ með Haraldi í Skrýplalandi.

2 **Sjálfshjálparmiðstöð** og Ísland á iði gætu tekið höndum saman og gert svona „gengið á glóandi kolumgöngutúr“ yfir gossvæðið. Bæði gengið á glóandi hrauni og langur göngutúr – tveir fyrir einn.

3 **Hirða peninga** af auðtrúa fólki og boða heimsendi og reiði Guðs sem jarð-hverfist í þessu eldgosi … hefur samt þegar verið gert.

4 **Gera bol** sem stendur á „I Lava You!“ Markaðssvæði: Ítalía og Mið-Evrópa.

5 **Markaðssetja** innsiglaðar málmöskjur, eitthvað á þessa leið: „Sennilega er glóandi hraunmoli í öskjunni.“ Markaðssvæði: heimurinn, með öruggan markað hjá sálfræðingum og sálfræðinemum sem þurfa að þekkja Schrödinger og finnst þetta sjúklega sniðugt.

# Sigurlagið „Komdu til baka“ handa Ringjurum í allan dag.

Við sendum þér tóninn beint í símann.

Farðu inn á farsímavefinn m.ring.is og óskaðu eftir að fá hringitóninn sendan í símann.

Gleði
**Tónlist**
**Ferskir tónar á m.ring.is í hverri viku**
Gildir í dag, föstudag

Tónlist.is
**Sigurlagið fyrir 0 kr.**
Ringjarar geta náð sér í **Komdu til baka**, sigurlagið í Söngkeppni framhaldsskólanna, á farsímavefnum **m.ring.is** í dag.
Tilboð á m.ring.is – ekki klippa þennan miða út

Stærsti vinahópur á Íslandi
ring

Síminn

Auglýsingasími
512 5411

jóga. „Ég hef stundað kundalini-jóga í mörg ár og það gerir mikið fyrir mig. Kundalini-jóga er hugleiðsla þar sem unnið er með öll líffærin bæði til að styrkja líkamann og til að styrkja sjálfið og ég finn mikinn mun ef ég hef ekki tíma til að iðka það.“ Umboðsmaður Láru vann við Reykjavík Fashion Festival og er einnig að kynna hönnun Munda á erlendri grund. Leiðir Munda og Láru lágu því óhjákvæmilega saman og nú hefur Lára gert samning um að klæðast einungis hönnun Munda á sviði og í allri markaðssetningu sem henni viðkemur. „Það er verulega spennandi og framsækinn stíll Munda sem mun án efa hjálpa mér að styrkja ímynd mína. Ég er mjög hrifin af því sem hann er að gera og er núna svo heppin að fá að klæðast hönnun hans.“ Spurð um hvort hún sé komin með heilan fataskáp af skræpóttum Munda-fötum hlær hún dátt. „Nei, alls ekki, þetta er jú nýbyrjað. En þetta er ofsalega skemmtilegt vegna þess hve heitur Mundi er þessa dagana.“

## * bak við tjöldin

**Uppáhaldsstaður á jörðinni?** Vestfirðir.

**Skemmtilegasta borgin?** Berlín.

**Bókin á náttborðinu?** Hard-boiled Wonderland and the End of the World eftir Haruki Murakami.

Lífsgleði njóttu eftir Dale Carnegie - fer eftir því hvort ég vil skáldskap eða pepp!

**Lagið í i-podinum / geislaspilaranum?** Kings of Leon - Closer.

**Skemmtilegasta kvikmynd sem þú horfðir á síðast?** Crazy Heart.




Stofnaður 1952

Skólaárið 2010–2011

# Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi

Myndirnar eru teknar á sýningum Listdansskólans 2009.
Ljósmyndari Valgarður Gíslason.

# Listdansskóli Íslands

Inntökupróf í grunnskóladeild (9–15 ára) fara fram 8. maí kl. 13.00–14.30.

Inntökupróf í framhaldsdeild, listdansbraut (16 ára og eldri) fara fram 8. maí kl. 15.00–17.00

Rafræn skráning er hafin fyrir næsta skólaár 2010–2011 á listdans.is

Nemendur Listdansskóla Íslands höfnuðu í fimm efstu sætum í klassísku sólódanskeppninni í febrúar síðastliðnum. Þrír þeirra eru á leið til Svíþjóðar til að taka þátt í alþjóðlegri sólódanskeppni.

Munið frístundarkortin.

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

# útlit

tíska og fegurð

**VORBOÐI** Þessir undraverðu skór eru úr vor- og sumarlínu kron by kron kron og eru tilvaldir til að lífga upp á dökkan fataskáp vetrarins.

**Afrísk mynstur** Aðsniðnir og litríkir kjólar með framandi blæ.

**Gegnsætt** Falleg flík eftir hönnuðinn David Koma.

**Hlýtt** Græn og skondin peysa eftir Laura Mackness.

**Heklað** Ljós kjóll með rétthyrningum.

Tískusýning nema í Central Saint Martins

## STJÖRNUR FRAMTÍÐARINNAR?

Það er alltaf gaman að fylgjast með ungum og hæfileikaríkum hönnuðum og ímynda sér hverjir munu koma til með að skína skærast á næstu árum. Listaháskólinn Central Saint Martins í London er mikils metinn á öllum sviðum hönnunar og hefur gotið af sér eina frægustu tískuhönnuði seinni tíma, þar á meðal Alexander McQueen. Útskriftarsýning skólans í ár undir handleiðslu prófessorsins Louise Wilson var hin glæsilegasta og skartaði frumlegum sniðum og efnum. Þess má geta að nemendurnir voru úr öllum heimshornum sem gerði sýninguna enn fjölbreytilegri. Hér gefur að líta sýnishorn af hönnun sem við munum ef til vill sjá meira af í framtíðinni. - *amb*


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Ljómandi húð og frísklegar kinnar

**Með vortískunni fylgir gjarnan náttúruleg förðun í stað sterkra varalita og mikillar augnmálningar vetrarins. Þær sem vilja vera frísklegar og sætar í sumar geta fylgt ráðum fagfólksins hjá Mac sem er með fallegar nýjungar þessa stundina. María Guðvarðardóttir hjá Mac segir mikilvægt að vera með undirstöðurnar á hreinu til þess að húðin ljómi sem mest. „Það sem alltaf þarf að hafa í huga er að undirbúa húðina vel áður en farði er settur á, nota gott rakakrem og „primer“ sem er undirfarði,“ segir hún. „Strobe-rakakremið er auðvitað nauðsynlegt þegar maður vill fá ljóma í húðina, það er mjög vítamínríkt og nærandi.“ Milt sólarpúður undir kinnbein er nauðsynlegt og einnig er fallegt að setja „Cream colour base“ í ljósum lit efst á kinnbeinin til að hækka þau. „Mineralizebluch á kinnarnar gefur síðan aukinn ljóma. Fallegur augnskuggi eins og Patina og Bountiful Brown Powerpoint-blýantur í kring um augun. Á varirnar er fallegt kórallitað gloss svo alveg málið í vor og sumar.“** - *amb*

**Mikilvægt að nota réttu vörurnar** Mac mælir með „Strobe“ kreminu sem er nærandi og veitir húðinni frísklegan ljóma, sólarpúðri og „nude“ varaglossi.

BDF Beiersdorf

# EINFALDLEGA FALLEG HÚÐ

NIVEA

**NÝTT!**
**BÆTT UVA-VÖRN**
**VINNUR GEGN**
**HRUKKUMYNDUN**

SÉRÐU HVAÐ ÉG ER GÖMUL?

## ÉG HEF ENGAR HRUKKUR TIL AÐ SANNA ÞAÐ

**NIVEA** Q10 PLUS DAGKREM MEÐ **BÆTTRI UVA-VÖRN SEM VINNUR GEGN HRUKKUMYNDUN.**

Notaðu best geymda leyndarmál húðarinnar til að minnka hrukkur - þitt eigið Q10 kóensím. Nú einnig með bættri UVA-vörn sem vinnur gegn hrukkumyndun, sléttir og nærir húðina. Q10. Skapað af húðinni. Bætt af **NIVEA**.

www.**NIVEA**.com

föstudagur FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. APRÍL 2010

# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Agnes Marinósdóttir fatahönnuður**

**Ég get engan veginn hafið daginn nema fá mér rótsterkt kaffi og knús frá honum Óla syni mínum.**

**Í hádeginu hitti ég Þuríði vinkonu mína og við smjöttumst saman og ræðum lífið yfir paninni og ef við getum þá kannski hoppar maður á Hamborgarafabrikkuna í einn borgara.**

**3**

**Eftir vinnu næ ég í strákinn minn og við kíkjum í búðir.**



**Næst á dagskrá er fjölskyldustund, nammi og Wipeout.**

**4**

**Að lokum myndi ég vilja kíkja á píurnar mínar, skella á mig rauðum varalit, súpa smá rauðvín og dansa inn í nóttina á háum hælum.**

**5**


VESTFIRÐIR

NORÐURLAND

ÍSLENSKAR MATARKRÁSIR

ÍSLANDSPERLUR

FERÐASÝNING Í PERLUNNI 1.- 2. MAÍ 2010 - KL. 10-17

FERÐAÞJÓNUSTA BÆNDA

BEINT FRÁ BÝLI

VESTURLAND

AUSTURLAND



FERÐUMST UM LANDIÐ OKKAR Í SUMAR

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli.

Á sýningunni verður gestum boðið að ganga hringinn í kringum landið og fá smjörþefinn af því besta sem ferðalöngum stendur til boða í sumar.

Hvort sem þú hefur áhuga á fugla-, sela-, eða hvalaskoðun, gönguferðum um fjall eða fjöru, heimsækja söfn og sýningar, njóta menningar og lista, stunda golf, skíði eða heilsulindir, eða heimsækja blómlega bæi þá finnurðu örugglega eitthvað sem heillar þig!

Á einum stað gefst fólki tækifæri á að kynna sér fjölbreytta ferðamöguleika á Íslandi, skoða, spjalla og spyrja, bragða á íslenskum krásum og njóta fjölbreyttra uppákoma:

- fara í stuttan útreiðartúr, dást að kiðlingum, andarungum, uppstoppuðum ísbirni og hreindýri,
- fylgjast með gjósandi eldfjalli, handfjatla splunkunýtt hraun og uppgötva leyndardóma kúluskíts og óskasteina,
- skoða lítinn burstabæ, bala með skeljum og ílát með lifandi sjávardýrum,
- kynnast ævintýrum Sögu og álfastráksins Jökuls, sjá tröllshöfuð í fullri stærð, hlusta á tröllasögur og frásagnir af skessunni í hellinum, virða fyrir sér álfsnef, máta víkingaklæði og kynnast leikjum víkinga fyrr á öldum, eða ímynda sér drekann, Lagarfljótsorminn og persónur úr Hrafnkelssögu,
- taka þátt í SMS ratleik, njóta leiðsagnar um Öskjuhlíð, bæta við lengsta trefil í heimi, öðlast innsýn í framtíðina frá spákonu og njóta ýmissa tónlistaratriða.

Hlökkum til að sjá þig! Ísland sækjum það **heim!**

SUÐURLAND

SUÐURNES

OPINN LANDBÚNAÐUR

AÐGANGUR ÓKEYPIS

Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board

EINSTAKT TÆKIFÆRI!

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Vegna breytinga á HTH-sýningarsal okkar í Lágmúla 8 bjóðum við nú fjórar eldhúsinnréttingar með ***ótrúlegum afslætti***:

*Upphaflegt verð:* **Kr. 1.400.000,-**
með borðplötum, stálvaski og blöndunartækjum
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 495.000,-**

HTH GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR

*Upphaflegt verð:* **Kr. 1.700.000,-**
með borðplötu
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 590.000,-**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÖLUMENN OKKAR

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMAR:
530·2819 og 530·2821

**LIFUN EFTIR TRÚBROT** verður flutt af söngdeild Tónlistarskóla FÍH í kvöld og um helgina. Platan Lifun var tímamótaverk í íslenskri rokksögu og hafði mikil áhrif á íslenska tónlistarsköpun. Sýningar fara fram í hátíðarsal FÍH Rauðagerði 27.






Elliðaárródeóið hefst klukkan 13.20 í dag og fer fram í leikholunni bak við Toppstöðina í Elliðaárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kajakræðararnir verða að bjarga meðvitundarlausum manni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Kajakmenn halda ródeó

**Kayakklúbbur Reykjavíkur heldur vorhátíð um helgina. Hún hefst á Elliðaárródeói í dag en á morgun verður keppt um Reykjavíkurbikarinn í sjókajak og æfð verður björgun af sjó með þyrlu.**

„Við erum einmitt á leiðinni út á sjó," tilkynnir Rúnar Pálmason blaðamanni þegar hann nær sambandi við hann í vikunni. Rúnar er formaður keppnisnefndar Kayakklúbbsins í Reykjavík en erindið er einmitt að spyrja Rúnar út í vorhátíð Kayakklúbbsins um helgina.

Hann gefur sér smá tíma frá áhugamálinu, sem eru sjókajakar, og segir frá helgaráætlununum. „Elliðaárródeóið hefst á föstudaginn (í dag) klukkan hálf tvö. Þar verður keppt á straumkajökum í leikholunni á bak við toppstöðina í Elliðaárdal. Þetta er gamall æfingastaður og segja má að klúbburinn hafi orðið til þarna," segir Rúnar. Í keppninni leika menn alls konar listir og gefin eru stig eftir því hve margar og flottar veltur menn geta tekið, hvort þeir geti látið bátinn snúast án þess að fara á hvolf og látið bátinn endastingast ofan í iðandi straumvatnið. „Ródeóbikarinn hlýtur síðan sá stigahæsti," segir Rúnar sem býst við að keppendur verði í kringum fimmtán líkt og í fyrra.

Á morgun, laugardag hefst hins vegar sjálf vorhátíðin með keppni um Reykjavíkurbikarinn í sjókajak, sem fer fram við Geldinganes klukkan 10. „Keppt er í tíu kílómetra og þriggja kílómetra róðri á sjó en þegar honum lýkur ætlum við að setja upp björgunaræfingu með Landhelgisgæslunni. Þar verður meðvitundarlausum kajakræðara bjargað úr sjónum af öðrum ræðurum. Síðan köllum við á þyrluna og vísum henni leið með blysum. Sigmaður kemur niður og hífir hinn meðvitundarlausa um borð í þyrluna."

Rúnar segir oft ævintýralegt að taka þátt í þessari æfingu. „Þegar þeir hafa komið á stóru þyrlunni hafa þeir stundum leikið sér að því að koma neðarlega til að feykja okkur um koll," segir hann og hefur gaman af.

Eftir björgunina verða útnefndir sjókajakmaður og straumkajakmaður ársins. „Síðan gefst almenningi kostur á að skoða búnaðinn og prófa að setjast í bátana," segir Rúnar með tilhlökkun og vonast til að sjá sem flesta.

*solveig@frettabladid.is*



Þyrla Landhelgisgæslunnar mun hífa hinn meðvitundarlausa ræðara um borð. MYND/ÚR EINKASAFNI

Mjúkir og þægilegir götuskór fyrir dömur.

Gerð: 5022
Stærðir: 36 - 42
**Verð: 13.950.-**
Góð breidd

Gerð: 55K
Stærðir: 36 - 41
**Verð: 13.950.-**

Misty skor Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

# Vori verður fagnað

**Fjölskylduhátíð Fríkirkjunnar í Hafnarfirði verður haldin í Kaldárseli á sunnudag.**

„Hátíðin er haldin í tuttugasta sinn sem vorhátíð og alltaf fjölmenni sem mætir til að skemmta sér saman í stórkostlegri náttúrunni í Kaldárseli," segir Jóhann Guðni Reynisson formaður og bætir við að dagskráin nú verði fjölbreytt að venju.

„Hljómsveit kirkjunnar og starfsfólk sér um að skemmta gestum og vonir standa til þess að hestamenn mæti á staðinn og bjóði börnunum á hestbak. Á vorhátíðinni er ávallt séð um að fullorðna fólkið finni sitthvað við sitt hæfi og nú ætlar Dagur Jónsson vatnsveitustjóri að bjóða upp á klukkustundar gönguferð og kynningu á vatnsbólum Hafnarfjarðar, enda dásamlegt að ganga um nágrenni Kaldársels, meðfram skógræktinni, um hraunið og skoða hellana í kring," segir Jóhann um dagskrána sem hefst klukkan 11.

„Svo er vitaskuld ómissandi að grilla pulsur fyrir börnin á vorhátíðinni og kaffihlaðborð verður í Kaldárseli. Ég hlakka mikið til því alltaf myndast ljúf og skemmtileg stemming, og alveg óborganlegt að heyra börnin taka undir með hljómsveitinni svo undir tekur í Helgafelli."

Rútuferð verður frá kirkjunni klukkan 10.30 fyrir þá sem ekki koma á eigin bílum og öllum velkomið að gera sér glaðan dag á fögrum stað. *- þlg*

Frá fjölskylduhátíð Fríkirkjunnar í Hafnarfirði við Kaldársel í fyrra.
MYND/FJARÐARPÓSTURINN - GUÐNI GÍSLASON

Kerrupúl sf. hefur séð um skemmtilega hreyfingu fyrir foreldra og byrjar nú með leikjanámskeið fyrir börn á skólaaldri og foreldra þeirra.

# Leikjapúl hefst í Laugardalnum

**Kerrupúl sf. fer af stað með ný námskeið á morgun í Laugardalnum sem kallast Leikjapúl.**

Leikjapúl er leikjanámskeið fyrir börn á skólaaldri og foreldra þeirra. Markmiðið er að auka samverustundir foreldra og barna þeirra, og auka þannig leikgleðina og hreyfinguna hjá foreldrum og börnum. Fátt er skemmtilegra en að leika sér með barninu sínu úti í góðu veðri, rifja upp gömlu góðu leikina sem voru vinsælir þegar við vorum lítil, læra nokkra nýja leiki og finna barnið í sjálfum sér í leiðinni.

Námskeiðin verða kennd þrjá laugardagsmorgna á tímabilinu 1. maí-15. maí klukkan 10.30 í Laugardalnum. Námskeiðsgjaldið er 3.990 krónur fyrir eitt foreldri með eitt til tvö börn með sér.

Hægt er að skrá sig á kerrupul@kerrupul.is.

## Sæluviku lýkur

MARGT SKEMMTILEGT ER Í BOÐI Í SÆLUVIKU Í SKAGAFIRÐI SEM LÝKUR Á SUNNUDAGINN.

Sæluvika Skagafjarðar nær hámarki um helgina og lýkur á sunnudag.

Margt er í boði og hér verður fátt eitt nefnt:

Léttsveit Reykjavíkur syngur baráttu- og bjartsýnisljóð í Hóladómkirkju í kvöld klukkan 20.

Á laugardaginn verður kóramót í Menningarhúsinu Miðgarði klukkan 20.30. Þar syngja Rökkurkórinn og Karlakórinn Heimir en gestakórar verða Söngsveit Hveragerðis og Karlakór Hreppamanna.

Stéttarfélögin í Skagafirði bjóða upp á hátíðardagskrá í tilefni af 1. maí og Æskan og hesturinn verður haldin í reiðhöllinni Svaðastöðum klukkan 13 og 16.30.

Á sunnudaginn verða sýndar tvær myndir Friðriks Þórs í Menningarhúsinu Miðgarði, Englar alheimsins klukkan 14 og Mamma Gógó klukkan 20, en aðgangur er ókeypis.

Þetta er aðeins brot af því sem verður í boði en benda má á heimasíðu Sæluvikunnar, www.saeluvika.is, til frekari upplýsinga.

Kvikmyndin Mamma Gógó verður sýnd í Menningarhúsinu Miðgarði á sunnudag.

HELGARTILBOÐ

Sumarfrakkar
~~áður 14.990~~
Nú 7.990

Skokkar
~~áður 16.990~~
Nú 7.990

Ath opið laugardag 1. maí

Leðurjakkar
~~áður 24.990~~
Nú 14.990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

;ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga

# BÍLAR & FARATÆKI

## SJÁLFSKIPTUR

FORD FOCUS AMBIENTE. Árgerð 2003, ekinn aðeins 98 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Ný tímareim. Verð 1.180.000. Rnr.123510.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthála 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 6900þús.kr! bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

LEXUS LS400. Árgerð 1992, ekinn 300 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 690 þús Rnr.151004 Algjör moli. Skoða skipti á ódýrara og dýrara.

FORD MONDEO GHIA STATION. Árgerð 2005, ekinn 102 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.980 þús Rnr.129900 Skoða skipti á ódýrara og dýrara

ARCTIC CAT 500 4X4 AUTO.Götuskráð Árgerð 2010, nýtt hjól, Verð 1.980 þús Rnr.129909 Skoða skipti á ódýrara og dýrara

NISSAN PATROL GR. Árg 2003, ekinn 193 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.380.000. Rnr.170366 Skoða skipti á ódýari og dýrari

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE. Árg 2006, eki 47 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Gott Verð 5.400 þús. Rnr.151243 Skoða skipti á dýrari og ódýrari

FORD E250 ECONOLINE með svefnaðstöðu og gasmiðstöð, Árg 2000, ek 60 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.780.000. Rnr.151194 Frábært eintak. Óskum eftir bílum, hjólhýsum, húsbílum, mótorhjólum og fellihýsum á skrá hjá okkur.

**Höfðabílar**
**Fosshála 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO Nýskráður 11 / 1999 Ekinn 136 þ.km. Verð 850.000 Staðgreitt

HONDA CIVIC SEDAN SI Nýskráður 5 / 1996 Ekinn 217 þ.km. Verð 299.000 100% LÁNAMÖGULEIKI

PEUGEOT 307 XT Nýskráður 3 / 2005 Ekinn 91 þ.km. Verð 1.380.000 Áhvílandi kr. 1.100.000

TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI Nýskráður 5 / 2004 Ekinn 130 þ.km. Verð 1.090.000 Gott verð

**Bílasalan.is**
**Nethyl 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 565-2500**
**www.bilasalan.is**

Dodge Durango Árgerð 2005, ekinn 63þ.m, leður, ssk, fallegt eintak! Verð 2.790.000kr Tilboðsverð 2.190.000kr! Rnr 140515. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

Vantar allar gerðir af bílum, hjólum og ferðavögnum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu. Það er frítt að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Myndeftirlit á plani og gæsla.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

PORSCHE CAYENNE TURBO. 04/2003, ekinn 122 þ.km, Ásett verð 6.990.000. VORTILBOÐ 4.900.000 #191803 Bíllinn er á staðnum en verður það varla lengi! Opið virka daga kl. 10:00-18:00 og laugardaga kl. 11:30-15:00

JEEP GRAND CHEROKEE SRT8 - STAGE 1. Árgerð 2007, ekinn 48 þ.km, Ásett verð 5.890.000. VORTILBOÐ 4.900.000 #191374 Bíllinn er á staðnum en verður það varla lengi! Opið virka daga kl. 10:00-18:00 og laugardaga kl. 11:30-15:00

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Toyota Landcruiser 120 Lx 5/2006, ssk, ek 85 þkm, samlitur, 7sæti, verð 5290 þús, ennfr aðrar árg.

Toyota Landcruiser 100 Vx V8 6/2006, ssk, ek 57 þkm, leður, toppl, drkr, sóllúga, verð 6950 þús. einnig til diselbílar.

VW GOLF VARIANT. Árgerð 2007, ekinn 57 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.790.000.

SKODA FABIA COMFORT. Árgerð 2007, ekinn 31 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.190.000.

M.Benz C-240 2004, ssk, ek 114þkm, leður, topplúga, álf, verð 2770 þús allt að 90% lán

Hyundai Getz 1.6 9/2007, 5g, ek 34þkm, filmur, sóllúga, álf, flottur bíll verð 1590 þús.

Suzuki Gsx R 600 5/2006, ek 5 þ, verð 1290 þús allt að 80% lán einnig Honda Cbr 1000 2007.

IVECO DAILY 35C15D. Árgerð 2010, ekinn 0 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 5.960.000. ath skipti.

SUZUKI GSX-R 600. Árgerð 2006, ekinn 8 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 990.000. mögul 90% lán

YAMAHA XVS1300A. Árgerð 2007, ekinn 4 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.390.000. mögul 90% lán

Bombardier Can Am 800 götuskráð 4/2007, verð 1950 þús allt að 80% lán einnig til á staðnum: Artic Cat 700 4x4, Polaris 500 og 800 árg 2007

Hyundai Trajet 6/2003, ssk, ek 112þkm, drkr, verð 1090 þús allt að 90% lán

Mmc Montero 2006, ssk, ek 46þkm, leður, álf, sóll, verð 4190 þús allt að 90% lán

POLARIS INDY 800 RMK 144. Árgerð 2002, ekinn 0 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 690.000. ásett verð 850þ

POLARIS SPORTSMAN 500. Árgerð 2005, ekinn 3400 km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.050.000. vill skipta á nýrra 800 cc fjórhjóli

M.BENZ S S600. Árgerð 2002, ekinn 120 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Mögul 90% lán

Opið mán–föst. 10–18 og laugard. frá 11–14

litla.is Vantar nýlega bíla á staðinn góð sala nyja.is

Bílabúð Benna Notaðir bílar

**Ýmis lánakjör í boði!**

**TOYOTA AURIS1,6 SOL VVT-I, 02/2008, ek. 20 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf, cd, kastarar. Verð 2.890 þús.**

**ISUZU TROOPER 3,0 TDI, 06/1999, ek. 299 þús. 5 dyra, 5 gíra. Upptekið hedd og girkassi. Verð 790 þús.**

**MMC L-200 D/C GLS 2,5 TDI, 07/2003, ek. 150 þús. 4 dyra, 5 gíra, dráttarbeisli, cd. Verð 1.690 þús. Tilboð 1.450 þús. stgr.**

**HYUNDAI ACCENT GSI 1500, 12/1999, ek. 166 þús. 5 dyra, 5 gíra, Tímareim í 105 þús, nýleg kúpling og fl. Verð 350 þús.**

**JEEP GRAND CHEROKEE 4,7 LTD árg. 2004, ek. 90 þús. km. 5 dyra, ssk. álf. topplúga, leður, aksturstölva og fl. Verð 1.990 þús.**

**FORD FOCUS C-MAX TREND WAGON 08/2007, ek. 42 þús. 5 dyra, 5 gíra, dráttarbeisli, þjónustubók. Verð 2.650 þús. Tilboð 1.990 þús. stgr.**

**YAMAHA DT 50R skellinaðra 05/2008, ek. 1,6 km. Lítið notað hjól í toppstandi. Verð 590 þús.**

**DODGE STRATUS R/T 3,0 árg. 2002, ek. 73 þús. km. 2 dyra, ssk. leður, topplúga, álf. 17" cd magasín og fl. Verð 1.490 þús. Tilboð 1.190 þús. stgr.**

**Bílabúð Benna - notaðir bílar**
**Bíldshöfða 10 S: 587- 1000**
**notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

## Bílar til sölu

Til sölu Skoda Oktavia station árg ,05 bensín vél 2,0 ek.79þús. Álfelgur, beinsk., dráttarkúla, skoðaður ,11 listaverð 1425 ásett 1190 þúsund Upplýsingar í síma 868 2352.

Honda Odessy árg. ,05 ek. 70þús Leður, dvd. Verð 1.500þús Uppl. s. 693 2991.

Til sölu vw póló árg 98 1,4 beinsk grænn 5-dyra ekinn 185 þús ný tímareim skoðaður 11 góður bíll verð 290 þúsund uppl gsm 8927852

SUZUKI GRAND VITARA LUXURY Árg.2005 ek:60 þús sjálfsk m/krók vel með farinn v. 2.490þ. Áhvi 740þús afb 25 pr mán uppl: 893-5357

## 0-250 þús.

**!!! lítið ekinn, ódýr !!!**
Peugeot 306 station árg ,98 ekinn aðeins 123þús km, beinskiptur, álfelgur, ásett verð 390þús, fæst á aðeins 195þús stgr, bíllinn þarfnast lítilla lagf, uppl í s:659-9696

Vegna langferðaþreytu er Corollan mín til sölu. Með skoðun fram í sept. Þarf smá aðhlynningu. Ekin 230 þús. GSM 893-0818

Yaris árg 07. keyrður 50.000 km. Aðeins yfirtaka! ákv 2,3 millj kr.26.000 p mán! uppl. 618 0317.

**Micra Tilboð 100þúsund**
Nissan Micra 5 d. árg96' góður bíll uppl: 8919847

## 250-499 þús.

**!!! Sjálfskiptur á góðu verði !!!**
Hyundai Accent árg ,02, sjálfskiptur, ekinn aðeins 78þús, búið að skipta um tímareim, ný smurður, bíll í góðu standi, ásett verð 650þús, Tilboðsverð aðeins 380þús, uppl í s:659-9696

## 1-2 milljónir

CHEVROLET LACETTI SPORT nyskoðaður ekin 28000 sjalfsk. stw.1.8 arg.11/2004 1.150þus.. fs.6637068

## Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-250 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl 0-250 þús stgr! helst ekki eldri en ,98 má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

## Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

Man 19414 árg. ,00 4x4+2. Ek. 260þús. Pallur, krani og stóll. Snjómokstursbún. + undirtönn. Uppl: 892 1755

**Vörubílahlutir:**
Ýmsir varahlutir í vörubíla og sendibíla. Vélar, girkassar, fjaðrir og margt fleira. Einnig nýjar fjaðrir. Heiði rekstrarfélag s. 696 1051.

## Húsbílar

Húsbíll fiat dukata m.100, árg'04. Ek.32þ. Bakkmyndavél,flatskjár, svefnpláss f. 6manns og marg fleira. V. 4.990þ. Uppl í S. 696 7669

## Mótorhjól

Can-Am Outlander MAX 800R EFI XT ,2010 ný hjól. Verð 2.850 þús. Koma með spili og stuðurum. Sjá www.motorhjol.net. Uppl. 824 6600.

KTM EXC 400 árg, 2006 til sölu ekið aðeins 12 tima verð 750 þús. uppl. sima 8959369

## Vespur

Vespa / skellinaðra óskast. Allt kemur til greina. Má þarfnast lagfæringa. skodinn@gmail.com 898 8284.

## Fellihýsi

Óska eftir að kaupa Esterel fellihýsi. Staðgreiðsla. Uppl. í s. 898 5256.

## Lyftarar

## Bátar

**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

Koparskrúfur beint frá framleiðanda oskar@somiboats.is eða 004670405 1340

6 tonna trilla til sölu. Öll skipti athugandi. Upplýsingar í s: 8493230

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir

Ljósboginn ehf

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bíldshöfða 14 sími 553-1244.

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Skoðaðu úrvalið af notuðum hjólum á www.bernhard.is/notadir

HONDA
**CBR 1000RR**
Nýskráð 5/2008, ekið 3.800 km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.890.000**



HONDA
**VTX 1800F**
Nýskráð 1/2008, ekið 1.300 km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.950.000**



HONDA
**VFR 800**
Nýskráð 4/2008, ekið 12 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.000.000**

HONDA
**CRF 450R**
Nýskráð 10/2007, ekið 125 klst., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**

HONDA
**TRX 680 FA RINCON**
Nýskráð 08/2008, ekið 1.750 km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.300.000**

HONDA
**VTX 1800F**
Nýskráð 4/2008, ekið 5 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.930.000**

HONDA
**CRF 250R TWIN PIPE**
Nýskráð 11/2007, ekið 165 klst., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 720.000**

HONDA
**CRF 250 HM SUPERMOTO**
Nýskráð 07/2007, ekið 562 km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.150.000**

**Óskum eftir notuðum hjólum á skrá.**

**Allar upplýsingar veita sölumenn í síma 551 7171**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11
Sími 551 7171 • www.bernhard.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso 96-04.Hyundai H 1 99.Nissan Double Cap 97.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94 & 96 5.2.vél.Ford 250 04.Korando 98.Kia Sportage 97.91.Hyundai Accent 96..Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hf..S.864 0984.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sækjum og sendum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Hellulagnir-snjóbræðsla-drenlagnir-jarðvegsskipti Tökum að okkur stór sem smá verk Vönduð vinna vanir menn Uppl í s: 848-3537 (Árni)

## Bókhald

**FRAMTAL 2010**
**Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.**

**Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Skattaframtal 2010**
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Málarar

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Steingæði ehf viðhaldsþjónusta**
**Allar almennar húsaviðgerðir og garðvinna. Múrarar, píparar, smiðir, rafvirkjar, málarar og garðyrkjumenn. Gerum tilboð að kostnaðarlausu.**

**Steingæði**
**Uppl. í síma 899 2924**

**VISA - EURO - MASTER**

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

**Ryð og lekavarnir á þökum!**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka.

Byggingarfélagið Reisir Löggildir PACE Verktakar. Andri S. 773 4441.

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 845-9969

Good relaxing massage for men!!! S. 692 3219.

Gott nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

Whole body massage. S. 849 5247.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

## Til sölu

**Húsgögn – skrifstofuáhöld – hillur – rekkar**

- Skrifborð
- Stólar
- Skápar
- Ritvélar
- Reiknivélar
- Faxtæki
- Bæklingastandar
- Lagerhillur
- Euro rekkar o.m.fl.

**Ofangreindur búnaður er til sýnis og sölu að Dalvegi 6-8 / 201 Kópavogi.**

**Fyrirspurnum er svarað í síma 862-0468 / es@kraftvelar.is eða í síma 898-3523 viktor@kraftvelar.is**

KRAFTVÉLAR VÉLAR

## Spádómar

**Spásími Láru S. 908 5050**

**Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.**

## Rafvirkjun

**LOFTNET**
**UHF loftnet ódýrast fyrir allar íslenskar stafrænar rásir. Góð lausn eftir aftengingu „Breiðbands“.**

**Rafeindameistarinn ehf 898 4484**

**KEYPT & SELT**

## Til sölu

**STUBBASTANDAR**
Íslensk framleiðsla. Standur ehf. S: 842 2535

**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**
Silfurleir 3.-6. maí Brýnsla 10. maí Víravirki 20. Maí Handverkshúsið Bolholti 4 Skránig s:555-1212

Til sölu nýl. borðstofuborð úr kirsuberjaviði með sex leðurstólum og sófasett ásamt glerborði. Bókask., glasask. og sjónvarpssk. í sama lit. Málningartrönur, 6 skúffu kommóða og lágt borð m/ skúffum. S.: 898-8030.

## Gefins

Er ekki e-h sem þarf að tæma bílskúrinn? Ungan mann sem var að koma úr hjónabandi vantar allt í búið. Ef e-h góðhjörtuð manneskja er þarna úti, hringið s. 866 8668 og 898 1775.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir pylsuvagni. Uppl. í s. 868 8078 Ágúst.

## Til bygginga

**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

10 f gámur, einangraður með rafm.töflu og inntaki f. heitt&kalt vatn S.8964511

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun




## Skemmtanir

## Fundir / Mannfagnaður

FÉLAG ELDRI BORGARA

**HVERNIG ER BÚIÐ AÐ ÖLDRUÐUM Í REYKJAVÍK?**

Fundur með fulltrúum framboðslistanna í Stangarhyl 4 kl. 14.00 í dag föstudag 30. apríl.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

### Aðalfundur Brautarinnar

Aðalfundur Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna verður haldinn þriðjudaginn 18. maí kl. 18:00 í Forvarnahúsinu, Kringlunni 1-3, Reykjavík.

Dagskrá fundarins verður skv. ákvæðum 4. greinar laga félagsins.

Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld hafa atkvæðisrétt á fundinum.

**Stjórn Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna.**

## Tilkynningar

### Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 641 Húsavík, s: 464 1300

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á henni sjálfri, sem hér segir:

Garðarsbraut 15, fnr. 215-2563, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Elling Ásgeir Guðmundsson og Galtagil ehf, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf, miðvikudaginn 5. maí 2010, kl. 11:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
23. september 2009.

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

1. **Króflufvirkjun II allt að 150 MWe jarðhitavirkjun, Skútustaðahreppi**
2. **Þeistareykjavirkjun allt að 200 MWe jarðhitavirkjun, Þingeyjarsveit og Norðurþingi**
3. **Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu, Skútustaða hreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi**
4. **Álver Alcoa á Bakka við Húsavík, Norðuþingi, ársfram leiðsla allt að 346.000 tonn**
5. **Sameiginlegt mat framkvæmda 1-4.**

Landsvirkjun, Þeistareykir ehf., Landsnet og Alcoa hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslur um Króflufvirkjun II, Þeistareykjavirkjun, Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka, álver á Bakka og sameiginlegt mat þessara framkvæmda.

Tillögur að ofangreindum framkvæmdum og skýrslur um mat á umhverfisáhrifum liggja frammi til kynningar frá **30. apríl til 14. júní 2010** á eftirtöldum stöðum:

Á skrifstofum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, í stjórnsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík og bókasafni Húsavíkur, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun.

Frummatsskýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðum Landsnets: **www.landsnet.is**, Mannvits: **www.mannvit.is**, Landsvirkjunar: **www.lv.is**, Alcoa: **www.alcoa.is** og Þeistareykja: **www.theistareykir.is**

**Opið hús**, þar sem framkvæmdaraðilar munu kynna frummatsskýrslurnar, verður á eftirtöldum stöðum:

- **Í Ýdölum, Aðaldal, mánudaginn 3. maí frá kl. 15 til 18**
- **Á Fosshótel Húsavík mánudaginn 3. maí frá kl. 20 til 23**
- **Í Reykjahlíðarskóla, Mývatnssveit, þriðjudaginn 4. maí frá kl. 16 til 19**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdirnar og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **14. júní 2010** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

NÝ SENDING!!! árfram lagersala 1-3 þús. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

Vandaðir ferðanuddbekkir og ólétturbekkir á góðu verði. Uppl í síma 8916447 Óli.

**TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

**Innritun stendur yfir**
**SJÁ TONO.IS**

Heilsunudd & óhefðbundnar lækningar Nuddstofan umhyggja - nuddstofan.is uppl: 5516146

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

### Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Ferðaþjónusta

**Lundur við Ásbyrgi**
**eitt besta tjaldsvæði norðan heiða, frítt í sund og heitan pott fyrir næturgesti staðurinn býður bara uppá það besta fyrir allskonar hópa og einstaklinga sérlega barnvætt tjaldsvæði einnig golfvöllur 5 mín**
**sjá lundurtravel.com**

### Gisting

**Gisting 2 X 1**
**Á Norðurlandi og Alicante Spánn, dæmi um verð 2. hæða raðhús með öllu aðeins 150 evrur vikan.**
**Uppl. solarhus@gmail.com**
**696 3667**

### Fyrir veiðimenn

Silungsormar,blómaáburður.Sölumenn 772 4777,662 0717.Heildsali Gummi 772 2561.

**SilungarnetSilungarnet**
Mikið úrval af flot og sökknetum, Heimavík ehf, S. 892 8655 eða www.heimavik.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.**
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**Rvk. Hfj. og Kef.**
**Stúdíó, 2ja og 4ra herbergja.**
**Nánari upplýsingar á www.heimahagar.is**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

13 sq/m furnished room for rent in 105. Own entrance, shared bathroom with shower. Access to washer / dryer. 35.000 820-8214

Góð herb. á sv. 109 og 101 til leigu. aðg. að m.a. baðh., eldunaraðst., þvottav., neti ofl. S. 891 7630

Herb. til leigu í 105 Rvk. Sameiginl. eldhús, þvottah.& bað. 32-42 þús. S.8635514

Studíóíbúð til leigu, sv. 105 Uppl. s. 695 1918.

2ja herb. nýleg íbúð í Hraunbæ, Rvk. Kr. 105.000 með hússjóð&hita. S:898-3420

3ja herb. nýleg íbúð í Hraunbæ Rvk. kr. 125.000 m. hússj. & hita.S:8983420

Til leigu 35m2 stúdíóíbúð á jarðhæð í Hraunbæ. Verð 60þús á mánuði. Uppl í síma 861 6302

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 40þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

Lovely little studio flat. City center. Avalable now. S. 898 9574.

**Háholt, Hafnarfjörður**
Um er að ræða góða nýlega íbúð. 4ra herb. 129 fm. Leiguverð 130.000 Íbúðin er laus 1. maí Upplýsingar: s. 8933985 og addiat@simnet.is

Til leigu herbergi i Hafnarfirði. Laust núna. Simi 8447075

Stúdíóíbúð til leigu. Uppl í S. 557 5058 & 866 4754

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

### Húsnæði óskast

Kona á besta aldri vantar íbúð á höfuðb. eða út á landi. greiðslugeta 60-80. Langt.leiga. Meðmæli ef óskað er. uppl. 897 3429.

2ja-3ja herb. Húsnæði óskast í miðbæ RVK. skilvísar greiðslur. Vinsamlegast hafið samband í síma 699 2988.

Söðlasmiðurinn í mosó óskar eftir húsnæði 20-35fm húsnæði eða bílskúr. Uppl s. 661 8864

Íbúð óskast í hverfi 101-105-108. Útsýni kostur. Uppl í S. 858 7573 & 896 3420

### Fasteignir

**Gyðufell 10 - frábært verð- opið hús**
Til sölu 3ja herbergja falleg og björt og rúmgóð 82 fm íbúð Á 3.hæð. Húsið allt í toppstandi að utan. Íbúðin er laus. Verð 14,7 millj. Sýnd í dag kl.15.30-16.00. Fyrstur kemur fyrstur fær. S: 7719432.

**Hvaleyrarbraut 22 - opið hús í dag**
Lægsta fm-verð í bænum. Geymsluhúsnæði eða verkstæðispláss. Til sölu í þessu húsi nokkrar einingar á lægsta verði sem þekkist á markaðnum í dag. Dæmi 78 og 87 fm á götuhæð með innkeyrsluhurð. 77 fm og 286 fm á 2.hæð. ( fm verð frá 35-90 þús). Eignin er sýnd í dag á milli kl. 16.30-17.00 s: 7719432. ( ekið út Hvaleyrarbraut og upp Lónsbraut)

### Sumarbústaðir

Gestahús frá 9m² til 25m² verð Samsett 95þm² Ósamsett 75m² liba.is sími 8921897

Til sölu nýlegur sumarbústaður í Eilífsdal í Hvalfirði. 50 km. frá Reykjavík. 75 m2 ásamt 20 m2 svefnlofti og 15 m2 verkfæra- og eldiviðageymslu. Nánari upplýsingar í síma 8972090.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu bjartar og rúmgóðar vinnustofur í Höfðahverfi. Sími 861-8011

Snyrtilegt, 180 fm pláss, til leigu á Smiðjuvegi. Góð aðkoma. Uppl. í 8960551.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

AKUREYRI Íbúð á efstu hæð í Tjarnarlundi. Vikuleiga / Helgarleiga UPPl S 8692295 brennias@simnet.is

Gott sumarhús til leigu skammt frá Egilsstöðum. Lausar vikur frá 21. maí til 2. júlí n.k. Svefpláss fyrir 6 manns. Upplýsingar í síma 8437811

## ATVINNA

### Atvinna í boði

kol ehf hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Vanur sjómaður með réttindi óskast á handfærabát. Uppl. í s. 662 3100.

Starfsmaður óskast í háþrýstiþvott. Litli Klettur ehf óskar eftir vönum starfsmanni í háþrýstiþvott. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnu við þvott og einnig viðhaldi tækjanna. Baldur s: 699-0355 - lk@litliklettur.is

Stýrimann og vélstjóra vantar á rækjutogara sem fer til veiða í hvallál uppl: 8930389 / 8488234

Óska eftir vönum starfskrafti í efnalaug. Þarf að vera stundvís og reyklaus. Uppl í s. 857 4471

Vélstjóra vantar á 29 tonna skötuselsbát á Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546.

Starfskraftur óskast til Danmerkur sem getur járnað og tamið ísl. hesta, einnig farið í hestaferðir með túrista, svo og alm. bústörf sem fylgja hestamennsku. Uppl. 004522343727 ( ísl.) eða 004523458649 (dk,deuts,english)

**Kórstjóri**
Metnaðarfullt söngfólk í kór óskar eftir áhugasömum, jákvæðum og drífandi stjórnanda til starfa á komandi hausti. Æfingar eru á þriðjudagskvöldum. Umsóknir sendist á valborgj@simnet.is

### Atvinna óskast

Fjölhæfur rafvirki óskar eftir vinnu,upplýsingar í síma 6628589

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

# Um líkur á öskufalli og eldgosi

Eldgos

Freyr Þórarinsson
jarðeðlisfræðingur

Óvarleg ummæli forseta Íslands um yfirvofandi Kötlugos með ógurlegum afleiðingum fyrir heimsbyggðina gefa tilefni til að hugleiða þetta tvennt: líkur á eldgosum og líkur á öskuskýjum í háloftunum af völdum þeirra.

Hugum fyrst að öskuskýinu: Íslendingar á miðjum aldri hafa upplifað talsvert mörg eldgos, sum þeirra á kafi í vatni undir jökli eða úti í sjó, en samt er gosið í Eyjafjallajökli það fyrsta sem hefur þessar víðtæku afleiðingar fyrir þotuflug í Evrópu. Hvernig stendur á því? Trausti Jónsson veðurfræðingur gerir ágæta grein fyrir því á vef Veðurstofunnar (Hvert berst gosaska? Birt 15.4.2010 á www.vedur.is). Í venjulegum eldgosum hér á landi nær lítið af gosösku upp í gegnum veðrahvörfin milli veðurhvolfs og heiðhvolfs, en það er einkum fíngerð aska í heiðhvolfinu sem veldur þotuflugi vandræðum. Aðeins þau eldgos sem hefjast með mjög kraftmiklum sprengingum ná að dæla umtalsverðri ösku upp í heiðhvolfið og eftir á að hyggja þarf ekki að koma á óvart að eldkeilan Eyjafjallajökull hagi sér þannig.

Vissulega stafar mönnum mikil ógn af Kötlugosi ef til þess kemur,en ekki þarf þó að vera að það hefjist með svo kraftmiklum sprengingum að öskuský myndist í heiðhvolfinu, ekki frekar en til að mynda Gjálpargosið í Vatnajökli. Mest hætta hefur jafnan stafað af því jökulhlaupi sem er samfara Kötlugosum og berst venjulega niður Mýrdalssand, og sú hætta er auðvitað enn til staðar ef Katla gýs. Með nútímamælingum á jarðskjálftum og fleiru er eftirlit með fjallinu þó orðið svo gott að gos þar mun varla koma á óvart og ýmis konar almannavarnir draga mjög úr þeirri lífshættu sem fylgir hamförunum.

Þegar rætt er um líkur á gosum er oft vísað til fjölda gosa á liðnum öldum: Til dæmis hefur Katla gosið um tuttugu sinnum á síðastliðnum þúsund árum, þannig að gos eru að meðaltali á fimmtíu ára fresti (eða á hundrað ára fresti ef maður er forseti) og síðasta stóra gosið þar var 1918, þannig að það nú ætti að vera kominn tími á hana – þetta heyrir maður oft sagt. En meðaltöl eru ekki góð lýsing á hegðun eldfjalla, því algengt er að virkni þeirra komi í hrinum með hvíldum á milli. Nær væri kannski að segja að ef ekki er of langt um liðið frá eldgosi megi eiga von á að það gjósi aftur innan tíðar.

Ef til dæmis er litið á virkni Heklu á sögulegum tíma, þá verður þar mikið gos 1104 eftir rúmlega 250 ára hlé. Síðan verða að jafnaði tvö gos á öld fram að stóra gosinu 1947, en síðan hefur gosið þar fimm sinnum: Árin 1970, 1080, 1981, 1991 og 2000. Annað dæmi eru Vestmanneyjar – þar hafði ekki gosið í þúsundir ára svo vitað væri þegar Surtsey reis úr sæ, en áratug síðar hófst svo gos í Heimaey. Hvað skyldi þá að meðaltali líða langt milli gosa í Eyjum?

Enda þótt skilningi okkar á hegðun eldfjalla fleygi nú hratt fram erum við litlu nær um þá þætti sem ráða tíðni eldgosa. Á tæknimáli má þó segja að sennilega séu líkur á gosi í hverri eldstöð yfirleitt ekki normaldreifðar og því er ekki heppilegt að nota meðaltöl þegar rætt er um líkur á gosi.

# Auðugra samfélag

Nýir íbúar

Sigrún Stefánsdóttir
formaður félagsmálaráðs Akureyrarbæjar

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti 13. apríl sl. sérstaka fjölmenningarstefnu fyrir sveitarfélagið og er Akureyri fyrst íslenskra sveitarfélaga til að samþykkja slíka stefnu.

Í upphafskafla fjölmenningarstefnunnar segir að markmiðið sé: Að allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins, að nýir íbúar skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi og að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðra verka.

Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Akureyri síðasta áratuginn eins og víða annars staðar á landinu. Um síðustu áramót bjuggu hér í bæ 460 einstaklingar með erlent ríkisfang og komu þeir frá 48 þjóðlöndum. Hafði þeim fækkað um 10% árið 2009. Fram að þeim tíma hafði fólki með erlent ríkisfang hins vegar fjölgað jafnt og þétt úr aðeins 190 aldamótaárið 2000.

Fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar felur í sér að til verði skýrir verkferlar um hvernig staðið verði að móttöku og upplýsingagjöf til nýrra íbúa, að stofnað verði innflytjendaráð og að ráðgjöf til innflytjenda verði veitt í Ráðhúsi Akureyrarbæjar. Þannig verður þjónusta og ráðgjöf við innflytjendur og aðra nýbúa að mestu leyti sambærileg þeirri ráðgjöf sem aðrir bæjarbúar njóta og veitt á sama stað.

Sett eru fram 18 markmið sem lúta að leik- og grunnskóla, fullorðinsfræðslu, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menningarmálum og íþróttum. Skrifaðar verða handbækur sem nota skal í þeim deildum innan bæjarkerfisins sem veita innflytjendum mesta þjónustu.

Fjölmenningarstefnan lýsir eindregnum vilja okkar til að taka vel á móti nýjum íbúum, hvaðan sem þeir koma. Það ber vott um styrk hvers sveitarfélags ef það dregur til sín nýja íbúa, hvort heldur þeir koma frá öðrum landshlutum eða frá útlöndum. Gæfa Akureyrar er að vera slíkt sveitarfélag. Fjölbreytt flóra innflytjenda setur sterkan svip á mannlífið, auðgar samfélagið, eflir það og bætir.

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Erlingur Hansson,**

*Fannborg 5, Kópavogi,*

lést fimmtudaginn 22. apríl. Útför hans fer fram frá Hjallakirkju þriðjudaginn 4. maí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er góðfúslega bent á líknarstofnanir.

**Alfreð Svavar Erlingsson**
**Búi Ingvar Erlingsson**
**Hanna Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Anna Gunnhildur Jónsdóttir**

†

*Innilegar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og vinarhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jóns Böðvarssonar,**

fyrrverandi skólameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítalanum í Fossvogi, starfsfólks heimahjúkrunar og á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Guðrún Erla Björgvinsdóttir**
**Björgvin Jónsson**
**Böðvar Jónsson**
**Sigríður Jónsdóttir**
**Ásthildur Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

**Sigríður Dóra Magnúsdóttir**
**Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir**

†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Friðrik Ögmundsson,**

til heimilis að Grænumörk 5, Selfossi,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 20. apríl síðastliðinn verður jarðsunginn frá Víkurkirkju laugardaginn 1. maí kl. 14.00.

**Ögmundur Ólafsson**
**Alda Guðlaug Ólafsdóttir**
**Lilja Guðrún Ólafsdóttir**
**Erna Ólafsdóttir**
**Guðlaugur Jón Ólafsson**
**Baldur Ólafsson**
**Halla Ólafsdóttir**
**Jón Geir Ólafsson**
**og fjölskyldur.**

**Helga Halldórsdóttir**

**Björn Friðriksson**
**Eyjólfur Sigurjónsson**
**Angela Rós Sveinbjörnsdóttir**
**Kristín Erna Leifsdóttir**
**Guðni Einarsson**
**Ólöf Ragna Ólafsdóttir**

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Valdimarsson**

vélstjóri, síðast til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði,

andaðist 21. apríl 2010. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Óskarsdóttir**
**Þóra Óskarsdóttir**
**Jón Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Eiríkur Skarphéðinsson**
**Olav Ballisager**
**Sigdís Sigmundsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**LARS VON TRIER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1956.**

*„Í sannleika sagt óttast ég allt í lífinu, nema kvikmyndagerð.“*

*Lars von Trier er danskur kvikmyndaleikstjóri og einn upphafsmaður Dogme 95-hreyfingarinnar í kvikmyndagerð. Meðal mynda hans má nefna Breaking the Waves og Dancer in the Dark, en söngkonan Björk Guðmundsdóttir fór með aðalhlutverkið í þeirri síðarnefndu.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. APRÍL 1990

## *Viðeyjarstjórn tekur við völdum*

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks tók við völdum á þessum degi árið 1990. Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, varð forsætisráðherra, en Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins, utanríkisráðherra.

Forsvarsmenn flokkanna héldu því fram að stjórnin þyrfti að berjast við fortíðarvanda, sem kæmi meðal annars fram í hallarekstri á ríkissjóði, tómum sjóðum vegna mislukkaðra fjárfestinga í loðdýrarækt og fiskeldi og yfirvofandi verðbólgu, sem henni tókst að halda niðri. Í tíð stjórnar gerðist Ísland aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og ríkisstjórnin hóf sölu á ríkisfyrirtækjum. Þá varð Ísland fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna Eistlands, Lettlands og Litháens eftir hrun Sovétríkjanna. Viðeyjarstjórnin starfaði allt til ársins 1995 þegar Davíð sleit samstarfinu og myndaði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Sjá www.wikipedia.org.

UNGLINGAFÉLAGIÐ ADRENALÍN GEGN RASISMA: Á TÍU ÁRA AFMÆLI

# Fjölbreytileikinn er flottur

Unglingafélagið Adrenalín gegn rasisma hefur að markmiði að vinna að víðsýni og samstöðu unglinga af ólíkum uppruna og uppræta fordóma. Tíu ár eru nú liðin síðan Laugarneskirkja, Austurbæjarskóli og Laugalækjarskóli tóku sig saman og stofnuðu félagið og segir Bjarni Karlsson, sóknarprestur Laugarneskirkju, starf þess hafa gefið góða raun.

„Reynslan sýnir að krakkar sem hafa tekið þátt í starfinu okkar standa sig marktækt betur í framhaldsskólum og hafa fundið sig betur í unglingasamfélaginu. En það hefur því miður verið vandamál að unglingar sem hafa flutt til landsins hafa tilhneigingu til að flosna upp úr framhaldsskólum,“ bendir séra Bjarni á, en hann var á sínum tíma hvatamaðurinn að stofnun félagsins og hefur nú yfirumsjón með starfi þess.

En hvernig gengur starfsemin fyrir sig? „Við fáum til okkar nemendur úr 8., 9. og 10. bekkjum Laugalækjarskóla og innflytjendadeild Austurbæjarskóla. Síðan taka allir þátt í spennandi viðburðum sem koma adrenalínflæðinu af stað, svo sem sjósundi, fjallgöngum, hellaferðum og fleiru. Krakkarnir hjálpast að við að ná sameiginlegu markmiði og læra þannig að treysta hverjir öðrum, sem verður oft kveikjan að vináttu. Áhersla er líka lögð á að bera virðingu fyrir eigin bakgrunni og annarra,“ segir séra Bjarni og bætir við að þar sem vinátta sé ferðalag sem kosti bæði kjark og forvitni sé hefð fyrir því að fara saman í ferðalög.

Síðast héldu 34 hressir krakkar og nokkrir fullorðnir með séra Bjarna í fararbroddi í könnunarferð í Gullborgarhelli í Hnappadal á dögunum. „Þetta var ögrandi og töluverð mannraun að komast í gegnum hellinn,“ rifjar presturinn upp, en hópurinn gisti í Stykkishólmi um nóttina. Farið var með Baldri út í Flatey á Breiðafirði daginn eftir og gist í húsinu Vogi. „Þar ræddum við allt milli himins og jarðar og komumst meðal annars að því að þrátt fyrir ólíkt þjóðerni og trúarbrögð værum við öll manneskjur og með því að tala saman byggðist upp vinátta til að treysta öðrum. Við fögnum því fjölbreytileikanum og vinnum gegn fordómum í eigin hjarta.“

**UNGIR ELDHUGAR** „Þeir eru náttúrulega dásamlegir, litfríðir og fjölbreyttir og fullir af jákvæðri orku,“ segir séra Bjarni Karlsson um hressa krakka sem lögðu af stað í æsispennandi ferð út í Flatey á Breiðafirði á dögunum undir formerkjum Adrenalíns með það að leiðarljósi að auka víðsýni og uppræta fordóma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Séra Bjarni segir ferðina gott dæmi um hvernig félagið vinnur að því að auka víðsýni unglinga sem eru fæddir og uppaldir hérlendis ásamt því hjálpa aðfluttum unglingum betur að fóta sig í íslensku samfélagi. „Adrenalín gegn rasisma er lifandi sönnun þess að fjölbreytileiki er flottur og áhugaverður.“

**roald@frettabladid.is**

†

*Innilegar þakkir til allra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hennings Kr. Kjartanssonar,**

*Aðalgötu 5, Keflavík.*

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði, fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Jónína Ingólfsdóttir**
**Inga María Henningsdóttir**
**Bjarney Sigríður Snævarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Ólafur Sigurjónsson**
**Bjarni Friðrik Jóhannesson**

†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Theodóra Guðnadóttir**

frá Höllustöðum, Reykhólahreppi,

lést á Dvalarheimilinu Barmahlíð Reykhólum, miðvikudaginn 28. apríl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristrún Samúelsdóttir**
**Jónas Samúelsson**
**Þorgeir Samúelsson**
**Ingvar Samúelsson**
**Björn Samúelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Karl I. Karlsson**
**Bergljót Bjarnadóttir**

**Ágústa Bragadóttir**

Notaðu Ávísun á lestur og
þú styrkir Skólasafnasjóð í leiðinni.

Ávísun á lestur
gildir til 3. maí
2010.

# Ávísun á lestur

Nú hafa allir landsmenn fengið senda heim Ávísun á lestur. Með hana í höndum geta allir fengið afslátt í bókabúðum ef keyptar eru bækur gefnar út á Íslandi fyrir 3.500 krónur að lágmarki.

**Þú gerir góð kaup ... En ekki bara það.**

Þú tekur líka þátt í að styðja við lestur barna og unglinga á Íslandi.
Bókasöfn grunnskólanna hafa orðið illa fyrir barðinu á kreppunni. Til að styðja við bókakaup þeirra hefur Félag íslenskra bókaútgefenda stofnað sérstakan sjóð, Skólasafnasjóð.

**Í hvert sinn sem þú notar Ávísun á lestur renna 100 krónur í sjóðinn.** Þú getur haft áhrif á hvaða skóli fær úthlutun úr sjóðnum með því að skrifa nafn þíns skóla á ávísunina þegar þú notar hana.

**Lestur er undirstaða alls námsárangurs. Við viljum öll að námsmenn á Íslandi séu í fremstu röð.**

FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ

blað

alla laugardaga

## Helgarblaðið:

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir í helgarviðtali**

**Fann systkini sín í Bandaríkjunum.**

- Ebba Unnur Jakobsdóttir var komin yfir sextugt þegar hún hitti systur sína í fyrsta sinn.

## Matur:

**Ljúffengt í lautarferð.**

- Uppskriftir frá Jómfrúnni

**Sushi á árbakkanum.**

- Sjálfbær matargerð er sérgrein Gunnars Blöndal

# Þú ert luðra, Samfylking

BAKÞANKAR Bergsteins Sigurðssonar

Ef Samfylkingin væri manneskja væri hún frjálslyndur, félagslyndur, greindur og skemmtilegur stuðbolti. Formaður nemendafélagsins í menntó. Dálítið athyglissjúk, hæfilega virðuleg í tauinu með snert af flippi og ávallt reiðubúin til að úttala sig um leiðir til að bæta heiminn. Það eina sem hana vantaði væri dálítil áræðni til að fylgja þeim eftir, sjálfsöryggi til að vera hún sjálf og standa og falla með eigin ákvörðunum.

**SAMFYLKINGIN** er með öðrum orðum geðþekk rola. Ágætur selskapur á góðri stund en enginn til að reiða sig á þegar til kastanna kemur.

**AF** hverju vill Samfylkingin vera fremst í flokki þegar það er eins og hún nenni aldrei að hafa fyrir því? Af hverju hafa flestir á tilfinningunni að Steingrímur J. Sigfússon sé hinn raunverulegi forsætisráðherra en ekki Jóhanna Sigurðadóttir? Af hverju ber Samfylkingin kápuna ávallt á báðum öxlum? Af hverju teikar hún alltaf samstarfsflokkinn í ríkisstjórn og eignar sér heiðurinn þegar gengur vel og þvær hendur sínar þegar allt fer í vaskinn? Af hverju getur Samfylkingin ekki ákveðið sig hvort hún vill vera jakkafatakrati eða lopapeysukommi? Af hverju gortar hún sig af hringlandanum?

**AF** hverju reynir Samfylkingin að kenna öllum öðrum um hversu illa fór, ef ekki Sjálfstæðisflokknum þá Tony Blair? Af hverju talaði Samfylkingin svona digurbarkalega um gegnsæi í fjármálum flokkanna þegar hún var sjálf með allt niðrum sig?

**AF** hverju segir Jóhanna Sigurðardóttir að styrkjasukkið sé bara „óþægilegt“? Af hverju er það „óþægilegt“ þegar frambjóðendur í prófkjörum þiggja fleiri milljónir frá fyrirtækjum úti í bæ í styrki? Af hverju segir Jóhanna ekki bara að styrkjasukkið hafi verið ótækt, ólíðandi, ógeðslegt? Af hverju segir hún styrkjasukkurunum ekki að taka pokann sinn?

**OG** af hverju þarf annars að segja styrkjasukkurunum í Samfylkingunni að taka pokann sinn? Af hverju gera þeir það ekki að eigin frumkvæði? Af hverju þarf að bíða eftir því hvað einhver úrbótanefnd komi saman og semji til ályktunar? Af hverju sendir Samfylkingin ekki þau skilaboð að spilling sé ótæk, þótt hún þrífist í skjóli reglna?

**AF** hverju getur Samfylkingin aldrei gert neitt af myndarleik? Af hverju er hún aldrei reiðubúin til að leggja sjálfa sig að veði?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes

**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**OPNUNARTÍMAR**

**Í DAG FÖSTUDAG**
**10:00-19:00**
ATH LOKAÐ Á MORGUN LAUGARDAGINN 1. MAÍ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

**Ath. á morgun kl. 14**

*Á morgun milli 14 og 16 ætlar Jóna Þorvaldsdóttir að gefa gestum og gangandi innsýn í töfraheim sígildra ljósmyndunaraðferða í síðasta sinn en sýningu hennar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, SKYNJANIR, lýkur um aðra helgi. Þess má einnig geta að í ágúst mun Ljósmyndasafn Reykjavíkur vera með námskeið í bromoil-tækni sem er ein af aðferðunum sem Jóna notar en einn helsti sérfræðingur tækninnar í dag, David W. Lewis, mun kenna námskeiðið.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Litbrigði vatnsins glitra enn*

Yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur á stiklum úr sögu íslenskra vatnslitamálara hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum undanfarnar vikur. Aðalsteinn Ingólfsson valdi verkin á sýninguna sem gefur einstaka yfirsýn yfir þann þátt íslenskrar málaralistar sem fer oft lágt en er við nánari kynni, sem sýningin leiðir vel í ljós, ótrúlega fjölbreytt efnistök listamanna okkar á hinu vandmeðfarna formi þar sem vatn, litur og pappír takast á og skila oft yfirskilvitlegum áhrifum.

**MYNDLIST** Karólína Lárusdóttir, Lýsisskömmtum, 2008. Gallerí List.

Sýningunni fylgdi vegleg útgáfa á vegum safnsins og bókaútgáfunnar Opnu á bók þar sem Aðalsteinn gerir grein fyrir sögu vatnslitunar hér á landi frá 1880 til 2009. Sextíu listamenn koma þar við sögu og eru gefin dæmi um verk þeirra en Hafþór Yngvarsson ritar formálsorð. Leiðir þessi sýnisbók í ljós afar fjölbreytt efnistök og viðfangsefni frá þessu 130 ára tímabili.

Á sunnudag lýkur sýningunni á Kjarvalsstöðum en hún er í raun fyrsta tilraun sem gerð hefur verið til skráningar á sögu vatnslitanna í íslenskri myndlist. Á sýningunni eru rúmlega 140 verk.

Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum er opið daglega frá 10 til 17.

**> Ekki missa af**

Á morgun lýkur þremur sýningum í Nýlistasafninu: Samræði við safneign, sýningu á verkum úr safneign Nýlistasafnsins, sem valin eru af stjórnarmeðlimum safnsins; viðbótarsýningunni Hrókering, sem valin er af sjö myndlistarmönnum af yngstu kynslóðinni, og sýningu félagsmanns mánaðarins, Söru Björnsdóttur, en Sara hefur gert staðbundið verk á veggi og loft í safnbyggingunni við Skúlagötu 28.

# Ísafoldarkvartett með tónleika

Ein af ungu grúppunum sem starfa hér á landi úr klassíska geiranum er Ísafoldarkvartettinn sem er skipaður þeim Elfu Rún Kristinsdóttur, Helgu Þóru Björgvinsdóttur, Þórarni M. Baldurssyni og Margréti Árnadóttur. Hann hefur leikið saman frá stofnun Kammersveitarinnar Ísafoldar árið 2003 og er sprottinn úr því frjósama umhverfi og samstarfi sem kammersveitin hefur reynst. Kammersveitin Ísafold hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2008 sem flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar og sama ár var hún valin Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar.

Ísafoldarkvartettinn hefur leikið strengjakvartetta á tónleikum Ísafoldar en ætlar nú í fyrsta sinn að halda eigin tónleika með strengjakvartettum eftir Joseph Haydn, Maurice Ravel og Johannes Brahms. Þeir verða í Salnum, Kópavogi á morgun kl. 17. Öll eru þau þrælmenntuð frá unga aldri: Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari er Akureyringur og fór að læra fjögurra ára. Hún hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach-fiðlukeppninni í Leipzig, einnig hvatningarverðlaun Evrópska menningarsjóðsins og var valin bjartasta vonin á íslensku tónlistarverðlaununum, allt árið 2006. Elfa Rún hefur leikið einleik bæði heima og erlendis með ýmsum hljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari stundaði nám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Haustið 2004 hóf Helga Þóra nám við Listaháskólann í Berlín, þreytti Helga Þóra Diplom-próf 2007 og hlaut hæstu einkunn. Sem einleikari hefur Helga Þóra leikið fiðlukonsert Johannes Brahms,

**TÓNLIST** Ísafoldarkvartettinn heldur sína fyrstu tónleika á morgun í Salnum.

MYND/SALURINN

tvær rapsódíur fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Béla Bartók, og fiðlukonsert nr. 2 eftir Bohuslav Martinu. Um þessar mundir er Helga Þóra búsett í París.

Þórarinn Már Baldursson ólst upp í Aðaldal. Hann stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist 2002. Sama ár hlaut hann fasta stöðu við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Margrét Árnadóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 2000, stundaði framhaldsnám við Juilliard og lauk þaðan meistaragráðu 2006. Það sama ár voru henni veitt menningarverðlaun The American-Scandinavian Society. Margrét hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í Bandaríkjunum, Kína og hér heima; þar á meðal á Tíbrá, Kammermúsíkklúbbnum, Kristal og sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns og starfar nú sem sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. - pbb

# Opið hús á Korpúlfsstöðum

**Á morgun verður vorhátíð í Sjónlistamiðstöðinni á Korpúlfsstöðum þar sem tugir myndlistarmanna hafa haft aðstöðu um árabil í skjóli Reykjavíkurborgar. Það eru fjörutíu myndlistarmenn sem hafa þar aðsetur og reka Sjónlistamiðstöðina.**

Í tilefni af vorhátíðinni verður opnuð sérstök sýning á verkum þeirra á hlöðuloftinu og á morgun verður þar í boði dagskrá með fjölbreyttu efni auk þess sem vinnustofur listamanna í húsinu verða opnar upp á gátt.

Hópurinn sem hefur aðstöðu á Korpúlfsstöðum er settur saman af listamönnum úr ólíkum geirum myndlegrar sköpunar; málun, grafík, leirlist, textíl, fatahönnun og landslagsarkitektúr eiga þar sína fulltrúa. Vinnustofurnar eru leigðar út þrjú ár í senn, en Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, leigir aðstöðuna af Reykjavíkurborg og annast endurleigu til áhugasamra, en ásókn í aðstöðuna er mikil og ræður sérskipuð valnefnd hverjir fá aðstöðu þar. Þá eru þar gestavinnustofur og íbúð fyrir erlenda listamenn.

Hópurinn á Korpúlfsstöðum er vanur því að fá gesti til að skoða hvað er þar á seyði. Fyrsta laugardag hvers mánaðar er þar opið hús og tvisvar á ári er efnt til samsýningar á hlöðuloftinu sem þau segja stærsta og óvenjulegasta sýningarsal á landinu. Að þessu sinni er yfirskrift sýningarinnar Birta.

Á morgun mun hópur salsadansara mæta á svæðið, Vox Feminae kemur fram undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og Einar Már Guðmundsson les upp.

Veitingasala er starfandi í húsinu á morgun og leikur örugglega mörgum forvitni á hvernig innanstokks er í þessu forna setri Thors Jensen sem var ein stærsta tilraun til að koma á fót stórbúi hér á landi í þann tíma þegar flest býli, jafnvel forn höfuðból, voru smábýli í húsakosti.

Hópurinn stendur fyrir vefsíðu þar sem skoða má hvaða listamenn eru nú um stundir með staðfestu í gamla húsinu á Korpúlfsstöðum: www.korpart.is.

Allir eru velkomnir á morgun til hátíðarhaldanna.

pbb@frettabladid.is

**MYNDLIST** Opið hús á Korpúlfsstöðum á morgun þar sem tugir listamanna hafa vinnustofur. Hér má sjá leirlistakonur að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

# Gripur í anda Ásmundar

Á morgun verður kynnt um úrslit í hönnunarsamkeppni í anda Ásmundar Sveinssonar í Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni. Það er dóttir listamannsins, Ásdís Ásmundsdóttir, sem mun afhenda fyrstu verðlaun að upphæð kr. 500.000 en fimmtán bestu hugmyndirnar í samkeppninni verða einnig til sýnis í safninu.

Á sama tíma verður opnuð sýningin Ég kýs blómlegar konur… Konur í verkum Ásmundar Sveinssonar, þar sem sjónum er beint að konum og kvenímyndinni í verkum Ásmundar. Þá hefur hluti af vinnustofu Ásmundar verið endurgerður, sem gerir gestum kleift að skyggnast inn í líf og starf myndhöggvarans.

Alls bárust 68 tillögur í hönnunarsamkeppninni um Ásmund Sveinsson en að henni standa verslunin Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands. Óskað var eftir tillögum að nytjahlut sem endurspegla skyldi hugarheim og verk myndhöggvarans og var keppnin öllum opin.

Verðlaunahafi hlýtur verðlaun að verðmæti 500.000 kr. sem Kraum, Listasafn Reykjavíkur, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja til, auk þess sem hluturinn verður seldur í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum og í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og Ásmundarsafni. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri munir sem bárust í samkeppnina verði valdir til sölu á næstu mánuðum.

Að mati dómnefndar fela þær fimmtán hugmyndir sem sýndar verða í Ásmundarsafni allar í sér skemmtilegar og raunhæfar hugmyndir að vöru með vísun í form- og hugarheim Ásmundar Sveinssonar. Þær endurspegla ólík tímabil í listsköpun Ásmundar og fela jafnframt í sér afar vel útfærðar lausnir á hugmyndum sem eru í takt við ákveðna meginstrauma, en hana skipa Halla Bogadóttir f.h. Kraum, formaður, Soffía Karlsdóttir f.h. Listasafns Reykjavíkur, Halla Helgadóttir f.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og Ingirafn Steinarsson f.h. SÍM.

Sýningin sem opnuð verður í safninu á morgun, „Ég kýs blómlegar konur“, spannar verk frá öllum ferli meistarans. Stór hluti af verkum Ásmundar fjallar um konur;allt frá ástríkum mæðrum til stritandi vinnukvenna eða frá viðkvæmum stúlkum til hamslausra tröllkvenna. Titill sýningarinnar er tilvitnun í Ásmund sjálfan í viðtali sem tekið var við hann í Þjóðviljanum sumarið 1961 undir yfirskriftinni „Vinnan er lífið – og fegurðin“.

Verkin á sýningunni lýsa sameiginlegum tilfinningum sem birtast sem táknsögur fyrirbæra eða skáldskapar. Þau spanna allan feril Ásmundar og sýna allt frá fyrstu raunsæisverkum hans til íburðarmikilla framsetninga hans á kvenkynsímyndunum. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay. Sýningin stendur til 17. apríl árið 2011.

Í píramída Ásmundarsafns hefur verið komið upp endurgerð af vinnustofu Ásmundar þar sem ljósi er varpað á vinnuaðstöðu hans í Sigtúninu. Einnig hefur verið sett upp lesstofa þar sem hægt er að fræðast um líf og list Ásmundar í máli og myndum. - pbb

**MYNDLIST** Verk og vinna Ásmundar Sveinssonar eiga að endurspeglast í nytjahlut sem verður verðlaunaður á morgun í Ásmundarsafni. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Klassík í hádeginu

Föstudag 30. apríl kl. 12.15
og sunnudag 2. maí kl. 13.15

Aríur, ljóð og rússnesk sönglög

**Flytjendur:** Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzosópran og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari.

**Á efnisskránni eru verk eftir** Tchaikovsky, Rachmaninoff, Shostakovich, Glinka, Liszt, Verdi, Massenet, Tosti, Meyerbeer og Lehár.

Verið velkomin
Ókeypis aðgangur!

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

# ALLTAF BETRA VERÐ

## FARTÖLVA

**LG X110**
Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA diskur • 10.2" WSVGA LED skjár • Vefmyndavél • Intel GMA 950 skjákort • Þráðlaust netkort • Kortalesari • Microsoft Windows XP Home

**49.990**

## FARTÖLVA

**Acer Extensa 5235 -901G16Mn**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR3 1066MHz minni • Intel GMA X4500 skjákort • 160GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár með Full HD ofl.

**79.990**

## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L500-1UT**
2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA breiðskjár með LED • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium - val um 32 eða 64-BIT

**149.990**

## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite A500-1E4**
2.26GHz Intel Core i5-430M - Dual core örgjörvi • DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • Blu-ray og DVD skrifari • 16" LED WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 1GB DDR3 Geforce GT 330M skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • High-Def vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**229.990**

## LCD SKJÁR

**22 Philips 220SW9FB**
22" LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 10000:1 í dýnamískri skerpu, 5ms, D-Sub, DVI-D og 16,7 milljón liti. Svartur.

**35.990**

## MARGMIÐLUNARSPILARI

**DViCO TViX N-1 H.264**
1080P HDMI H.264 LAN
Háskerpu margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í gegnum USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og SD/MS/MMC minniskortalesari. Fullkomin fjarstýring.

**39.990**

## msi 1GB SKJÁKORT

**MSI ATI Radeon R5670 Cyclone 1G**
1 GBkjákort meðHDMI, GDDR5 minni, display porti, 2x DVI, HDCP support PCI Express x16 2.1. Hágæða Cyclone kæling frá MSI tryggir afköst undir álagi.

**24.990**

## WD 1TB USB FLAKKARI

**WD MB Essential Apollo 1TB**
1 Terabyte USB2 utanáliggjandi 3.5 flakkari. Sparar orku og slekkur á sér um leið og tölvan.

**19.990**

## WD 1TB GRÆNN DISKUR

64MB BUFFER

**WD Green 1TB**
1TB SATA2 64MB GreenPower harður diskur sem er hljóðlátur, kaldur og umhverfisvænn.

**17.990**

## GRUNDIG MP3 SPILARI

2GB

**Grundig MPAXX920**
Ótrúlega lítill og nettur MP3 SPILARI með 2GB minni. Vandaðir eyrnatappar fylgja.

**6.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

## NÝJAR BÆKUR

Þór Stefánsson hefur sent frá sér nýja ljóðabók sem heitir 2009, en skáldið einsetti sér að yrkja ljóð dag hvern á liðnu ári og eru þau öll birt í bókinni sem er 273 síður. Bókaútgáfan Oddur gefur út. Hrunið er að sjálfsögðu fyrirferðarmikið í efni ljóðanna en Þór vildi sækja efnið í önn líðandi stundar og hvað var efst á baugi í samfélaginu á þessu átakamikla ári. Verkið varð til sökum þess að skáldið fagnaði á árinu sextíu ára afmæli, en þór sat ekki auðum höndum því á árinu sendi hann frá sér tvær ljóðabækur, safn ljóða frönskumælandi skálda Afríku, Trumban og strengir, og safn frumsaminna ljóða Kvölds og morgna. Sigurður Þórir listmálari sá um útlit bókarinnar og dregur upphafsíðu hvers mánaðar. 2009 fæst í öllum betri bókaverslunum.

Eilíft líf kallast ljóðasafn Sigurbjörns Þorkelssonar en það er dregið saman úr fimm ljóðabókum hans frá liðnum áratug. Ljóðin í safninu eru 212 og það er helgað Þeim sem mátt hafa þola missi og búa við sorg og áföll. Kveðskapur til hughreystingar og með sterkum trúarlegum blæ. Skáldið á að baki á annan tug ritverka af ýmsu tagi.

Missir, nóvella eftir Guðberg Bergsson er komin út hjá forlagi JPV. Sætir það nokkrum tíðindum að út komi saga frá einu höfuðskáldi þjóðarinnar að vori til. Í bókinni greinir frá eldri manni sem þarf að horfast í augu við að líf hans tekur brátt enda: „Ekkert rýfur þögnina nema miskunnarlaust suðið í katlinum, hversdagslegur undirleikur við uppgjör einmana manns við tilveru sína, ástina eða ástleysið sem nær yfir mörk lífs og dauða – og ellina, það hlutskipti sem allra bíður þegar líkaminn hrörnar og þrekið þverr.“ Guðbergur Bergsson veitir hér ögrandi og óvænta sýn inn í þá hversdagsheima sem allir þekkja en hver og einn fetar á sinn einstaka hátt. Missir er saga sem afhjúpar einstaklinginn gagnvart óhjákvæmilegum örlögum sínum. Guðbergur Bergsson hefur skrifað skáldsögur og ljóð og þýtt fjölda verka, nú síðast Öll dagsins glóð, úrval portúgalskra ljóða frá 1900 til 2008. Hann hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir ritstörf sín.




# SAFNADAGUR HALDINN NYRÐRA

Söfnin í Eyjafirði opna dyr sínar fyrir gestum og gangandi á morgun. Hin síðari ár hefur þessi dagur notið mikilla vinsælda og hafa fjölskyldur og aðrir gestir nýtt tækifærið til að kynnast söfnunum á Akureyri og nágrenni, fræðast, skemmta sér og hitta mann og annan. Markmiðið með deginum er að vekja athygli á fjölbreyttum, skemmtilegum og áhugaverðum söfnum í Eyjafirði. Þau munu þennan dag kynna starfsemi sína og að þessu sinni verður megináherslan á hús. Af því tilefni verður leiðsögn um Kirkjuhvol, húsnæði Minjasafnsins á Akureyri, spjall um húsvernd og húsakönnun auk þess sem gengið verður með leiðsögn frá Minjasafninu í Friðbjarnarhús og Gamla spítala.

Á Byggðasafninu Hvoli á Dalvík verður fjallað um hús og jarðskjálfta. Í Gamla bænum Laufási verður örsýning á fatnaði í anda hússins, frá um það bil 1900 til 1930.

Á Síldarminjasafni Íslands á Siglufirði verða öll þrjú safnahúsin opin auk þess sem stýrishús og lúkar Týs verður opið gestum og gangandi í fyrsta sinn. Byggingariðnaður á liðinni öld verður kynntur á Iðnaðarsafninu og á Safnasafninu verður, auk fjölda sýninga, gjörningur Önnu Hallin og Olgu Bergmann. Auk þess bjóða söfnin upp á margt annað áhugavert, þar má til dæmis nefna flug, kveðskap, leiðsögn, myndskreytingar og fyrirlestra.

Eftirfarandi söfn verða opin frá 11-17 og aðgangur er ókeypis: Davíðshús, Flugsafn Íslands, Friðbjarnarhús, Gamli spítalinn, Iðnaðarsafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri, Nonnahús, Sigurhæðir, Byggðasafnið Hvoll á Dalvík, Gamli bærinn Laufás, Holt – hús Öldu Halldórsdóttur í Hrísey, Hús hákarla-Jörundar í Hrísey, Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði, Smámunasafn Sverris Hermannssonar, Útgerðarminjasafnið á Grenivík og Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði.

Verkefnið er afrakstur samstarfs safnafólks í Eyjafirði sem hefur unnið ötullega að því að styrkja og kynna safnastarf á Akureyri og í nágrenni. Í ár verður eyfirski safnadagurinn haldinn með pomp og prakt í fjórða sinn. Dagskrá eyfirska safnadagsins í heild sinni má finna á slóðinni www.sofn.is. Þar má einnig sjá upplýsingar um sætaferðir fyrir Eyfirðinga sem stefnt er á söfn inn í firði og út með strönd.

**pbb@frettabladid.is**

**MENNING** Á morgun eru söfn í Eyjafjarðarþingi opin gestum. Í Safnasafni taka karl og kerling á móti gestum. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

# Ítalskar bíómyndir

Á sama tíma og Græna ljósið stendur fyrir langri og myndarlegri hátíð í Regnboganum berast fréttir af öðrum merkisviðburðum fyrir kvikmyndaáhugamenn: í gær hófust sýningar í Norræna húsinu á ítölskum myndum sem hafa þemað Ítalía: inn og út – sögur af innflytjendum og margbreytni. Myndirnar sem sýndar verða á ítalskri kvikmyndahátíð 2010 fjalla um átök á milli menningarheima og hvað gerist þegar sögupersónur komast í kynni við aðra, annað fólk og aðra menningu sem er ólík þeirra eigin.

Myndirnar sem verða sýndar á morgun, sunnudag og mánudag eru: Il vento fa il suo giro (Giorgio Diritti, 2005). Flókin samskipti franskrar fjölskyldu sem flyst í lítið fjallaþorp í ítölsku Ölpunum við þorpsbúa eru til umfjöllunar í myndinni. Í Lamerica (Gianni Amelio, 1994) sem sýnd er á sunnudag segir frá svikahröppum sem ætla að nýta sér bágt ástand í Albaníu eftir hrun kommúnismans. Í Quando sei nato non puoi più nasconderti, (Marco Tullio Giordana, 2005) er erfitt líf ólöglegra innflytjenda séð með augum barns svo úr verður býsna áhrifarík saga.

Sýningar eru í Norræna húsinu og hefjast allar kl. 20. Enskur texti á öllum myndum. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. - pbb

# Prinsessukjólar og álfaæla

Þeir Morri og Arnljótur opna sýninguna Parallel Universities í Gallerý Crymo, Laugavegi 41a í kvöld kl. 20. Þeir félagar hafa unnið saman að undanförnu eins og dúó og farið í hjólför hvor annars í verkum sem eru flest byggð á fundnu efni margs konar.

Á sýningunni í Crymo verða sýnd verk eftir hvorn um sig, en flest eru verkin samvinnuverk og öll til sölu. Arnljótur segir þá byrja með þá vissu að horfið sé frá öllum boðum og bönnum og gjarnan byrjað á bulli sem þróist svo yfir í annað. Verkin kalla þeir öllum nöfnum: Álfaæla, Prinsessukjólar í drasl-um, svo dæmi séu nefnd. Á sýningu sem þeir áttu hlut að í Hafnarhúsinu gáfu þeir gestum kost á að krassa í myndverk sín og notuðu þeirra hlut til frekari úrvinnslu.

Samstarfið hefur staðið í nokkurn tíma en þeir hafa haldið fjöldamargar sýningar, bæði saman og í sundur: Rætur þeirra liggja til furðulegra staða. Þar á meðal til ímyndaða heimsins.Í fréttatilkynningu staðhæfa þeir félagar að Arnljótur sé litblindur og Frikki sé skrýtinn og því er greinilegt að þetta verður mjög áhugaverð sýning. Frítt er á sýningar í Crymo og allir velkomnir. - pbb

**MYNDLIST** Arnljótur Sigurðsson, Ragnar Fjalar Lárusson og Friðrik Svanur Sigurðarson við verk af sýningunni Parallel Universities. MYND CRYMO/ ATLI ARNARSON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 30. apríl 2010**

### Tónleikar

**12.15** **Gissur Páll Gissurarson** tenór og **Nathalía Druzin Halldórsdóttir** messósópran halda hádegistónleika í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** (Gerðuberg 3-5) ásamt píanóleikaranum Nínu Margréti Grímsdóttur. Á efnisskránni verða aríur, ljóð og rússnesk sönglög eftir meðal annars Tsjaíkovskí, Rachmaninoff og Verdi.

**20.30** **Bubbi Morthens** heldur tónleika á **Hótel Selfossi** við Eyrarveg. Húsið verður opnað kl. 20. Enginn aðgangseyrir.

### Síðustu forvöð

Í **Nýlistasafninu** við Skúlagötu 28, lýkur þremur sýningum á laugardag. Það er sýning á verkum úr eigu safnsins, sýningin **Hrókering**, sem eru verk sem veru valin af sjö myndlistarmönnum af yngstu kynslóðinni, og sýning **Söru Björnsdóttur**. Opið þri.-lau. kl. 12-17.

Sýningu **Péturs Péturssonar** í kaffi **Energíu** í Smáralind, lýkur í dag en hún er opin til kl. 19. Listamaðurinn verður á svæðinu milli kl. 17 og 19.

### Leikrit

**20.00** **Nemendaleikhúsið** sýnir leikritið **Stræti** eftir Jim Cartwright. Sýningar fara fram í **Smiðjunni** við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is og www.midi.is.

**20.00** **Leikhópurinn Börn Loka** sýnir verkið **Glerlaufin** eftir Philip Ridley í **Norðurpólnum** við Sefgarða á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**20.00** **Brynhildur Guðjónsdóttir** flytur einleikinn **Brák** á **Sögulofti Landnámssetursins**, Brákarbraut í Borgarnesi. Nánari upplýsingar á www.landnam.is.

### Dansleikir

**Fræbbblarnir**, **Q4U** leika fyrir dansi á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

Hljómsveitin **Dans á rósum** verður á **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

### Sýningar

Sýningu **Kristjáns Péturs Sigurðssonar** á **Kaffi Karólínu** við Kaupvangsstræti á Akureyri hefur verið framlengt til 7. maí. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

**María Manda** hefur opnað sýningu þar sem umbúðaformið fær listrænan tilgang. Sýningin fer fram hjá **Handverki og Hönnun** við Aðalstræti 10. Opið virka daga kl. 9-18 og um helgar kl. 12-17.

Á **Listasafninu á Akureyri** við Kaupvangsstræti hefur verið opnuð yfirlitssýning á verkum **Tryggva Ólafssonar** sem spannar 40 ár af feril hans. Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 12 til 17.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Valur Ingimundarson** flytur erindið **Ísland og norðurslóðir: Goðsagnir, ímyndir og stórveldahagsmunir.** Fyrirlesturinn fer fram hjá **ReykjavíkurAkademíunni**, Hringbraut 121. Nánari upplýsingar hjá www.akademia.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Wilson's PIZZA

AFMÆLISTILBOÐ

2005-2010

**5 ára**

gömul verð allan maí

**16" PIZZA**
**m/2 áleggsteg.**
**ostabrauðstangir**
**og 2 L Pepsi**

SÓTT
**1750 kr.**




**12" PIZZA**
**m/2 áleggstegundum**
**og 0,5 L Pepsi**

SÓTT
**990 kr.**

**16" PIZZA**
**m/2 áleggstegundum**

SÓTT
**1290 kr.**

PEPSI MAX

Við sendum þér sms þegar pizzan fer í ofninn

3 staðir 1 símanúmer

**581 15 15**

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

## > FANGAKLEFAR ÖRUGGIR STAÐIR

Leikarinn Robert Downey Jr. sagði í nýlegu viðtali að honum hafi þótt hann mjög öruggur þegar hann dvaldi í fangelsi. „Þegar hurðin lokast á eftir þér, þá ertu öruggur. Þá er ekkert sem getur gert þér mein, svo lengi sem klefanautur þinn er í lagi."

**fólk**

folk@frettabladid.is

# Hjartalæknir með sólóplötu

Hjartalæknirinn Helgi Júlíus Óskarsson hefur gefið út sína fyrstu plötu, Sun for a Lifetime. Hann hefur starfað í Bandaríkjunum síðan hann útskrifaðist þaðan árið 1993 en starfar nú einnig á Íslandi.

„Þetta hefur verið mín afslöppunaraðferð eftir langan vinnudag í gegnum árin sem læknir," segir Helgi Júlíus um tónlistina. Hann spilar bæði á gítar og hljómborð og hefur verið duglegur við að semja lög í gegnum árin. Hann segist eiga heilmikið efni á lager og stefnir á að klára aðra plötu á þessu ári.

Á Sun for a Lifetime spilar Helgi Júlíus bæði djass og þjóðlagatónlist og er útkoman afar þægileg áheyrnar. Syngur hann bæði á ensku og íslensku. Honum til halds og trausts á plötunni var tónlistarmaðurinn Svavar Knútur sem hann kynntist í gegnum KK. „Ég sendi honum tölvupóst og spurði hvort hann myndi nenna að hlusta á nokkur lög sem ég hafði tekið upp. Hann var mjög jákvæður og stappaði svolítið stálinu í mann," segir Helgi um KK. „Það var óskaplega skemmtilegt að vinna með Svavari og ég geri ráð fyrir því að hann vinni með mér á næstu plötu."

**HELGI JÚLÍUS ÓSKARSSON** Fyrsta plata hjartalæknisins Helga Júlíusar, Sun for a Lifetime, er komin út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helgi er einn fjölmargra lækna sem sinna tónlist í frístundum sínum. „Einhvern tímann var mér sagt að það sé mjög há prósenta. Allir hafa sína leið til að slappa af og dreifa huganum. Að glamra á gítarinn, spila á píanó og söngla með hefur verið mín aðferð."

Sun for a Lifetime er fáanleg í 12 tónum og Smekkleysu og er væntanleg í fleiri verslanir á næstunni. **- fb**

# Þolir ekki Cameron

Leikkonan Kate Hudson, sem átti í stuttu sambandi við hafnaboltaleikarann Alex Rodriguez á síðasta ári, er ekki hrifin af nýju kærustu kappans. Rodriguez hefur verið að slá sér upp með leikkonunni Cameron Diaz undanfarið og að sögn heimildarmanna er Hudson ekki sátt. „Þegar Alex og Kate voru saman sagði hann henni einu sinni að honum þætti Cameron ekki falleg þannig að Kate finnst það vera algjör brandari að hann skuli vera að hitta hana núna," var haft eftir heimildarmanni. „Kate þolir ekki Cameron og finnst hallærislegt að hún skuli ekki geta haldið í kærasta."

**ENGIR KÆRLEIKAR** Kate Hudson ber engan hlýhug til leikkonunnar Cameron Diaz.

# Ósátt við útlit Heidi

Raunveruleikastjarnan Heidi Montag vakti mikið umtal þegar hún gekkst undir tíu lýtaaðgerðir á aðeins einum degi. Montag lét meðal annars stækka brjóst sín og varir og lagfæra á sér nefið auk þess sem hún fékk ígræðslu í kinnbein og kjálka.

Montag heimsótti fjölskyldu sína fyrir stuttu og sýndi þeim breytingarnar sem hún hafði gengið í gegnum. Upptökuvélar eltu stúlkuna að sjálfsögðu heim til foreldranna sem varð um og ó þegar þau sáu nýtt útlit dóttur sinnar. Þegar Montag spurði móður sína hvort henni þætti hún líta vel út, svaraði hún: „Hvað viltu að ég segi? Auðvitað fannst mér þú mun fallegri áður. Mér fannst þú unglegri, frísklegri og heilbrigðari. En þetta er búið og gert og þetta þarft þú að lifa við núna."

**NÝTT ÚTLIT** Heidi Montag gekkst undir tíu lýtaaðgerðir á einum og sama deginum. NORDICPHOTOS/GETTY

# MARGRÉT RÓS Á SÍÐUSTU ÞULUVAKT SJÓNVARPSINS

**Merkileg tímamót urðu í sögu Sjónvarpsins í gærkvöldi þegar sjónvarpsáhorfendum var ekki boðið gott kvöld af þulu heldur andlitslausri Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur og skjámynd. Páll Magnússon vonar að áhorfendur hafi ekki fengið sjokk.**

Margrét Rós Gunnarsdóttir á síðustu þuluvaktina en uppsagnarfrestur sjónvarpsþulna RÚV rennur út í dag. Ekki er þó víst að sjónvarpsáhorfendur fái að sjá Margréti því nýtt dagskrárforrit var keyrt í gærkvöldi. „Þetta eru auðvitað blendnar tilfinningar, að vera á síðustu þuluvaktinni og vita ekki einu sinni hvort maður kemur í mynd eða ekki," segir Margrét Rós í samtali við Fréttablaðið. „Maður er kannski bara búin með sína síðustu dagskrárkynningu," bætir hún við en Margrét hefur verið þula hjá Sjónvarpinu samtals í fjögur ár, með hléum þó. „Ætli ég sé ekki búin að vera samfleytt núna í tvö ár," segir Margrét sem trúir því að áhorfendur eigi eftir að sakna þulnanna. „Það á samt bara eftir að koma í ljós."

Eins og kom fram í Morgunblaðinu í gær verður Jóhanna Vigdís Arnardóttir rödd Sjónvarpsins. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir að þulurnar verði dagskrárforritinu til halds og trausts á meðan verið sé að slípa það til. Hann bætir því við að sjónvarpsáhorfendur eigi ekki eftir að fá neitt sjokk, umhverfi kvölddagskrárinnar verði svipað og hjá öðrum erlendum sjónvarpsstöðvum. Hann viðurkennir þó að um merkileg tímamót sé að ræða í sögu Sjónvarpsins; þær hafi jú boðið áhorfendum gott kvöld síðan 1966. Hann segir Jóhönnu verða hálfgerða Bó Sjónvarpsins en Björgvin Halldórsson er jú rödd Stöðvar 2. Hann vill þó ekki kvitta upp á að ástæðan fyrir valinu á Jóhönnu sé að draga úr því áfalli sem sjónvarpsáhorfendur kunna að verða fyrir þegar sjónvarpið tekur á móti þeim á kvöldin, þululaust. „Hins vegar er því ekki að neita að konur eru ekki oft í þessu hlutverki og það fannst okkur svolítið spennandi. Og svo er Jóhanna líka með svo ótrúlega flotta og góða rödd og rúllaði þessu bara upp." freyrgigja@frettabladid.is

**MERKILEG TÍMAMÓT**

**Margrét Rós Gunnarsdóttir, Eva Sólan, Matthildur Magnúsdóttir, Katrín Brynja og Sigurlaug Jónsdóttir** bjóða áhorfendum ekki lengur gott kvöld því tími sjónvarpsþulna er liðinn. Jóhanna Vigdís Arnardóttir verður rödd Sjónvarpsins.

# Pínlegar minningar unglings

Leikkonan Anna Svava Knútsdóttir frumsýnir einleikinn Dagbók Önnu Knúts – Helförin mín á Rosenberg á sunnudag. Anna Svava samdi verkið ásamt leikstjóranum Gunnari Birni Guðmundssyni og er það að hluta til unnið upp úr gömlum dagbókarfærslum Önnu Svövu. Að sögn leikkonunnar er verkið eins konar sambland af einleik og uppistandi, en hún stendur ein á sviðinu og segir frá unglingsárum Önnu Knúts fyrir gesti sem eiga eftir að engjast um í pínlegum hlátri.

„Verkið fjallar um unglingsárin sem voru svo vandræðaleg fyrir marga. Það er kaldhæðið og brandarinn er kannski svolítið pínlegur enda voru þessi ár mikil helför fyrir marga. Persónunni Önnu Knúts líður augljóslega mjög illa og gerir hvað sem er til að passa inn í hópinn en það misheppnast alltaf," segir Anna Svava. Aðspurð segist hún kvíða því að þurfa að standa ein á sviðinu og er þetta í fyrsta sinn sem hún sýnir slíkan einleik. „Það verður hræðilega erfitt að þurfa að standa þarna einn, en okkur fannst henta verkinu best að taka burt búninga, leikmynd og aðra karaktera og setja það frekar upp í þessu formi. En ég hlakka líka mikið til að sýna verkið," segir hún.

Að sögn Önnu Svövu var verkið samið fyrir tveimur árum en bæði hún og Gunnar Björn voru of uptekin til að geta sett það á svið fyrr en nú. „Við ákváðum fyrir jól að ljúka þessu bara af. Verkið verður frumsýnt núna á sunnudag og svo eigum við tvö önnur kvöld bókuð á Rosenberg seinna til að endurtaka leikinn ef vel gengur."

Sýningin hefst klukkan 21.00 og kostar 1.000 krónur inn. **- sm**

**PÍNLEG ÁR** Anna Svava Knútsdóttir sýnir verkið Helför mín – Dagbók Önnu Knúts sem fjallar um pínleg unglingsár ungrar stúlku.

# FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



## Glænýjar vörur beint frá London

**ódýrt**

- Arabaklútar 799 kr.
- Leggings frá 799 kr.
- Barnasokkabuxur 799 kr.
- Dömugallabuxur frá 3999 kr.
- Herragallabuxur frá 3999 kr.
- Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.
- Herrahlýrabolir 799 kr.
- Dömuhlýrabolir 799 kr.
- Strákabolir 1299 kr.
- Stelpukjólar 1999 kr.
- Strákagallabuxur 1499 kr.
- Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.

# Opnum í dag kl. 11

## - aðeins í örfáa daga -

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI

## OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

ALLA DAGA VIKUNNAR

**EMINEM** Rapparinn hefur sent frá sér smáskífulagið Not Afraid.

## Nýtt lag frá Eminem

**Rapparinn Eminem hefur sent frá sér nýtt smáskífulag sem nefnist Not Afraid. Lagið verður að finna á væntanlegri plötu hans, Recovery, sem kemur út 21. júní. Á meðal gesta á henni eru DJ Khalil, Just Blaze, Jim Jonsin og Boi-Ida. Eminem ætlaði upphaflega að fylgja plötu sinni frá síðasta ári, Relapse, eftir með framhaldsplötunni Relapse 2. Á endanum varð nafnið Recovery fyrir valinu og er það tilvísun í endurhæfingu hans eftir að hafa átt við vímuefnavandamál að stríða.**

## Mono gefur plötuna sína

**Ballbandið Mono hefur ákveðið að gefa sína fyrstu plötu, Mono Partí, á síðu sinni Monotonlist.is frá og með laugardeginum 1. maí. Á plötunni eru að finna nokkur af vinsælustu partílögum Íslandssögunnar í flutningi Mono og góðra gesta. Á meðal þeirra eru Magni, Árni Johnsen, Sigurjón Brink, Gunnar Ólason, Rúnar Eff, Íris Hólm og Hemmi Gunn, sem mun syngja lagið Út á gólfið í nýrri útgáfu Mono. Einnig verður hægt að ná í bók með textum og gítarhljómum við öll lögin á plötunni.**

# Sléttturnar í Dakota minntu á sveitina hjá ömmu og afa

**Guðlaug Hermannsdóttir, nemandi í fjölmiðlafræði við University of Southern Maine í Portland, fékk ljósmynd eftir sig birta á vefsíðu hins heimsþekkta tímarits National Geographic fyrir stuttu. Ritstjórar tímaritsins velja tólf myndir á dag inn á síðu þeirra af meira en þúsund innsendum myndum sem teknar eru bæði af atvinnu- og áhugaljósmyndurum.**

**Á FERÐ OG FLUGI** Guðlaug Hermannsdóttir segist ekki fara út úr húsi án myndavélarinnar. Hún fékk mynd eftir sig birta á vef National Geographic.

**SLÉTTUR SUÐUR-DAKOTA** Þetta er myndin sem birtist á vefsíðu National Geographic. Guðlaug segir sléttunar hafa minnt sig á heimsóknir í sveitina til ömmu sinnar og afa í bernsku. MYND/GUÐLAUG HERMANNSDÓTTIR

Guðlaug, sem er 29 ára og hefur verið búsett í Maine í þrjú ár, segist aldrei fara út úr húsi án myndavélarinnar. Hún segir myndina sem birt var á National Geographic-síðunni vera tekna á sléttum Suður-Dakota. „Ég var á níu vikna ferðalagi um Bandaríkin síðastliðið sumar. Þá heimsótti ég yfir fjörutíu ríki en einhvern veginn er South Dakota sterkust í minningunni; kyrrðin, auðnin og grashafið í golunni minnti mig á heimsóknir til afa og ömmu í sveitina rétt fyrir utan Akureyri þegar ég var krakki," útskýrir Guðlaug.

Að eigin sögn hefur það lengi verið draumur hennar að fá birta mynd hjá National Geographic. „Það kom mér mjög á óvart að ljósmynd mín hefði verið valin til birtingar. Ég hef prófað að senda myndir inn til þeirra áður og var eiginlega búin að missa alla von um að fá eitthvað birt hjá þeim, það eru svo margar góðar myndir sem rata þarna inn." Hún hefur skrifað nokkuð fyrir tímaritið Reykjavik Grapevine og Ynjuna á Íslandi auk þess sem hún hefur verið að skrifa og mynda fyrir Switch Magazine í Bandaríkjunum.

Guðlaug útskrifast í vor og hyggst þá flytja til Englands þar sem hún ætlar að safna sér fyrir heimsreisu.

„Ég stefni á að hefja ferðina í haust. Ætla að byrja eitthvað í Evrópu, síðan verður haldið til Norður-Afríku og Mið-Austurlanda og þaðan áfram til austurhluta Asíu og Eyjaálfu."

sara@frettabladid.is

**EKKI HÁÐ** Eiginmaður Jennu Jameson sagði hana háða verkjalyfjum. Blóðprufur sýna þó fram á annað.

## Jenna ekki háð lyfjum

**Fyrrverandi klámmyndaleikkonan Jenna Jameson var flutt á sjúkrahús fyrr í vikunni eftir átök við eiginmann sinn, glímukappann Tito Ortiz. Jameson sakaði Ortiz um að hafa hrint sér með þeim afleiðingum að hún tognaði á öxl. Ortiz hélt blaðamannafund stuttu síðar og sagði eiginkonu sína háða verkjalyfinu Oxycotin sem varð þess valdandi að hún féll í baðkar og tognaði. Jameson hefur ekki tjáð sig um ásakanir eiginmannsins en fór þess í stað í blóðprufu sem leiddi í ljós að hún hafði ekki neytt neinna lyfja síðustu fimm dagana.**

**Vinkona Jameson sagðist áður hafa orðið vitni að því að Ortiz legði á hana hendur og því komi árásin ekki á óvart. Jameson hyggst kæra Ortiz fyrir heimilisofbeldi.**

## Segist líkjast Lil Wayne

**Í nýlegu viðtali við tímaritið Women's Health segist leikarinn Ryan Phillippe búa yfir leyndum hæfileika því hann geti rappað afskaplega vel. „Ég rappa mjög vel. Ég hljóma svolítið eins og Lil Wayne eða Ludacris. Mér er fúlasta alvara, ég er mjög góður," sagði leikarinn. Í sama viðtali er hann spurður hvað það sé sem hann leiti að í fari konu. „Gerið eitthvað, hvað sem er, til að fá mig til að hlæja. Ef kona er fyndin mun það skilja eftir sig spor. Ég hef gaman af svörtum húmor."**

**ÓKEYPIS MYNDASÖGUR** Frá Ókeypis myndasögudeginum árið 2008. Fjöldi myndasagna verður gefinn hjá Nexus á laugardaginn.

## Búast við biðröðum

„Við búumst við biðröðum eins og síðustu ár. Þær hafa yfirleitt verið út planið og jafnvel út á götu," segir Þórhallur Björgvinsson, umsjónarmaður myndasagna hjá Nexus.

Verslunin, ásamt þúsundum myndasagnaverslana um allan heim, ætlar að gefa sérútgefin myndasögublöð frá ýmsum útgefendum á laugardaginn. Yfir tvær milljónir blaða verða gefnar víða um heim og er þetta í áttunda sinn sem þessi dagur, Free Comic Book Day, er haldinn.

Viðburðurinn hjá Nexus hefst klukkan 13 og verða blöðin gefin á meðan birgðir endast. Að sögn Þórhalls mættu á bilinu 1200 til 1500 manns í verslunina í fyrra til að fá gefins myndasögur og voru blöð til handa öllum. „Við höfum náð að gefa hverjum og einum nokkur blöð. Við höfum ekki þurft að grípa til strangra takmarkana."

Flestir þeir sem eru í hlutastarfi í Nexus verða kallaðir út þennan dag. „Ætli það sé ekki einhver tugur sem við fáum í þetta. Það þarf að hafa hemil á liðinu og smá skipulagningu svo að það fari ekki allt í rugl," segir Þórhallur og bætir við: „Þetta hefur alltaf verið óskaplega gaman. Okkur finnst þetta ein skemmtilegasta leiðin til að kynna vörutegundir eða frásagnarform, að hreinlega gefa hlutina. Það er æðislegt ef einhver sem þekkir ekkert inn á myndasögur og þjáist af myndasöguólæsi kynnist forminu og sér eitthvað sem honum líkar." - fb

**HÉLT SIG HEIMA** Yesmine Olsson komst ekki til Englands að kynna matreiðslubók sína.

# Gosið stoppaði Yesmine

„Nei, ég komst ekki út á hátíðina. Mér þótti það mjög leiðinlegt en á sama tíma var þetta kannski ekki svo slæmt því ég gat slappað aðeins af og eytt tíma með fjölskyldunni," segir Yesmine Olsson sem átti að fara til London fyrr í mánuðinum til að kynna matreiðslubók sína, Framandi og freistandi – indversk og arabísk matreiðsla. Hún varð þó að hætta við ferðina þar sem allt flug til Englands lá niðri vegna ösku frá gosinu í Eyjafjallajökli. „Fólk frá nærliggjandi löndum komst land- og sjóleiðina, en líkt og ég þurftu margir að fresta komu sinni. Það er kannski bara eins gott að ég hafi ekki komist, ég veit ekki hversu vinsæll maður hefði verið í Englandi eftir allt sem á undan er gengið," segir hún og hlær.

Yesmine er um þessar mundir að kenna Bollywood-dansa í World Class auk þess sem hún heldur vinsæl matreiðslunámskeið í Turninum, en þar kennir hún Íslendingum að elda upp á indverskan máta. **- sm**

# John Cusak í twitter-stríði

**Líkt og margar aðrar stjörnur heldur leikarinn John Cusak úti Twitter-síðu þar sem hann tjáir skoðanir sínar á hinu og þessu. Cusak hefur þó ítrekað lent í hópi fólks sem skammar hann fyrir lélega stafsetningu. „Ég ákvað að loka fyrir þá aðila sem settu út á mig, en það virkaði ekki. Þau mættu þá bara aftur undir öðru nafni og létu eins og fúllynd tröll," sagði leikarinn. „Nú er ég kominn með taktík, nú skrifa ég eins vitlaust og ég mögulega get til að pirra þau enn meira."**

**Í STRÍÐ** John Cusak á í stríði við fólk sem leiðréttir stafsetningu hans á Netinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Áhugamálið tengist vinnunni

Björn Árnason opnar ljósmyndasýningu í Sjoppunni við Bankastræti 14 á laugardag. Þetta er önnur einkasýning Björns en áður hélt hann sýningu í Gallerí Gel fyrir tveimur árum.

„Ég mun sýna tíu ljósmyndir sem teknar voru í fyrra. Þetta eru einhverjar landslagsmyndir í bland við annað. Ég mynda helst bara það sem ég rek augun í hverju sinni, sama hvert myndefnið er, það verða þó engar gosmyndir á sýningunni," segir Björn. Aðspurður segir hann áhuga sinn á ljósmyndun hafa orðið til er hann hóf störf við ljósmyndavöruverslun fyrir fimm árum. „Á mínum yngri árum var ég í götulist og teiknaði einnig mikið. Ég hafði einhvern áhuga á ljósmyndun en sá áhugi jókst þegar ég fór að vinna í ljósmyndavöruverslun og komst í almennilegar græjur."

Björn hefur einnig myndað hljómsveitir á borð við Mínus og Esju við tónleikahald en þykir persónulega skemmtilegra að taka listrænar ljósmyndir. Opnun sýningarinnar er klukkan 18.00. **-sm**

**ÁHUGAMAÐUR** Björn Árnason heldur ljósmyndasýningu í Sjoppunni við Bankastræti á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SANYL
ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| CRAZY HEART ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS | | |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FOOD INC. | kl. 6 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 6 enskt tal | 12 |
| UN PROPHÈTE | kl. 10 enskur texti | 16 |
| RUDY Y CURSI | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| MOON | kl. 6 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| TRASH HUMPERS | kl. 10.15 íslenskur texti | 18 |
| THE LAST STATION | kl. 8 enskt tal | L |
| THE LIVING MATRIX | kl. 8 íslenskur texti | L |
| THE MESSENGER | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| UNTIL THE LIGHT TAKES US | kl. 10.15 enskt tal | 14 |

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 (POWER) | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| DATE NIGHT | 6 og 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 10 | 12 |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 3.40 | L |



**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 3D - 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 12 |
| TEMJA DREKANN 3D M/ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 1(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:40 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 3:20 - 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ísl. Tali | kl. 3:50 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali | kl. 6(3D) | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ASTROBOY | kl 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10 | 14 |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ísl. Tali | kl. 6 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU


# Gildran fagnar stórafmæli

**Hljómsveitin Gildran úr Mosfellsbæ heldur upp á þrjátíu ára afmæli sitt með tónleikum í Hlégarði á laugardaginn. Sveitin gaf á sínum tíma út sex plötur en lagðist í dvala þegar sú síðasta kom út árið 1997.**

**GILDRAN ÁRIÐ 2010** Hljómsveitin Gildran ætlar að spila öll sín bestu lög á afmælistónleikunum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það kom í raun aldrei annað til greina en að gera þetta hérna heima. Við erum ákaflega spenntir fyrir þessum tónleikum," segir Karl Tómasson, trymbill Gildrunnar og forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ. „Við erum búnir að fá sterk viðbrögð og þetta verða skemmtilegir tónleikar, ég get lofað því. Æfingar hafa gengið eins og í sögu og það er líka svo gaman að hittast. Það er alltaf mikið hlegið," segir Karl. Undanfarin ár hefur hann verið á kafi í stjórnmálunum. Á sama tíma hefur Þórhallur Árnason bassaleikari starfað sem lögregluvarðstjóri á Eskifirði, Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari unnið hjá Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Birgir Haraldsson söngvari starfað sem verkstjóri hjá Ístex. Það er því ekki á hverjum degi sem þeir félagar geta hist til að rifja upp gamla tíma.

„Um leið og við ákváðum að koma saman að nýju og halda upp á þetta þrjátíu ára samstarf ákváðum við líka að taka upp nýtt lag," segir Karl og á þar við Blátt, blátt sem er komið í spilun á Rás 2. Lagið er eftir Birgi söngvara en textinn eftir Vigdísi Grímsdóttur skáld. Þetta er fyrsti dægurlagatextinn sem Vigdís semur. „Það var frábært að vinna með henni, við erum afskaplega þakklátir fyrir það. Þetta var hugmynd sem dúkkaði upp hjá okkur, bara vegna aðdáunar okkar á henni sem rithöfundi." Lagið var það fyrsta sem var tekið upp í hinu glænýja hljóðveri Protime. Eigandi þess er Nikulás Róbertsson sem hefur leikið á hljómborð með Paradís og Start.

Karl útilokar ekki að fleiri Gildru-lög séu væntanleg, sem ætti að kæta fjölmarga aðdáendur sveitarinnar hér á landi. „Það er ekki hægt að neita því að svona endurfundir koma blóðinu svolítið á hreyfingu. Ég er alls ekkert frá því að við eigum eftir að koma út að minnsta kosti einni plötu áður en við segjum þetta gott."

**freyr@frettabladid.is**

# U2 á áhrifamestu plötuna

Achtung Baby, plata írsku hljómsveitarinnar U2 frá 1991, hefur verið valin áhrifamestu plata síðustu 25 ára í tímaritinu Spin. Starfsfólk tímaritsins valdi 125 áhrifamestu plöturnar til að fagna 25 ára afmæli þess.

Plata U2 sló við plötu Prince, Sign O' The Times, og The Queen is Dead eftir The Smiths. Nirvana og Radiohead tylltu sér í fjórða og fimmta sæti listans.

**BONO** Alltaf jafn vinsæll.

## 10 ÁHRIFAMESTU PLÖTURNAR

1. U2 - Achtung Baby
2. Prince - Sign O' The Times
3. The Smiths – The Queen Is Dead
4. Nirvana – Nevermind
5. Radiohead – OK Computer
6. Public Enemy - It Takes A Nation Of Millions To Hold Us Back
7. Guns N' Roses – Appetite For Destruction
8. PJ Harvey – Rid Of Me
9. Pavement – Slanted and Enchanted
10. Nine Inch Nails – The Downward Spiral



**ÓGLEYMANLEG** Achtung Baby frá 1991 er áhrifamesta plata síðustu 25 ára.

# BT Gleðilegt sumar!




OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í SKEIFUNNI

## FIFA WORLD CUP

Fylgir

11.999

## SONY PLAYSTATION 3

Komin aftur

69.999 120GB

79.999 250GB

## POTTPÉTT 52

2.499

Ný vara í BT

Drum Rocker Premium
Hágæða trommusett fyrir Rock Band 2
Virkar með PS2 og PS3
Mjög sterkbyggt
Innbyggður playstation stýripinni

## PS3 DUAL CHARGE

3.999
4.499

## STARFIGHTER STÝRIPINNI

2.999
3.499

## LOGIC 3 LEIKJASTÝRI

13.999

## DRUM ROCKER TROMMUSETT

59.999

LC40LE600

## SHARP LED 40"

Nýjasta tæknin
LED baklýsing

Full Screen LED baklýsing
Ultra Bright White LEDs
Full HD 1080p
X-GEN panell
MEGA CONTRAST

80.000kr verðlækkun

259.999 339.999

40"

## SINBO ÖRBYLGJUOFN

700W. 17L.
Afþýðingarkerfi
6 orkustillingar
Snúningsdiskur
Utanmál ofns:
Hxbxd:26,2x45,2x33,5

9.999

700 wött

Ótrúlegt verð

## SAMSUNG MP3 SPILARI

16GB flash minni
2.4" LCD skjár
FM útvarp
Allt að 50klst
Rafhlöðuending

29.999

## NIKON D3000 18-55mm VR

10.2 MP myndflaga - Nikon EXPEED
Mjög breytt ljósnæmissvið ISO 100-1600
Stjór og bjartur 3" LCD skjár (230.000 dílar)
Skarpur 11 svæða sjálfvirkur fókus
Tvöfalt rykhreinsikerfi
18-55mm linsa fylgir
Vegur 485 gr

Ótrúlegt verð

114.999 139.999

## ION FILMUSKANNI

FILM2SD

Skannar filmur og slides
Beint á tölvu eða á SD kort
5.0 MP upplausn

24.999

## VERBATIM 500GB 2.5" FLAKKARI

500GB diskur
USD 2.0
Vegur aðeins 170GR
Fáanlegur í mörgum litum

19.999
25.999

## PACKARD BELL EASYNOTE

TJ65

Intel Dual Core T4400 2.2GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6'' HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT

129.999

## ION USB DJ GRÆJA

Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir

24.999
29.999

## VERBATIM SJÓNVARPSFLAKKARI

Geggjað verð

Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG

500GB

24.999
29.999

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

## > Nær Valur loks að svara fyrir sig?

Úrslitarimma N1-deildar karla hefst í kvöld þegar Íslands- og bikarmeistarar Hauka taka á móti Valsmönnum. Það er vel við hæfi að þessi lið mætist í úrslitunum enda verið bestu lið tímabilsins og enduðu í fyrsta og öðru sæti deildarinnar. Þau mættust einnig í bikarúrslitaleiknum og þar höfðu Haukar betur. Haukar hafa reyndar tak á Valsmönnum því þessi sömu lið mættust einnig í úrslitunum í fyrra og þá unnu Haukar. Að vinna Val er því að komast upp í vana hjá Haukum. Svo er spurning hvað gerist í kvöld en leikur liðanna á Ásvöllum hefst klukkan 20.00.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HLYNUR BÆRINGSSON, FYRIRLIÐI SNÆFELLS:** LOKSINS ÍSLANDSMEISTARI EFTIR ÞRJÚ SILFUR OG LANGA BIÐ

# *Hefði ekki sofið fram á haust hefðum við tapað aftur*

Ef það var einhver sem átti það skilið að verða Íslandsmeistari í Keflavík í gær þá var það Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson sem kórónaði frábært tímabil og magnaða úrslitakeppni með enn einum stórleiknum í Keflavík í gær. Hlynur var með 21 stig, 15 fráköst og 6 stoðsendingar og fékk loksins að taka við þeim stóra.

„Ég held að þetta hafi verið ljúfara fyrir mig að vinna þetta loksins heldur en fyrir nokkurn annan mann," sagði Hlynur eftir leik. Liðinu mistókst að klára þetta heima en kom til Keflavíkur og rassskellti heimamenn. „Við ætluðum okkur þetta bara of mikið í síðasta leik. Ég hefði ekki sofið fram á haust ef við hefðum tapað þessu í enn eitt skiptið. Þetta er ofboðslegur léttir. Mér líður eins og ég hafi verið með fimm tonn á bakinu en náð að losa mig við þau," sagði Hlynur.

„Það hefði enginn búist við að við myndum vinna Keflavík svona stórt og ég veit ekki hvernig við fórum að þessu, ég verð bara að viðurkenna það. Þetta hlýtur samt að vera erfiðasta leið sem lið hefur farið að titlinum," sagði Hlynur.

„Það kaldhæðnislega við þetta er að við urðum bara að vinna út af einni ástæðu. Ég var að kaupa mér hús í Stykkishólmi sem er á Silfurgötu. Ég gat ekki átt heima þar með fjögur silfur á bakinu þannig að ég varð bara að vinna þetta. Það myndi líta svo illa út að fá fjögur silfur í röð og búa á Silfurgötu. Ég hefði þurft að flytja," sagði Hlynur

En hvað reið baggamuninn? „Ingi og menn eins og Pálmi og Jeb Ivey komu okkur yfir síðasta þröskuldinn. Þeir höfðu klárað þetta áður og höfðu ákveðna ró yfir sér," sagði Hlynur.

**SIGURKOSS** Snæfellingurinn Jón Ólafur Jónsson kyssir hér bikarinn eftirsótta í Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÞRAUTAGANGAN Á ENDA** Hlynur Bæringsson og félagar fögnuðu fyrsta Íslandsmeistaratitli Snæfells með stæl í Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Eitthvað sérstakt þurfti til

**Öll sagan var á móti Snæfelli í oddaleiknum gegn Keflavík í gær en félagið tryggði sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil með stæl. Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, gerði liðið að tvöföldum meisturum á sínu fyrsta ári.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfell tryggði sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins með því að slátra Keflavíkurliðinu með 36 stiga sigri, 105-69, á þeirra eigin heimavelli. Það var sameinað átak frá öllu liðinu sem sá til þess að Keflvíkingar voru aðeins áhorfendur af því þegar Hólmarar eignuðust sína fyrstu Íslandsmeistara.

„Við höfðum engan áhuga á þessari sögu. Ég las Fréttablaðið í morgun og las spá fimm spekinga sem spáðu allir Keflavík sigri. Við vorum ekki að spá í þessum hlutum ogýttum þessu öllu til hliðar. Við vorum bara að spá í því af hverju við vorum komnir á þennan stað.

Við fórum yfir það af hverju við værum komnir hingað og við sýndum það í leiknum," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells.

„Við spiluðum skelfilega og þetta var bara grín. Þetta er mjög svekkjandi þar sem það komu svo margir að horfa á okkur. Við töpuðum samt bara fyrir betra liðinu," sagði Keflvíkingurinn Hörður Axel Vilhjálmsson sem eins og fleiri var fjarri sínu besta. Það var bara einn maður sem mætti til leiks hjá liðinu í gær, Uruele Igbavboa, en Snæfellingar voru mættir allir sem einn.

Snæfellingar gáfu tóninn strax í byrjun, komust í 7-0 og 20-5, hittu úr 11 af fyrstu 12 skotunum sínum og voru komnir 20 stigum yfir (27-7) eftir aðeins rúmar 5 mínútna leik. Eftir það var ekkert annað inni í myndinni en að Snæfellsliðið ætlaði að endurskrifa körfuboltasöguna og það með stæl.

„Þetta var þvílík frammistaða og hjá öllu liðinu. Vörnin í byrjun var klikkuð og það voru allir leikmenn á tánum," sagði Ingi Þór. „Þetta var ótrúlegt sætt. Við erum búnir að brjóta alveg svakalega ísheilu. Við þurftum eitthvað sérstakt til að klára titilinn með því að fara erfiðustu leiðina sem hugsast gat," sagði Ingi Þór en ekkert lið hefur klárað titilinn eftir að hafa lent í 6. sæti í deildinni. Það voru ekki einu metin sem féllu í Toyota-höllinni í gær því þetta var sögulegur dagur og þá sérstaklega fyrir kappa eins og Hlyn Bæringsson, Sigurð Þorvaldsson og Jón Ólaf Jónsson sem eru búnir að bíða eftir þessum titli lengur en flestir. ooj@frettabladid.is

**INNILEGUR FÖGNUÐUR** Emil Þór Jóhannsson og Sigurður Þorvaldsson faðma hér bikarinn inni í klefa eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÓTRÚLEGT ÁR** Ingi Þór Steinþórsson vann báða stóru titlana á sínu fyrsta ári með Snæfelli og fékk flugferð að launum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ
ÚRSLIT - LEIKUR 1
KARLAR
Föstudagur
Ásvellir Haukar - Valur 20:00



KÍKTU Í
INTERSPORT
BÍLDSHÖFÐA Í DAG
Fáðu faglega ráðgjöf
um val á hlaupaskóm
og kynntu þér NIKE+
KAUPAUKI
MEÐ ÖLLUM NIKE HLAUPASKÓM
nikerunning.com

Atletico Madrid og Fulham mætast í úrslitum Evrópudeildar UEFA:

# Vonbrigðatímabil Liverpool fullkomnað

**FÓTBOLTI** Það varð endanlega ljóst í gærkvöld að Liverpool vinnur engan titil í ár en liðið féll úr leik í Evrópudeild UEFA gegn Atletico Madrid í gær. Spænska liðið fer því í úrslit þar sem það mætir Fulham.

Fyrri leik Liverpool og Atletico á Spáni lyktaði með 1-0 sigri Madrid en Liverpool jafnaði þá stöðu mínútu fyrir hlé í gær með marki Alberto Aquilani. Meira var ekki skorað í venjulegum leiktíma og því varð að framlengja.

Yossi Benayoun kom Liverpool í 2-0 á 95. mínútu en Diego Forlan skoraði útivallarmark fyrir Atletico sjö mínútum síðar og það mark dugði til þess að koma spænska liðinu í úrslit. Lokatölur 2-1.

Fulham kláraði HSV í dramatískum leik á Craven Cottage. Fyrri leik liðanna í Þýskalandi lyktaði með markalausu jafntefli og HSV stóð með pálmann í höndunum er Mladen Petric kom þeim yfir á 22. mínútu. Það þýddi að Fulham varð að skora tvisvar og halda markinu hreinu.

Afar illa gekk hjá Fulham að skora jöfnunarmarkið en Simon Davies braut ísinn 21 mínútu fyrir leikslok. Mark hans blés miklu lífi í leikmenn Fulham og aðeins sjö mínútum síðar skoraði Zoltan Gera annað mark enska liðsins.Það reyndist vera lokamark leiksins. - hbg

**BANEITRAÐUR** „Deadly" Diego Forlan, fyrrum leikmaður Man. Utd, afgreiddi Liverpool í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

OPNUM
KL. 10:00
1. MAÍ

# HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**UNITED**
**Örbylgjuofn** MWO9100
- 800w örbylgjuofn
- 5 stillingar
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

9.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa**
**Kaffivél** 645113
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 bollar
- Dropastoppari
- Litur: Svört

3.990kr
GOTT VERÐ

**UNITED**
**Ferðaútvarp** RCD6408
- Útvarp með geislaspilara
- Gamaldags kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

8.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa**
**Hraðsuðuketill**
645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus
- Litur: Hvítur

3.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa**
**Brauðrist**
643070
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofaná fyrir lítil brauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Litur: Hvítur

2.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa**
**Blandari**
246041
- 400w Blandari
- 1.5L Glerkanna
- 2 Hraðastillingar og púls
- Stainless stál Hnífar
- Innbyggður öryggisrofi
- Stærð: 36.85 x 19.5 x 17.5cm
- Litur: Hvítur

7.990kr
GOTT VERÐ

**UNITED**
**19" LCD sjónvarp með DVD spilara**
19DD91HD
- 16:9 breiðtjald • Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v • Upplausn: 1440x900 • Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms • Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi • Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

54.990kr
GOTT VERÐ

**UNITED**
**DVD ferðaspilari** DVP8077
- Fjölkerfa ferða DVD spilari
- 7" LCD skjár með LED baklýsingu
- Innbyggð Lithium hleðslurafhlaða með allt að 2ja tíma endingu
- 12v og 220v
- Styður DVD, DivX, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG
- Hægt að tengja við sjónvarp og hátalara/magnara
- Fjarstýring, kaplar og taska fylgja

19.990kr
GOTT VERÐ

KENWOOD
**Ryksuga** VC2790
- Lítil og nett ryksuga 1800w
- Hepa sía
- Notar Kenwood 4036 poka
- Litur: Rauður

9.990kr
GOTT VERÐ

Gildir til 6. maí á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 HAGKAUP
50 ára fyrir Íslendinga í 50 ár

> **Zach Braff**

„Ég á auðvelt með að sjá spaugilegu hliðarnar á öllu, jafnvel því sem er sorglegt. Í gegnum tíðina hef ég getað tekist á við stór áföll með húmorinn að vopni."

***Braff fer með aðalhlutverkið í myndinni The Ex sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ELSKAR AÐ HATA**

## *Jose Mourinho er maður augnabliksins*

Eitt. Ég skrifaði einu sinni pistil í miðju bankahruni að sjónvarpsþulurnar á RÚV væru eitt af fáum merkjum þess að landið væri ekki algjörlega farið til fjandans. Þær væru kletturinn í ólgandi hafi fjármálagjaldþrotsins. Sem betur fer ákvað útvarpsstjóri að láta þær ekki hverfa af skjánum fyrr en það byrjaði að rofa aðeins til í svartnættinu. Annars hefði sennilega orðið bylting í þjóðfélaginu ef útrásarvíkingar og sjónvarpsþulur hefðu horfið af sjónarsviðinu á einu bretti. Ég á samt örugglega eftir að sakna þess að vera boðið gott kvöld af manneskju. En þetta er bara nútíminn, hann byggist á andlitslausri tilveru.

Númer tvö. Jose Mourinho er maður augnabliksins. Hann er skemmtikraftur af guðs náð, kann þá list manna best að koma andstæðingum sínum úr jafnvægi þótt þeir myndu aldrei viðurkenna það opinberlega. „Draumur er hreinni en þráhyggja," sagði hann fyrir leik sinna manna í Inter á móti Barcelona. Manni færri stóðst ítalska liðið áhlaup byssumannanna frá Barcelona. Rétt er þó að hafa í huga að Inter er eins og Arsenal á góðum degi; það var enginn ítalskur leikmaður sem tók þátt í sigri liðsins á Nou Camp. Hlaup Mourinho um grænar grundir Katalóníu er sennilega eitt eftirminnilegasta augnablikið í sögu Meistaradeildarinnar. Ef undanskilinn er spretturinn á Old Trafford.



Númer þrjú. Ég hef ekki hlegið lengi yfir einhverju í sjónvarpinu. En ég stóðst ekki mátið um síðustu helgi og skellti upp úr þegar ég sá sjónvarpsdagskrána. Ég hef sjaldan eða aldrei orðið vitni að jafn lélegu sjónvarpsefni. Þá sérstaklega á RÚV. Þeir hefðu alveg eins getað endursýnt alla þætti Army Wives. Sem er sennilega versti þáttur allra tíma.

## FÖSTUDAGUR

▶ **19.20 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2

▶ **20.00 The Ex** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.15 Valur - Haukar, beint** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.35 Rules of Engagement** SKJÁR EINN

▶ **21.50 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**15.55 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (9:26)
**17.35 Gæludýr úr geimnum** (23:26)
**18.00 Leó** (6:52)
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Galdrakrakkar** (Disney Wizards of Waverly Place) (10:13) Bandarísk þáttaröð um göldrótt systkini í New York. Aðalhlutverk: Selena Gomez, David Henrie, Jake T. Austin, Maria Canals-Barrera, David DeLuise og Jennifer Stone.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Vals og Hauka í úrslitakeppni karla í handbolta.
**21.45 Wallander - Leyndarmálið** (Wallander: Hemligheten) Sænsk sakamálamynd frá 2006 þar sem Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður glímir við erfitt sakamál. Aðalhlutverk: Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace.
**23.20 Skepnan** (Primeval) Bandarísk bíómynd frá 2007. Hópur fólks sem er sent til Búrúndí að fanga risakrókódíl lendir í útistöðum við stríðsherra. Aðalhlutverk: Dominic Purcell, Brooke Langton, Orlando Jones og Jürgen Prochnow.
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Yours, Mine and Ours**
**10.00 The Pursuit of Happyness**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 Yours, Mine and Ours**
**16.00 The Pursuit of Happyness**
**18.00 The Sandlot 3**
▶**20.00 The Ex** Rómantísk gamanmynd um mann sem þiggur starf hjá tengdaföður sínum þegar kærastan á von á barni. Aðalhlutverk: Zach Braff, Jason Bateman og Amanda Peet.
**22.00 Pathfinder**
**00.00 The Invasion**
**02.00 Little Fish**
**04.00 Pathfinder**
**06.00 Slumdog Millionaire**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Elías og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Amne$ia** (6:8)
**11.00 Mercy** (3:22)
**11.50 Chuck** (11:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wildfire**
**13.55 La Fea Más Bella** (162:300)
**14.40 La Fea Más Bella** (163:300)
**15.25 Ríkið** (8:10)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum.
**17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu.
**17.58 The Simpsons** (19:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan af busluganginum botnlausa. Ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist.
**20.50 The Power of One** Skemmtiþáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers tekur upp á ýmsu.
**21.20 Steindinn okkar** Nýr sketstaþáttur með Steinda Jr. og félögum.
**21.50 Naked Gun 2½: The Smell of Fear** Leslie Nielsen snýr aftur í framhaldsmynd um hinn nautheimska en lygilega lánsama Frank Drebin lögregluvarðstjóra.
**23.15 An American Haunting** Hrollvekja byggð á sönnum atburðum. Aðalhlutverk: Donald Sutherland og Sissy Spacek.
**00.45 The Covenant**
**02.20 Flatliners**
**04.10 Batman & Robin**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**15.55 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik Madrid í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**17.35 Zurich Classic Of New Orleans** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.30 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**18.55 AJ Auxerre - Marseille** Bein útsending frá leik í franska boltanum
**21.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**22.00 Ultimate Fighter - Sería 10** Sýnt frá Ultimate Fighter þar sem margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks.
**22.50 24/7 Mayweather - Mosley** Hitað upp fyrir bardagann.
**23.20 24/7 Mayweather - Mosley**
**23.50 24/7 Mayweather - Mosley**
**00.20 World Series of Poker 2009**
**01.10 Miami - Boston** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA-deildarinnar.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 West Ham - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Bolton - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994**
**22.20 PL Classic Matches: Man United - Ipswich. 1994**
**22.50 Premier League Preview 2009/10**
**23.20 Wolves - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (14:17) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (14:17) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dr. Phil**
**17.50 Með öngulinn í rassinum** (e)
**18.20 One Tree Hill** (17:22) (e)
**19.00 I´m A Celebrity... Get Me Out Of Here** (11:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þrauka í miðjum frumskógi og leysa skemmtilegar þrautir.
**19.45 King of Queens** (1:24) (e)
**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (13:14)
▶**20.35 Rules of Engagement** (11:13) Jeff og Audrey bjóða vini sínum að búa hjá sér eftir að þau komast að því að hann er að skilja við konuna sína.
**21.00 Biggest Loser - NÝTT** (1:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.
**21.45 Parks & Recreation** (6:6) (e)
**22.10 Leverage** (14:15) (e)
**22.55 Life** (2:21) (e)
**23.45 Saturday Night Live** (16:24) (e)
**00.35 King of Queens** (1:24) (e)
**01.00 Big Game** (2:8)
**02.40 Worlds Most Amazing Videos** (e)
**03.25 Girlfriends** (12:22) (e)
**03.45 Jay Leno** (e)
**04.30 Jay Leno** (e)
**05.10 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur í umsjón Ólafs Más og Brynjars Geirssonar.
**21.30 Grínland** Íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ARINELDSTÆÐI Á
**50% AFSLÆTTI**

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA ARINELDSTÆÐUM Á GÓÐU VERÐI

**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM**

Allar RúmGott dýnur eru svæðaskiptar heilsudýnar og valdar með tilliti til legugreiningar

**CLASSIC** RAFSTILLANLEG HJÓNARÚM
160X200 CM. **KR. 359.820,-**

**DRAUMEY** HJÓNARÚM
160X200 CM. **KR. 149.170,-**

**DÖGUN** HJÓNARÚM
160X200 CM. **KR. 203.351,-**

**SÉRSMÍÐUM**
RÚM OG DÝNUR FYRIR SUMARHÚS OG HEIMILI.

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**
Í 60 ÁR.

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

RúmGott
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.20

### Steindinn okkar

Nýr sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Í þættinum nýtur hann stuðnings þjóðþekktra einstaklinga sem hafa getið sér gott orð í gríninu en einnig mun koma fram fólk sem er þekkt fyrir allt aðra hluti en það að leika og grínast. Athugið að þátturinn er ekki fyrir viðkvæma.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Biggest Loser

### Skjár einn kl. 21.00

The Biggest Loser er vinsæl raunveruleikasería þar sem fólk keppist við að minnka mittismálið. Átján manns hefja leikinn og með aðstoð einkaþjálfara reyna að missa sem flest kíló. Með líkamsrækt, hollu mataræði og viljann að vopni má komast langt en oft getur líka verið erfitt að standast freistingarnar sem bíða keppenda handan við hornið.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og glóríur
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þau völdu Ísland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Lois and Clark: The New Adventure** (10:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet milli þess sem hann bjargar málum sem Ofurmennið.

**18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir þá sem vilja vera með á nótunum og kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Lois and Clark: The New Adventure** (10:21)

**20.30 Daily Show: Global Edition**

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**▶21.50 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.

**22.20 NCIS** (17:25) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**23.05 Southland** (5:7) Lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð.

**23.50 The Fixer** (3:6)

**00.40 Auddi og Sveppi**

**01.10 Steindinn okkar**

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** The Weakest Link **13.40** Hotel Babylon **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Only Fools and Horses **15.35** Only Fools and Horses **16.05** Doctor Who **16.50** The Weakest Link **17.35** My Family **18.05** The Catherine Tate Show **18.35** No Heroics **19.00** The Smoking Room **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.55** Little Britain **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** Keeping Up Appearances **21.45** Keeping Up Appearances **22.15** Monarch of the Glen **23.05** The Jonathan Ross Show **23.55** The Smoking Room

## DR 1

**13.15** Next Karate Kid **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Kurt - En ukendt helt **15.35** Amalie **15.50** Snuttefilm **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Anders og Peter Lund Madsens show **19.00** TV Avisen **19.15** Storbyens små mirakler **20.55** Gæt, hvem der ligger under sengen **22.30** Tornado

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Lyngbo og Hærlands Big Bang **18.55** Nytt på nytt **19.30** Kalde spor **21.10** Kveldsnytt **21.25** En velutstyrt mann **21.55** En artisthimmel full av stjerner **22.55** Takk Gud, det er fredag! **23.15** Desken **23.45** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.15** Landet runt **13.00** Mitt i naturen **13.30** Landgång **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Inför Eurovision Song Contest 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Det våras för Valborg **20.00** Mamma, pappa, barn **21.40** Att stå utanför och se in... **22.10** Millennium. Luftslottet som sprängdes **23.40** Epitafios - besatt av hämnd




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN

*„Síðan Skjár einn lokaði hurfu margir af mínum uppáhalds tímaþjófum af skjánum. En ég held enn í vonina um að gömlu Sherlock Holmes- eða Muppet Show-þættirnir verði endursýndir á RÚV. Þangað til reyni ég að njóta sjónvarpslausa tímans í botn.“*

Þorvaldur H. Gröndal, tónlistarmaður og háskólanemi.

# Óvænt niðurgreiðsla skýrslunnar

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er rannsóknarskýrslan mest selda ritið á Íslandi í dag. Óneitanlega er hins vegar komin svolítið sérstök staða upp á bókamarkaðinum. Rannsóknarskýrslan er gefin út af Alþingi sem er auðvitað ekki bókaútgefandi en hins vegar eru þess mýmörg dæmi að fólk noti bókaávísunina sem heimili landsins fengu senda frá Félagi bókaútgefenda og bóksala í þessari viku til að kaupa skýrsluna. Þannig að bókaútgefendur og bóksalar eru farnir að niðurgreiða skýrsluna sem gefin er út af aðila sem tilheyrir hvorugu félaganna.

Kristján Bjarki Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda, segir þetta auðvitað svolítið íróníst. Og þótt hann hafi heyrt frá mönnum í bókabransanum að kannski ætti að breyta reglunum þá sé ekkert við þessu að gera. „Auðvitað er ekkert launungarmál að þetta átak er gert til að örva bóksölu, en þetta er bara algjör tilviljun og ekkert sem við getum gert í,“ segir Kristján. Hluta af fjárhæðinni sem kemur inn með ávísuninni er síðan varið í styrk fyrir bókasöfn í grunnskólum sem mörg hver eru fjársvelt og geta ekkert keypt af nýlegum bókum. „Við viljum auðvitað koma í veg fyrir að það myndist þarna fimm ára gat í bókum. Þannig að hið opinbera er í raun að styrkja bókasöfn án þess að vita af því,“ útskýrir Kristján Bjarki. Hann segist ekki vita í hversu mörgum eintökum skýrslan hafi selst en það ku þó vera nokkur þúsund stykki.

- fgg

**SÉRSTÖK STAÐA** Þúsund króna niðurgreiðsla frá bóksölum og bókaútgefendum er notuð til að kaupa Rannsóknarskýrsluna þótt útgefandi hennar, Alþingi Íslands, sé ekki meðlimur í þeim hópum.



**LÁRÉTT**
**2.** andaðist, **6.** komast, **8.** jarðsprunga, **9.** egna, **11.** rykkorn, **12.** brotthlaup, **14.** glingur, **16.** sjó, **17.** gapa, **18.** strá, **20.** hreyfing, **21.** heila.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hvæs, **3.** persónufornafn, **4.** rándýr, **5.** lítill sopi, **7.** vinsæll, **10.** rölt, **13.** heyskaparamboð, **15.** komst, **16.** sigti, **19.** verkfæri.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lést, **6.** ná, **8.** gjá, **9.** æsa, **11.** ar, **12.** strok, **14.** skran, **16.** sæ, **17.** fíá, **18.** íla, **20.** ið, **21.** alla.
**LÓÐRÉTT: 1.** hæs, **3.** ég, **4.** sjakali, **5.** tár, **7.** ástsæll, **10.** ark, **13.** orf, **15.** náði, **16.** sía, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

**1** Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

**2** Um 21,8 prósent.

**3** Þær eru mæðgur.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

JÚLÍ HEIÐAR: GRÓFIR TEXTAR Í SAMRÆMI VIÐ ERLENDA POPPARA

# Vaktaður af lögreglu og barnaverndaryfirvöldum

„Ég var alls ekki sáttur við þetta og fannst þetta einum of mikið af hinu góða,“ segir poppstjarnan Júlí Heiðar sem var vaktaður af lögreglu og barnaverndaryfirvöldum á tónleikum hans á Apótekinu í febrúar. Tónleikarnir voru aldursskiptir og voru fulltrúarnir viðstaddir tónleikana fyrir yngstu aðdáendurna. Að sögn Gunnars Traustasonar, eiganda Apóteksins, var þetta algjört frumskilyrði fyrir því að umræddir tónleikar yrðu haldnir og að Júlí myndi ekki flytja sinn þekktasta slagara, Blautt dansgólf, með upprunalegum texta. Að sögn Gunnars höfðu nokkrir foreldrar haft samband og lýst yfir áhyggjum sínum að lög og textar Júlí gætu sært blygðunarkennd yngstu tónleikagestanna.

Júlí Heiðar sagði í samtali við Fréttablaðið að honum þætti þetta fulllangt gengið. „Ég hef enda ekki lent í þessu aftur. Ég var alls ekki sáttur við þetta, það er ekkert klám í gangi heldur eru þetta bara textar sem síðan eru spilaðir í útvarpinu,“ útskýrir Júlí. Hann segist sjálfur vera fyllilega meðvitaður um að textarnir sem hann syngur séu grófir. „Enda tók ég mér smá umhugsunarfrest áður en ég söng þessi lög. Þetta var upphaflega hugsað sem eitthvert grín og þá á kostnað allra þessara erlendu laga sem innihalda svipað orðfæri. Ég nefni til dæmis Rude Boy með Rihönnu því ef maður spáir aðeins í þann texta þá er hann ótrúlega grófur. Textarnir sem ég syng eru því bara í samræmi við þá hefð,“ segir Júlí Heiðar.

Þótt engin plata með Júlí Heiðari hafi litið dagsins ljós þá nýtur söngvarinn feikilegra vinsælda á Netinu en yfir sextíu þúsund hafa hlustað á hið umdeilda lag Blautt dansgólf á sjónvarpsvefnum YouTube. Söngvarinn hefur hins vegar brugðist við gagnrýni á textana og þegar hann spilar til að mynda í félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu er gerð sú krafa að öllu klúru orðbragði sé sleppt. „Ég er því búinn að semja nýjan texta við þessi lög og það er ekkert mál fyrir mig,“ segir Júlí.

Söngvarinn var hluti af siguratriði Borgarholtsskóla í Söngkeppni framhaldsskólanna. Og hefur haft nóg fyrir stafni. „Þetta hefur gengið alveg ljómandi vel, það er ótrúlega mikið í gangi. Ég er að fara að spila úti um allt land í sumar og hugsanlega verður farið að vinna í plötu í ágúst sem síðan kemur vonandi út í október,“ segir Júlí.

freyrgigja@frettabladid.is

**MEÐVITUÐ POPPSTJARNA** Júlí Heiðar er fyllilega meðvitaður um grófa texta í lögum sínum og breytir þeim þegar hann syngur fyrir yngstu kynslóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Heimildarmynd Profilm um gosið í **Eyjafjallajökli** var frumsýnd á besta tíma á National Geographic í gærkvöldi. Þetta er fyrsta heimildarmyndin um þetta áhrifamesta eldgos seinni tíma sem lamaði allt flug í Evrópu. Myndefnið var allt sent út til Bandaríkjanna þar sem starfsmenn National Geographic og fulltrúar Profilm settu myndina saman enda lá forsvarsmönnum stöðvarinnar mikið á að fá hana strax til sýningar.

Önnur íslensk heimildarmynd, Feathered Cocaine, hefur vakið mikla athygli á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York. Myndin fær lofsamlega umsögn á bloggsíðu NBC-sjónvarpsstöðvarinnar í New York þar sem leikstjórarnir **Þorkell Harðarson** og **Örn Marinó Arnarsson** eru sagðir færa áhorfendum kraftmikla og áhrifaríka heimildarmynd sem komi sterklega til greina í flokknum besta heimildarmyndin.

Og frá því er greint í erlendum vefmiðlum að til standi að gera framhaldsmynd eftir Journey to the Center of the World sem skaut Anitu Briem upp á stjörnuhimininn. Vefmiðlar segja lykilatriði að leikstjóri fyrstu myndarinnar og **Brendan Fraser** nái að samræma dagskrána en hins vegar er hvergi minnst á að Anita endurtaki hlutverk sitt sem leiðsögukonan Hannah. - fgg

# Rod Stewart-aðdáendur í hár saman

„Það þýðir engan veginn að segjast hafa stofnað klúbb einhvern tíma. Það eru milljón klúbbar stofnaðir úti um allt á hverjum degi. Yfirleitt er það í gríni tveggja félaga. Er það þá orðið klúbbur? Er það þá opinbert? Eða verður kannski aðeins að kafa dýpra ofan í þetta, skoða þetta betur?“ spyr Birgir Ísleifur Gunnarsson, einn af þremur stofnmeðlimum Rod Stewart-aðdáendaklúbbsins In Rod We Trust.

Fréttablaðið sagði frá stofnun In Rod We Trust á þriðjudag. Söngvarinn Daníel Ágúst Haraldsson sagði hann, Birgi og Krumma Björgvinsson hafa stofnað *fyrsta* aðdáendaklúbb Rod Stewart á Íslandi. Fréttin fór fyrir brjóstið á útvarpsmanninum Andra Frey Viðarssyni, sem stofnaði klúbbinn Rodway ásamt tveimur öðrum fyrir ári síðan. Þá fullyrti hann að meðlimir In Rod We Trust væru vitlausir.

Birgir ítrekar að In Rod We Trust sé fyrsti skráði Rod Stewart-aðdáendaklúbbur landsins. „Það þarf í fyrsta lagi að skrá klúbbinn, sem við höfum að sjálfsögðu gert,“ segir Birgir ákveðinn. „Svo þarf að kynna klúbbinn opinberlega og óska eftir félagsmönnum. Sem við höfum einnig gert. Í rauninni er ekki hægt að setja út á þetta sem við vorum að gera.“

Fjölmargir hafa sótt um inngöngu í In Rod We Trust eftir að fréttin birtist og Birgir segir þá félaga hafa ýmislegt á prjónunum; erlent samstarf, heimasíða og póstlisti er þar á meðal. „Við erum allir miklir aðdáendur Andra,“ segir hann, „en ég held að þetta hafi verið lúmsk beiðni frá honum. Ætli hann hafi ekki búist við því að við myndum þagga málið niður með því að bjóða honum í klúbbinn.“

- afb

**AÐDÁENDUR DEILA** Birgir Ísleifur, Daníel Ágúst og Krummi ítreka að þeirra klúbbur sé fyrsti skráði aðdáendaklúbbur Rod Stewart á Íslandi. Andri Freyr var á öðru máli í Fréttablaðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

## - aðeins í 4 daga!

Golfpeysur, golfbolir, Super Stretch peysur, Soft shell jakkar ásamt mörgu öðru fyrir golfara og útivistarfólk.

| Verðdæmi: | Verð frá |
|---|---|
| Barnaúlpa | **5.900-** |
| Barnaflíspeysa | **3.900-** |
| Barnaregnjakki | **4.900-** |
| Barnaregnbuxur | **2.900-** |
| Barnasnjógallar | **5.900-** |
| 3 laga útivistarjakki | **12.900-** |
| 3 laga útivistarbuxur | **18.900-** |
| Golf regnjakkar | **9.900-** |
| Golf regnbuxur | **9.900-** |
| Regnheldir útivistarjakkar | **6.900-** |
| Regnheldar útivistarbuxur | **4.900-** |
| Gönguskór | **14.990-** |

| OPNUNARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| **Föstudag** | **30. april** | **kl. 12-19** |
| **Laugardag** | **1. maí** | **kl. 10-18** |
| **Sunnudag** | **2. maí** | **kl. 11-18** |
| **Mánudag** | **3. maí** | **kl. 12-18** |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO·ON ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hetjur í auglýsingu

Knattspyrnuhetjurnar **Björgólfur Takefusa**, Ingólfur Þórarinsson og Gunnleifur Gunnleifsson eru meðal þeirra sem taka þátt í nýrri auglýsingaherferð fyrir Pepsi-deild karla sem hefst 10. maí. Leikstjóri auglýsingarinnar er Hannes Þór Halldórsson, sá og hinn sami og gerði Atvinnumennirnir okkar með Auðun Blöndal fremstan í flokki.

### Góðlátlegt grín

Auglýsingarnar sem hafa verið keyrðar fyrir síðustu mót hafa verið á dramatískum nótum en að þessu sinni er grínið keyrt í botn með aðstoð þeirra Tómasar Inga Tómassonar og Magnúsar Gylfasonar sem hafa verið sérlegir álitsgjafar Stöðvar 2 Sport. Meðal þess sem sést er hvar Björgólfur er gripinn glóðvolgur við hamborgaraát og **Ingólfur** hreykir sér af eigin frammistöðu við vini sína en er síðan skotinn niður af þeim Tómasi og Magnúsi í þættinum góða. **- fgg**

### Fjölmiðlarýnir ruglast

**Andrés Magnússon** er með gleggstu fjölmiðlamönnum og einkum er hann naskur við að þefa uppi það sem betur mætti fara í vinnubrögðum annarra fjölmiðlamanna. Um það ritar hann mikla pistla í Viðskiptablaðið vikulega. Eitthvað hefur fjölmiðlarýninum hins vegar fatast flugið í pistli sínum frá því í gær, þar sem hann segir aðalfund Blaðamannafélagsins afstaðinn. Það átti hins vegar ekki við rök að styðjast, enda fór fundurinn ekki fram fyrr en í gærkvöldi. Kannski Andrés taki þessa heimildavinnu sína til umfjöllunar í næsta pistli. **- sh**



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. „Heilli kynslóð stjórnmálamanna mútað"
2. Austurvöllur tyrfður
3. Ágreiningur um fréttamat: Sagði upp á Morgunblaðinu
4. Stakk 28 leikskólabörn
5. Útlendingar hafa áhuga á Smáralindinni

DAGUR & STEINI

# Tveir góðir hjá Nova!

Netið í símann
0 kr. í áskrift
150 MB/mán.
20 kr. í frelsi
5 MB/dag

0 kr. Nova í Nova!
1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

Bíókort, 6 x í bíó, fylgir Huawei U7510!

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Ódýrasti 3G snertisíminn hjá Nova!

**Huawei U7510**

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

**24.000 kr./stgr.**

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Ódýrasti 3G síminn hjá Nova!

**Huawei U1250**

Útborgun: 1.990 kr.
Afborgun: 1.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

**13.990 kr./stgr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!